# SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# ÁRSSKÝRSLA 2011-2012

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



**Fjögur meginmarkmið í starfi Samtaka atvinnulífsins**

- Að vera heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins.

- Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi atvinnulífsins og stuðla að samkeppnishæfum og arðsömum atvinnurekstri.

- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnurekenda að sameiginlegum hagsmunamálum.

- Að annast samskipti við stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt að leiðbeina aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál.

# SAMTÖK ATVINNULÍFSINS ÁRSSKÝRSLA 2011-2012

AÐALFUNDUR SA
18. APRÍL 2012

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

## EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS . . . . 3
1. kafli EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL . . . . 4
2. kafli KJARAMÁL OG SAMNINGAR . . . . 13
3. kafli STOFNANIR Á VINNUMARKAÐI . . . . 19
4. kafli SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA OG JAFNRÉTTISMÁL . . . 21
5. kafli LÍFEYRISMÁL . . . . 24
6. kafli UMHVERFISMÁL OG VINNUUMHVERFI . . . . 26
7. kafli SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD . . . . 28
8. kafli ERLEND SAMSKIPTI . . . . 30
9. kafli MENNTAMÁL . . . . 36
10. kafli ÚTGÁFA OG KYNNING . . . . 39
11. kafli REKSTUR SA, INNRA STARF OG SKIPULAG . . . . 50
12. kafli STJÓRNIR, NEFNDIR OG AÐILDARFÉLÖG SA . . . . 54
Skipurit Samtaka atvinnulífsins . . . . 58
Áritun óháðs endurskoðanda . . . . 59
Ársreikningur Samtaka atvinnulífsins 2011 . . . . 60
Ársreikningur Réttarverndarsjóðs SA . . . . 61
Ársreikningur Vinnudeilusjóðs SA . . . . 62

Ritstjórn og umsjón með ársskýrslu: Hörður Vilberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, SA, Birgir Ísleifur, Morgunblaðið o.fl.
Forsíða: EnnEmm
Hönnun, umbrot og prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja

# ÁVARP FORMANNS



**Vilmundur Jósefsson**
*formaður Samtaka atvinnulífsins*

## RJÚFUM KYRRSTÖÐUNA

Samtök atvinnulífsins hafa á liðnu starfsári lagt áherslu á að markvissum aðgerðum verði beitt til að koma atvinnulífinu á skrið. Nauðsynlegt er að mótuð verði efnahagsstefna til lengri tíma þar sem stöðugleiki, lág verðbólga, viðráðanlegt vaxtastig og raunhæft gengi eru lykilþættir. Afnám gjaldeyrishafta og trúverðug stefna í peningamálum ásamt því að stjórnvöld greiði fyrir fjárfestingu með öllum tiltækum ráðum eru einnig mikilvægir þættir til að hagvöxtur aukist, dragi úr atvinnuleysi og lífskjör batni.

## KJARASAMNINGAR 2011–2014

Í maíbyrjun 2011 undirrituðu SA kjarasamninga sem ætlað er að gilda til ársins 2014. Samningarnir eru með fyrirvara um þróun kaupmáttar, verðlags, gengis og um efndir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við samningana. Í janúar sl. fóru samningsaðilar yfir samningsforsendur og komust að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að hvorugur aðili myndi segja upp samningum þrátt fyrir vanefndir ríkisstjórnarinnar. Fjölmörg fyrirheit ríkisstjórnarinnar hefðu ekki verið efnd en veigamest væri að væntingar um auknar fjárfestingar og hagvöxt hefðu ekki gengið eftir. Næst mun reyna á forsendurnar í janúar 2013 þar sem auk vaxandi kaupmáttar er miðað við að verðbólga verði 2,5% á árinu 2012 og að gengi krónunnar hafi styrkst. Miðað er við gildið 190 á gengisvísitölunni en gengi krónunnar undir lok mars var 20% lægra en svo. Í ljósi þess og mikillar verðbólgu eru verulegar líkur á að heimild til uppsagnar kjarasamninga muni skapast í janúar 2013. Viðsemjendur SA geta þó vart búist við að þessi staða skapi svigrúm til aukinna launahækkana umfram það sem um var samið sl. vor.

Kjarasamningarnir voru atvinnulífinu dýrir. Áætlað var að heildarkostnaðurinn við samningana hafi numið 5% á árinu 2011 og rúmlega 13% á öllum samningstímanum. Kostnaðurinn var mun meiri fyrir þær atvinnugreinar sem greiddu laun nálægt gildandi kauptöxtum eins og í fiskvinnslu, iðnaði og verslun og þjónustu.

Vandi atvinnulífsins er sá að gert var ráð fyrir að aukin umsvif í hagkerfinu myndu létta undir með fyrirtækjunum að standa undir kostnaðarhækkunum. Það hefur ekki orðið og fjárfestingar eru til dæmis enn í algeru lágmarki og hættan er sú að hafið sé ferli víxlhækkana verðlags, launa og gengislækkana eins og minnugir þekkja vel.

## SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

Allt frá því núverandi ríkisstjórn var mynduð hafa Samtök atvinnulífsins reynt að fá hana til samstarfs um aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi, fjölga störfum og efla hagvöxt til að bæta lífskjörin í landinu. Sú saga hófst með stöðugleikasáttmálanum í júní 2009, frekari yfirlýsingum ríkisstjórnar undir lok þess árs og hélt svo áfram með yfirlýsingum um sátt í sjávarútvegsmálum. Þá gaf ríkisstjórnin út margra blaðsíðna yfirlýsingu í tengslum við kjarasamningana í maí. Þrátt fyrir fögur fyrirheit hefur ríkisstjórnin ekki staðið við orð sín heldur hefur hún með aðgerðum sínum skapað margvísleg vandræði fyrir fjölda fyrirtækja, dregið úr fjárfestingargetu atvinnulífsins, alið á tortryggni í garð fjármálafyrirtækja og verið í sérstakri linnulausri herferð gegn sjávarútvegsfyrirtækjunum og starfsmönnum þeirra.

Tilkynning SA síðastliðið haust um að samtökin myndu ekki eiga neitt frumkvæði að frekari samskiptum við ríkisstjórnina var því sjálfgefin.

## UPPFÆRUM ÍSLAND

SA hafa undanfarna mánuði haldið umræðufundi undir yfirskriftinni UPPFÆRUM ÍSLAND. Fjölmargir fulltrúar fyrirtækja, samtaka og skóla hafa meðal annars fjallað um nauðsyn þess að menntakerfið taki betur mið af þörfum atvinnulífsins og verði uppfært. Tillögur að umbótum í þeim efnum hafa verið gefnar út í sérstöku riti SA. Þessi mál eru síður en svo einskorðuð við Ísland heldur er hér um að ræða sameiginlegt áhugamál samtaka í atvinnulífinu í Evrópu. Kallað er eftir aukinni áherslu á tækni-, verkfræði- og raunvísindanám, séð verði til þess að gæði námsins verði aukin og að leitað verði eftir samráði við atvinnulífið. Það ætti einnig að vera á stefnuskrá stjórnvalda að auðvelda vísindamenntuðu starfsfólki erlendis frá að koma til starfa á Íslandi þar sem þörfin er brýn.

Tæknilegar framfarir eru mikilvægar fyrir hagvöxt. Á sviði vísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði hefur í gegnum tíðina orðið til þekking sem skilað hefur mikilli velmegun. Þegar horft er um öxl má benda á fjölmörg dæmi um nýjungar sem hafa nánast umbylt daglegu lífi okkar og breytt viðhorfum til margvíslegra viðfangsefna. Fjölmörg knýjandi verkefni bíða úrlausnar og nauðsynlegt að leita skynsamlegra leiða til að auka verulega framboð á hæfileikaríku og vel menntuðu starfsfólki sem nýtist atvinnulífinu í aukinni alþjóðlegri samkeppni.



# EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

## 1.1 ALÞJÓÐLEG EFNAHAGSMÁL

Horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum hafa farið versnandi undanfarið misseri, einkum vegna skuldavanda evruríkja og erfiðrar stöðu fjármálafyrirtækja víða um heim. Í lok janúar sl. spáði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn 3,3% hagvexti í heimsbúskapnum á þessu ári og 1,2% í þróuðum ríkjum og lækkaði spáin um 0,7% frá septemberspá sjóðsins. Nú býst sjóðurinn við 0,5% samdrætti á evrusvæðinu á þessu ári en hafði áður áætlað 1% vöxt. Ástæður versnandi horfa eru vaxtahækkanir á ríkisskuldabréfum, áhrif minnkandi útlána banka á efnahagslíf og aukið aðhald ríkisfjármála. Í september 2011 spáði sjóðurinn 2,5% hagvexti á Íslandi á þessu ári en hefur ekki endurskoðað hana síðan.

Í síðustu spá OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, í lok nóvember 2011, var gert ráð fyrir 1,6% hagvexti á þessu ári í aðildarríkjunum 35, 0,2% vexti í evruríkjunum og 3,4% vexti í heimsbúskapnum. Í júní 2011 gerði stofnunin ráð fyrir 2,8% hagvexti í aðildarríkjunum og 2,0% vexti í evruríkjunum, þannig að lækkun spárinnar var 1,2% fyrir öll ríkin og 1,8% fyrir evruríkin. Hagvaxtarspá OECD fyrir Ísland lækkaði um 0,5%, úr 2,9% í júní 2011 í 2,4% í nóvember.

Á meðfylgjandi súluriti sést að hagvöxtur á Íslandi var meiri árið 2011 en í evruríkjunum og þróuðum ríkjum (einkum BNA, V-Evrópu, Japan og Kanada) og þeirri þróun er spáð áfram á þessu ári, en vissulega var samdrátturinn mun meiri á Íslandi á árunum 2009–2010. Í ljósi mikilvægis evruríkjanna fyrir útflutningsatvinnuvegi Íslands, og efnahagssamdráttar í Evrópu á árinu, er þó hætt við því að hagvaxtarspár fyrir Ísland geti verið of háar. Samdráttur í okkar helstu viðskiptalöndum mun líklega leiða til minnkandi eftirspurnar eftir útflutningsvörum Íslendinga, hafa slæm áhrif á viðskiptakjör og draga úr áhuga erlendra fjárfesta á verkefnum hér á landi og vexti ferðaþjónustunnar.

## 1.2 HAGVÖXTUR OG RÆTUR HANS

Hagvöxtur á árinu 2011 var að mati Hagstofunnar 3,1% og er spáð 2,6% vexti á þessu ári. Seðlabankinn spáði 2,5% vexti á þessu ári í byrjun febrúar sl.

Hagvöxtur á síðasta ári var drifinn áfram af kröftugri aukningu einkaneyslu, en 2,1% af 3,1% hagvexti má rekja til aukningar hennar, sbr. meðfylgjandi mynd. 1,7% vaxtarins er rakið til aukinna fjárfestinga, einkum atvinnuvegafjárfestinga, en framlag utanríkisviðskipta og samneyslu til vaxtar var neikvætt. Neikvætt framlag utanríkisviðskipta stafar af því að útflutningur jókst minna en innflutningur. Svipað er uppi á teningnum samkvæmt spám Hagstofunnar og annarra spáaðila fyrir þetta ár, þ.e. að einkaneysla og fjárfestingar beri hagvöxtinn uppi en framlag utanríkisviðskipta og hins opinbera verði neikvætt.



Stóraukna einkaneyslu á síðasta ári má rekja til tímabundinna þátta á borð við útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar, sérstakar og tímabundnar vaxtaniðurgreiðslur, vaxtaendurgreiðslur banka og eingreiðslur kjarasamninga. Þessir tímabundnu þættir vógu þungt í aukinni kaupgetu heimilanna á árinu og þegar þeir ganga til baka dregur aftur úr neyslunni. Spár um aukningu einkaneyslu á þessu ári byggja því á því að kaupgeta heimila vaxi það mikið að hún standi bæði undir því að koma í stað hinna tímabundnu þátta og stuðli að enn aukinni neyslu.

**Hagvöxtur á Íslandi, í evru- og OECD-ríkjunum**




Heimild: OECD, nóvember 2011, Hagstofa mars 2012

**Hagvaxtarspá og framlag undirliða**




Heimild: Hagstofa Íslands, spá í mars 2012

**Viðskiptajöfnuður í % af VLF án áhrifa gömlu bankanna og Actavis**




Heimild: Seðlabanki Íslands, mars 2012



Spár um aukningu einkaneyslu á þessu ári byggja á því að störfum fjölgi umtalsvert og kaupmáttur aukist verulega, en til þess að það gerist þarf mikið launaskrið að eiga sér stað. Auk framangreindra þátta byggja spár um aukna neyslu á bættum efnahag heimilanna, minni skuldum og lægri raunvöxtum. Um þessar forsendur ríkir mikil óvissa sem endranær enda fá teikn um fjölgun starfa og fyrirséð að mikil verðbólga á árinu muni hratt gera að engu aukinn kaupmátt vegna umsaminna launahækkana kjarasamninga.

Spár Hagstofu og Seðlabanka um 19% auknar atvinnuvegafjárfestingar á þessu ári eftir 16% aukningu árið 2011 byggja að miklu leyti á endurnýjun fastafjármuna sem ekki felur í sér miklar breytingar á framleiðslugetu og fjölgun starfa. Þó fela auknar fjárfestingar í flugvélum í sér aukin umsvif í ferðaþjónustunni. Í spánum er ekki gert ráð fyrir auknum orku- eða stóriðjufjárfestingum.

## 1.3 MÆLDUR VIÐSKIPTAHALLI EN AFGANGUR Í RAUN

Á síðustu fjórum árunum fyrir efnahagshrunið var halli á viðskiptum Íslands við útlönd á bilinu 16-25% af landsframleiðslu. Halli af þessari stærðargráðu var mögulegur tímabundið vegna greiðs aðgangs að erlendum lánamörkuðum sem gerði fjármögnun hans mögulega. Þegar lokaðist fyrir aðgang að erlendum lánum á árinu 2008 hlaut slíkt ójafnvægi óhjákvæmilega að leiða til mikils falls krónunnar sem jafnframt varð til þess að innflutningur dróst mikið saman.

Mældur viðskiptahalli er enn mikill og hefur verið 7-8% af landsframleiðslu síðastliðin tvö ár. Mældur viðskiptahalli er þó ekki mælikvarði á jafnvægi í utanríkisviðskiptum því innifalið í honum eru reiknaðar tekjur og gjöld föllnu bankanna af lánum sem aldrei verða greidd og verða afskrifuð. Betri mælikvarði jafnvægis í utanríkisviðskiptum er viðskiptajöfnuður án föllnu bankanna. Sá jöfnuður sýnir halla á viðskiptajöfnuði á árunum 2009–2011 sem nemur 0,5-2% af landsframleiðslu, samkvæmt nýjustu tölum Seðlabankans um greiðslujöfnuð. Þetta er töluvert lakari þróun en áður hafði verið gert ráð fyrir. Enn betri mælikvarði á jöfnuð í viðskiptum Íslands við útlönd er að draga umfangsmikil fjármagnsviðskipti Actavis frá viðskiptahallanum því þau snerta í raun gjaldeyrisviðskipti til og frá landinu sáralítið. Þá kemur í ljós sú mynd að viðskiptajöfnuðurinn hafi verið jákvæður á síðasta ári um tæplega 2% af lands-

framleiðslu og gera áætlanir ráð fyrir 1,5% afgangi á þessu ári.

Þessi afgangur er þó ekki nægilegur til þess að standa undir afborgunum af lánum opinberra aðila og einkaaðila sem leitast við að lækka erlendar skuldir sínar. Þá mynda krónueignir erlendra aðila sem vilja skipta þeim í gjaldeyri viðvarandi þrýsting á krónuna. Í umhverfi gjaldeyrishafta þar sem útflytjendur skipta sem minnstum gjaldeyri sem þeir afla á gjaldeyrismarkaði, og leggja þá fremur inn á gjaldeyrisreikninga, og innflæði gjaldeyris vegna erlendra fjárfestinga er takmarkað myndast ójafnvægi á gjaldeyrismarkaðnum og gengi krónunnar liggur undir stöðugum þrýstingi til lækkunar.

Veltan á gjaldeyrismarkaðnum var 77 milljarðar króna á árinu 2011, 16 milljarðar árið 2010 og 47 milljarðar árið 2009. Þegar viðskiptin eru svona lítil þarf ekki mikil eftirspurn eftir gjaldeyri að myndast til að gengið lækki verulega. Til að setja þessar fjárhæðir í samhengi þá samsvara þær eins mánaðar veltu fyrir áratug og eins til fjögurra daga veltu á árunum 2006–2007.

## 1.4 STAÐA Á VINNUMARKAÐI

Á árinu 2011 voru að jafnaði 180.000 manns á vinnumarkaði samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar og fækkaði um 1.000 frá árinu 2010. Af þeim voru 167.300 starfandi og 12.700 í atvinnuleit. Fjöldi starfandi var óbreyttur á milli ára en starfandi í fullu starfi fjölgaði um 2.500 á kostnað starfandi í hlutastarfi. Einnig lengdist meðalvinnutími úr 39,5 í 40 stundir árið 2011, en árið 2010 mældist meðalvinnutími sá stysti frá upphafi mælinga Hagstofunnar árið 1991. Það er verulegt áhyggjuefni að þrátt fyrir 3,1% hagvöxt á árinu 2011 var fjöldi starfa óbreyttur frá árinu 2010. Skýringanna er að leita í sögulegu lágmarki fjárfestinga.

Hagstofan hóf mánaðarlega birtingu upplýsinga um vinnumarkaðinn í mars 2012, í stað ársfjórðungslegra áður. Í tölum fyrir febrúar 2012 kom fram að störfum hafði fjölgað um 100 frá sama mánuði 2011, en vinnutími dregist saman um hálfa klst. þannig að vinnumagn dróst saman um 1,2%. Störfum fjölgar því ekkert þrátt fyrir þann hagvöxt sem átt hefur sér stað.

Miðað við fjárfestingahorfur á næstu árum er ekki að vænta mikillar fjölgunar starfa. Vísbendingar meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins gefa ekki til kynna nein áform um fjölgun starfa. Þá er í nýlegri spá Seðlabankans gert ráð fyrir tiltölulega hægum vexti atvinnu næstu þrjú ár eða tæplega 1% að meðaltali á ári.

Ísland hefur lengi getað státað sig af háu atvinnustigi, en atvinnuleysi á Íslandi hefur sögulega séð verið með því minnsta í heiminum. Vinnuaflsframboð hefur hins vegar farið minnkandi frá árinu 2007 og mældist atvinnuþátttakan á fjórða fjórðungi síðasta árs 78,4% sem er hið lægsta frá því að framkvæmd ársfjórðungslegra vinnumarkaðskannana Hagstofunnar hófst árið 2003. Þátttökuhlutfallið mældist 80,4% á árinu 2011 í heild og lækkaði um tæpar þrjár prósentur frá árinu 2007. Atvinnuþátttaka karla hefur minnkað um tæpar fjórar prósentur á síðustu fjórum árum og kvenna um rúma eina og hálfa prósentu. Mest hefur dregið úr atvinnuþátttöku meðal ungs fólks, 16-24 ára, eða

**Fjöldi starfandi í fullu starfi og hlutastarfi**




Heimild: Hagstofa Íslands

**Atvinnuþátttaka – starfandi í hlutfalli við íbúa 16-74 ára**




Heimild: Hagstofa Íslands

**Fjöldi atvinnulausra og atvinnuleysi í % af vinnuafli**




**Fjöldi atvinnulausra í lok hvers mánaðar eftir lengd atvinnuleysis**




um 6 prósentur frá árinu 2007, en einungis um 1,6 prósentu hjá aldurshópnum 25-54 ára og um tæpa 1 prósentu hjá þeim sem eru 55 ára og eldri.

Hlutfallslegt atvinnuleysi skv. vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar var 7,1% árið 2011 og minnkaði úr 7,6% árið 2010. Til samanburðar nam hlutfallslegt atvinnuleysi 7,4% af áætluðum mannafla samkvæmt Vinnumálastofnun sem byggir á skráðu atvinnuleysi vegna réttar til atvinnuleysisbóta en Hagstofan byggir á úrtakskönnun. Fækkun atvinnulausra á aldrinum 16-24 ára er svipuð og fjölgun atvinnulausra 55 ára og eldri. Hins vegar fækkar atvinnulausum 25-54 ára um 1.000 á sama tíma og brottfluttum umfram innflutta á þessu aldursbili fjölgar um 1.180 talsins.

Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi muni dragast saman á fyrri hluta ársins og verði 6,3% að meðaltali í ár. Þannig fækkaði atvinnulausum nokkuð á fyrstu mánuðum ársins 2012 ólíkt venju síðustu ára sem skýrist einkum af tvennu. Annars vegar því að flestir þeirra ríflega 900 einstaklinga sem tóku þátt í námsátakinu „Nám er vinnandi vegur" halda áfram námi vormisserið 2012 og fóru því af atvinnuleysisskrá um síðustu áramót. Hins vegar rann út um síðustu áramót bráðabirgðaákvæði um minnkað starfshlutfall og í kjölfarið afskráðust um áramótin nálægt 500 manns sem höfðu fengið greiddar atvinnuleysisbætur með hlutastarfi.

Það veldur áhyggjum hve stór hluti atvinnulausra hefur verið án vinnu í langan tíma. Þótt atvinnulausum hafi fækkað á árinu 2011 þá fjölgaði þeim sem hafa verið án atvinnu lengur en eitt ár úr 4.517 í 4.651. Hlutfall langtímaatvinnulausra hefur þó lækkað lítilsháttar fyrstu mánuði ársins 2012. Í lok febrúar 2012 höfðu 48% atvinnulausra verið án vinnu í 6 mánuði eða lengur og 30% verið án vinnu lengur en eitt ár. Samsvarandi hlutföll í lok febrúar 2011 voru 52% og 32%. Að óbreyttu mun vaxandi hópur fólks fullnýta sinn rétt til atvinnuleysisbóta á næstu mánuðum og færast yfir á framfærslu sveitarfélaga.

Það er reynsla nágrannaþjóða okkar að fólki sem hefur verið lengi utan vinnumarkaðar reynist verulega erfitt að komast á vinnumarkað að nýju. Átakinu „Vinnandi vegur" sem samtök atvinnurekenda, sveitarfélög, stéttarfélög og ríkið standa að fram til loka maí nk. beinir sjónum sérstaklega að einstaklingum sem hafa verið án vinnu lengur en 12 mánuði. Þar gefast fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til að ráða fólk sem hefur verið án vinnu lengur en ár gegn endurgreiðslu sem jafngildir atvinnuleysisbótum auk 8% framlags í lífeyrissjóð í allt að 12 mánuði. Takist vel til með átakið má gera ráð fyrir fækkun atvinnulausra sem hafa verið lengi án vinnu.

## 1.5 ÖRYRKJUM FJÖLGAR

Í árslok 2011 voru örorkulífeyrisþegar 15.200 og fjölgaði um tæplega 500 milli ára. Auk þeirra voru endurhæfingarlífeyrisþegar um 1.100 þannig að örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar voru samtals 16.300. Áætlað er að fjöldi heilsársstarfa í atvinnulífinu hafi verið tæplega 161.000 þannig að fjöldi þessara lífeyrisþega nam 10% í hlutfalli við vinnumarkaðinn. Með öðrum orðum þá er einn örorku- og

endurhæfingarlífeyrisþegi á móti hverjum tíu á vinnumarkaði.

Nýir úrskurðir um 75% örorkumat (einnig nefnt nýgengi örorku) voru 1.105 á árinu 2011 sem er nokkur fækkun frá fyrra ári eins og sést á meðfylgjandi mynd. Við samanburð við árin 2008 og 2009 er fækkunin umtalsverð en fjöldi úrskurða var þó svipaður árin 2010–2011 og árin 2006–2007. Fækkun úrskurða um örorkumat undanfarin tvö ár hefur að hluta verið rakin til starfsemi VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs en til hans hafa leitað um 3.000 einstaklingar frá upphafi starfsemi sjóðsins árið 2009 og þar af hafa rúmlega 1.000 lokið þjónustu og 1.100 eru í reglulegum viðtölum. Erfitt er að gera sér grein fyrir hver þróunin hefði orðið án atbeina þeirrar þjónustu sem VIRK veitir en í ljósi erfiðleika í þjóðfélaginu og mikils atvinnuleysis hefði mátt búast við umtalsverðri fjölgun í nýjum örorkuúrskurðum á undangengnum árum sem ekki varð raunin.

Örorkutíðnin er meiri hjá konum en körlum og skiptist þannig að 60% örorkulífeyrisþega eru konur og 40% karlar. Örorkutíðnin fer mjög vaxandi með aldri. 8% landsmanna á aldrinum 18-66 ára eru öryrkjar, 10% kvenna og 6% karla, en tíðnin hjá elstu aldurshópunum á vinnumarkaðnum er mun hærri. Þannig eru 16% kvenna á aldrinum 55-59 ára öryrkjar, 22% á aldrinum 60-64 ára og 28% á aldrinum 65-66 ára. Samsvarandi tölur fyrir karla eru 11%, 14% og 18%. Þessi mikla örorkutíðni í elstu aldurshópunum sýnir berlega víðtæka notkun örorkulífeyriskerfisins til snemmtöku lífeyris.

## 1.6 ENN MIKILL BROTTFLUTNINGUR AF LANDINU

Árið 2011 fluttu 1.404 fleiri frá landinu en til þess, eða sem nemur um 0,8% af vinnuaflinu og 0,4% af íbúafjölda. Afgerandi hluti þessa fólks, eða 96%, eru 50 ára eða yngri. Hægt hefur á hreinu útflæði fólks en til samanburðar voru brottfluttir umfram innflutta 2.134 árið 2010 og 4.835 árið 2009. Hlutfall íslenskra ríkisborgara í hreinu útflæði fólks hefur farið vaxandi frá 2009 og var 93% árið 2011.

Við athugun á búferlaflutningum fólks með erlent ríkisfang á árinu 2011 kemur í ljós að í aldurshópnum upp að 25 ára eru aðfluttir umfram brottflutta 268 talsins en í aldurshópnum 25-54 ára eru brottfluttir umfram aðflutta 374 talsins. Í aldurshópnum 55 ára og eldri eru 13 aðfluttir umfram brottflutta. Í heildina fluttu 93 fleiri frá landinu en til þess af fólki með erlent ríkisfang.

Á undanförnum þremur árum hafa nálægt 8.400 manns flutt af landi brott umfram aðflutta sem svarar til 4,7% af vinnuaflinu og 2,6% af íbúafjölda landsins. Þar af eru íslenskir ríkisborgarar 5.500 talsins. Í ljósi mikils atvinnuleysis og útlits fyrir hæga fjölgun starfa má gera ráð fyrir áframhaldandi nettó brottflutningi íslenskra ríkisborgara.

## 1.7 ÞRÓUN LAUNA OG KAUPMÁTTAR

Í kjarasamningunum sem undirritaðir voru 5. maí 2011 hækkuðu laun almennt um 4,25% frá 1. júní en kauptaxtar hækkuðu um 12.000 kr. sem jafngilti 6,4-7,9% hækkun launataxta í kjarasamningi SA og Starfsgreinasambandsins. Samningsaðilar áætluðu að áhrif krónutölu-



**Nýgengi örorku eftir kynjum – Fjöldi úrskurða um 75% örorkumat**



**Íslenskir ríkisborgarar: Aðfluttir umfram brottflutta**




Heimild: Hagstofa Íslands

hækkananna á launakostnað væri 0,5%. Að auki hækkuðu ýmsir aðrir launaliðir aukalega, t.d. bónus í fiskvinnslu og ákvæðisvinna í ræstingu og nýju aldursþrepi var bætt við launataxta iðnaðarmanna. Ætla má því að kostnaðaráhrif kjarasamninganna hafi numið um 5%. Kjarasamningunum fylgdu einnig eingreiðslur sem ætlað var að bæta launafólki upp þann drátt sem varð á gildistöku nýrra samninga, en þær námu 50.000 kr. í maí, 10.000 kr. í júní og 15.000 kr. í desember fyrir starfsfólk í fullu starfi.

Launavísitalan hækkaði um 8,5% frá apríl til desember 2011 sem er langt umfram ofangreinda 5% launakostnaðarhækkun sem kjarasamningarnir höfðu í för með sér. Að teknu tilliti til þess að Hagstofan mat eingreiðslurnar til 1,4% hækkunar á launavísitölunni á árinu 2011, sem gengur til baka á árinu 2012, þá hefur launaskrið á tímabilinu apríl til desember verið 2%. Sé litið á allt árið 2011 þá hækkuðu laun skv. launavísitölunni um 9,1% og launaskriðið var því um 2,5% á árinu.

Þótt verðbólgan væri mikil á árinu 2011, eða 5,3% frá desember 2010 til jafnlengdar 2011, þá voru launabreytingarnar mun meiri og jókst kaupmáttur um 3,7% innan ársins. Vaxandi kaupmáttur var meginforsenda kjarasamninganna sem komu til endurmats í janúar 2012 og stóðst sú forsenda rækilega þannig að enginn grundvöllur var fyrir endurskoðun kjarasamninga á grundvelli launa- eða verðlagsþróunar. Kaupmáttur launa skv. launavísitölu var í árslok 2011 6% lægri en í upphafi ársins 2008 en svipaður og hann var á árunum 2004–2005.

Kaupmáttur lágmarkslauna, og hins almenna taxtakerfis í kjarasamningum SA og landssambanda ASÍ, hefur hins vegar aukist mun meira en kaupmáttur almennt skv. launavísitölu Hagstofunnar. Kaupmáttaraukning lágmarkslauna var 11,5% frá ársbyrjun 2008 til ársloka 2011 samanborið við 6% lækkun kaupmáttar skv. launavísitölu á sama tímabili. Kaupmáttur lágmarkslauna hefur aldrei verið meiri en nú, ef undan eru skildir mánuðirnir febrúar-mars 2008, en sá kaupmáttur stóð aðeins skamma hríð vegna gengishruns krónunnar það ár.



## 1.8 VÍXLHÆKKUN VERÐLAGS, GENGIS OG LAUNA?

Verðbólgan, m.v. hækkun síðastliðna 12 mánuði, hefur verið rúmlega 6% á fyrstu mánuðum ársins og er útlit fyrir að svo verði áfram næstu mánuði. Á síðasta ári var verðbólgan 5,3% frá upphafi til loka ársins en 2,5% árið 2010. Verðbólgumarkmið Seðlabankans, 2,5%, náðist á tímabilinu nóvember 2010 til mars 2011 og var meginástæða þess að gengi krónunnar styrktist um 12% innan ársins 2010 og að launabreytingar voru tiltölulega hóflegar, eða 4,5%.

Gengi krónunnar var nokkuð stöðugt innan ársins 2011 og verð innfluttra vara hækkaði tiltölulega lítið, eða 4,1%, en vægi þeirra er tæplega 40% í vísitölunni. 5,3% verðbólga ársins 2011 var að mestu hvött áfram af innlendum vörum, sem hækkuðu um 7,2% og vega 14% í vísitölunni, og húsnæðisliðnum sem hækkaði um 7,4%, en hann vegur um fimmtung í vísitölunni.

Verðbólgan og rætur hennar voru því mjög mismunandi þegar árin 2010 og 2011 eru borin saman. Verðbólgumarkmiðið náðist árið 2010 vegna lítillar hækkunar innfluttra vara vegna styrkingar krónunnar það árið og vegna lækkunar húsnæðisliðarins en hækkun innlendra vara var í kringum verðbólgumarkmiðið. Á árinu 2011 voru það hins vegar húsnæðisliðurinn og innlendu vörurnar og þjónustan sem hvöttu verðbólguna áfram. Mikil veiking krónunnar undanfarið misseri bætist síðan við verðbólgutilefni af innlendum toga þannig að verðbólguhorfur eru ekki góðar og verðbólguvæntingar hafa farið vaxandi. Það vekur ugg um að hafið sé ferli víxlhækkana verðlags og launa og gengislækkana eins og ítrekað hefur gerst hér á landi á undanförnum áratugum.

## 1.9 HORFUR Í ATVINNULÍFI

Helstu niðurstöður könnunar á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja landsins, sem gerð var í byrjun mars, voru þær að næstum allir stjórnendur telja aðstæður í atvinnulífinu enn vera slæmar og hefur svo verið undanfarin þrjú ár. Mat stjórnenda á aðstæðum eftir sex mánuði

**Þróun kaupmáttar lágmarkslauna og launa skv. launavísitölu.** Jan. 2008=100




Heimild: SA, Hagstofa Íslands

**Vísitala neysluverðs, launavísitala og gengisvísitala krónunnar**
Breytingar síðastliðna 12 mánuði




Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabankinn




hefur breyst þannig að þeim hefur fækkað töluvert sem telja að það versni en fjöldi þeirra sem telja að það batni er óbreyttur. Tveir þriðju stjórnenda telja þó að ástandið breytist ekki og hefur fjölgað í þeim hópi. Mat stjórnenda á landsbyggðinni á stöðu og horfum er mun lakara en á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrirtækin búa yfirleitt við nægt framboð af starfsfólki og skortur á því er afmarkaður við tilteknar starfsgreinar. Einungis 12% fyrirtækja finna fyrir skorti á starfsfólki en á árunum fyrir efnahagskreppuna var hlutfallið 40-60%. Fyrirtækin búast að jafnaði við óbreyttum starfsmannafjölda á næstunni sem er nokkur viðsnúningur frá fyrri könnunum sem sýnt hafa tilhneigingu til fækkunar starfsmanna.

Könnunin leiðir í ljós að mikil ónýtt afkastageta er í atvinnulífinu þar sem langflestir stjórnenda telja að það sé lítið vandamál að bregðast við aukinni eftirspurn og þeir telja einnig að þær aðstæður vari á næstunni.

Á heildina litið koma ekki fram vísbendingar um auknar fjárfestingar á árinu þar sem hlutfall fyrirtækja sem áformar auknar fjárfestingar er jafnhátt hlutfalli fyrirtækja sem áformar minni fjárfestingar en á síðasta ári. Hærra hlutfall stærstu fyrirtækjanna, með fleiri en 200 starfsmenn, áformar þó auknar fjárfestingar en þeirra sem minni eru og því má búast við aukningu fjárfestinga í heild. Í hópi minnstu fyrirtækjanna, með færri en 40 starfsmenn, eru hins vegar skýrar vísbendingar um samdrátt fjárfestinga milli ára.

Að jafnaði vænta stjórnendur þess að framlegð fyrirtækjanna, þ.e. EBITDA, aukist á næstu sex mánuðum, en að hagnaður, sem hlutfall af veltu, verði svipaður á þessu ári og því síðasta. Stjórnendur fyrirtækjanna búast að jafnaði við allmikilli aukningu eftirspurnar, bæði á innanlandsmarkaði og á erlendum mörkuðum.

Verðbólguvæntingar hafa aukist mikið undanfarna mánuði og þar af leiðandi væntingar um hækkun stýrivaxta og veikingu gengis krónunnar. Að meðaltali búast stjórnendur við að verðbólgan verði 4,5% eftir eitt ár og 5,2% eftir tvö ár, að stýrivextir verði 6,9% eftir eitt ár (þeir voru 4,75% þegar könnunin var gerð og 5,0% frá 21. mars) og að gengi krónunnar verði 1,4% veikara en þegar könnunin var gerð (gengisvísitalan var þá ca. 232).



## 1.10 FJÁRMÁL RÍKISINS OG HINS OPINBERA

Jafnvægi í ríkisfjármálum, ein lykilforsenda fyrir endurreisn efnahagslífs og stöðugleika í efna-



hagsmálum, reynist vera fjarlægara markmið en stjórnvöld stefndu að. Samkvæmt samstarfsáætlun Íslands og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins var stefnt að því að frumjöfnuður, þ.e. tekjujöfnuður að frátöldum vaxtatekjum og vaxtagjöldum, yrði jákvæður árið 2011 og að ríkissjóður yrði rekinn hallalaus árið 2013. Um mitt ár 2011 ákváðu stjórnvöld að seinka um eitt ár að ná þessum markmiðum. Þá hafa fjármál sveitarfélaga vaxandi þýðingu fyrir stöðugleika í efnahagslífinu en hlutdeild sveitarfélaga í opinbera búskapnum er um 28%.

Greiðsluafkoma hins opinbera var neikvæð um 71,5 milljarða króna árið 2011 eða 4,4% af landsframleiðslu. Afkoman batnaði um 83 milljarða frá árinu 2010. Tekjur hins opinbera námu um 680 milljörðum króna og hækkuðu um 42 milljarða milli ára eða um 6,6%. Skattar á tekjur og hagnað jukust um 27,5 milljarða eða um 11,5%, skattar á vöru og þjónustu hækkuðu um 9,3 milljarða eða 5,1% og tryggingagjöld hækkuðu um 5,3 milljarða eða 8,4%. Útgjöld hins opinbera voru 751 milljarður króna og lækkuðu um 41 milljarð milli ára eða 5,2%. Án áfallinna ríkisábyrgða jukust útgjöld hins opinbera um tæpa 10 milljarða eða 1,3%. Fjárfestingar hins opinbera drógust saman á milli ára um 8,3 milljarða, eða 18,5%, og námu 36,4 milljörðum.

Samkvæmt greiðsluuppgjöri ríkissjóðs fyrir árið 2011 var afkoma ríkissjóðs neikvæð sem nemur 57 milljörðum króna eða um 12 milljörðum umfram áætlun í fjárlögum 2011.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 468,1 milljarði eða 13,7 milljörðum umfram fjárlög. Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga, skatti á fjármagnstekjur og tryggingagjöldum voru 12,4 milljörðum umfram fjárlög eða um 7,2% sem skýrist einkum af launahækkunum og útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar. Á móti voru tekjur af virðisaukaskatti 3,2 milljörðum undir áætlun fjárlaga og aðrir skattar af vörum og þjónustu skiluðu minni tekjum en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Þetta er verulega á skjön við það sem ætla hefði mátt þegar þess er gætt að einkaneysla á árinu 2011 er talin hafa aukist um 4% en ekki 2,6% eins og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Áætluð 6 milljarða króna hlutdeild fjármálastofnana í sérstökum vaxtaniðurgreiðslum skiluðu sér ekki í ríkissjóð en á móti urðu aðrar tekjur ríkissjóðs og söluhagnaður eigna 6,4 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2012.

Greidd gjöld ríkissjóðs námu 525,5 milljörðum króna eða 25,6 milljörðum umfram fjárlög. Skýringanna er einkum að leita útgjöldum velferðarráðuneytisins, sem nema helmingi ríkisútgjalda, sem fóru um 25 milljarða umfram fjárlög. Þar leggst saman að sparnaðaráform í málaflokkum ráðuneytisins náðu ekki fram að ganga og útgjaldavöxturinn er meiri en áætlað var. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála fóru 18,5 milljarða umfram fjárlög og útgjöld til heilbrigðismála fóru 6 milljarða umfram fjárlög. Vaxtagjöld ríkissjóðs urðu 6,7 milljörðum minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir greiðsluhalla á ríkissjóði sem nemur 35 milljörðum króna, sem er bati um 22 milljarða króna frá niðurstöðu ársins 2011. Áform um aðhaldsráðstafanir útgjalda í fjárlagafrumvarpi urðu að litlu með auknum fjárheimildum við afgreiðslu fjárlaga 2012. Í ljósi niðurstaðna fjárlaga fyrir árið 2012 og horfa í þjóðarbúskapnum fram til ársins 2014 verður vart séð að núverandi markmið stjórnvalda um hallalausan ríkissjóð árið 2014 náist nema að takist að stöðva útgjaldavöxtinn.



# KJARAMÁL OG SAMNINGAR

## 2.1. AÐDRAGANDI NÝRRA KJARASAMNINGA

Við ritun ársskýrslu SA fyrir starfsárið 2010–2011 var gerð grein fyrir kjaraviðræðum eins og þær stóðu þann 25. mars 2011. Samningar höfðu verið lausir frá 1. desember 2010 en viðræður voru í uppnámi enda fengust ekki svör frá stjórnvöldum varðandi mikilvæg hagsmunamál atvinnulífsins. Voru samningsaðilar því í algjörri óvissu um hvernig ljúka mætti gerð kjarasamninga. Mánudaginn 28. mars tilkynntu SA ríkisstjórninni formlega að ekki yrði hafin lokaatlaga að því að ljúka kjarasamningum í vikunni eins og til stóð. Þolinmæði aðila vinnumarkaðarins væri á þrotum. Fyrirtækin í landinu þyrftu að fá skýra mynd af því rekstrarumhverfi sem biði þeirra næstu misserin áður en hægt væri að ganga frá kjarasamningum til þriggja ára.

Á fundi SA og ASÍ með ráðherrum 30. mars varð að samkomulagi að ríkisstjórnin myndi setja fram skriflegar tillögur um aðgerðir stjórnvalda til að greiða fyrir gerð kjarasamninga. Lágu þær tillögur fyrir daginn eftir en SA og ASÍ töldu þær ganga of skammt. ASÍ lýsti því þegar yfir að óbreyttar tillögur gætu ekki verið grundvöllur kjarasamninga til þriggja ára. SA lögðu á það áherslu að skýrara væri kveðið á um framkvæmdir og stór fjárfestingarverkefni auk þess sem samtökin töldu nauðsynlegt að ná sanngjarnri sátt um málefni sjávarútvegsins. Til að greiða fyrir lausn þess máls kynntu SA ríkisstjórninni tillögu til sátta um efnislega útfærslu samningsleiðarinnar í sjávarútvegi. Þann 13. apríl lagði ríkisstjórnin fram nýjar tillögur þar sem komið var til móts við áherslur aðila en SA töldu að enn vantaði trúverðuga áætlun um leiðir til aukins hagvaxtar auk þess að skýr svör fengust ekki um málefni sjávarútvegsins. Í viðræðum milli SA og ASÍ var út frá því gengið að ef ekki kæmu viðunandi svör frá ríkisstjórninni varðandi þessi grundvallarmál þá yrði kjarasamningur til þriggja ára blásinn af og þess í stað samið til eins árs.



Föstudaginn 15. apríl varð ljóst að ekki stæði til af hálfu ríkisstjórnarinnar að koma til móts við SA í þessum stóru málum. Yfirlýsingar um grundvallarbreytingar á kvótakerfinu og nýtingartíma orkufyrirtækja á jarðvarma gerðu það að verkum að útilokað var að semja til langs tíma. Var þá drögum að þriggja ára samningi ýtt út af borðinu og dregin fram drög að samningi til eins árs sem aðilar höfðu fullmótað fáum dögum áður. SA töldu mikilvægt að ASÍ og SA legðu fram sameiginlegan rökstuðning fyrir skammtímasamningi enda þyrfti að útskýra fyrir fyrirtækjum og launamönnum af hverju viðræður um ATVINNULEIÐINA hefðu siglt í strand. Samninganefnd ASÍ hafnaði hins vegar með öllu að koma að gerð sameiginlegrar yfirlýsingar og sleit viðræðum. Næstu daga hafði ASÍ uppi stór orð um vanefndir af hálfu SA þar sem sambandið taldi sjálfgefið að samningur til eins árs yrði undirritaður eigi síðar en 16. apríl.

Þann 28. apríl bárust loks ný drög frá ríkisstjórninni sem SA töldu að kæmu að nokkru til móts við sjónarmið samtakanna um auknar framkvæmdir í hagkerfinu auk þess sem sett var fram bókun um meðferð frumvarps um sjávarútvegsmál. SA töldu þá rétt að setjast aftur að samningaborðinu en ASÍ lýsti því hins vegar yfir að sambandið hefði misst allan áhuga á gerð þriggja ára kjarasamnings. Var einnig vísað til þess að þann 19. apríl hafi SA undirritað nýjan kjarasamning til þriggja ára við Verkalýðsfélag Akraness og fjögur önnur stéttarfélög vegna Elkem. Að mati ASÍ fólst meiri kostnaður í þeim samningi en í drögum að þriggja ára samningi sem SA og ASÍ höfðu komist að niðurstöðu um og taldi ASÍ rétt að líta til þess samningskostnaðar við gerð nýrra heildarkjarasamninga. Eftir óformlegar viðræður við forystu ASÍ var aftur sest að samningaborðinu 3. maí og að lokum gengið frá nýjum kjarasamningum 5. maí.

## 2.2. AÐFARARSAMNINGUR 5. MAÍ

Kjarasamningarnir sem undirritaðir voru 5. maí 2011 voru tvískiptir. Annars vegar var gengið frá svokölluðum aðfararsamningi við aðildarfélög ASÍ sem framlengdi alla kjarasamninga aðila til 21. júní s.á. Var þar kveðið á um 50.000 kr. eingreiðslu vegna tímabilsins mars – maí 2011. Hins vegar voru undirritaðir kjarasamningar við

tíu aðildarfélög ASÍ sem taka áttu gildi 22. júní 2011 ef forsendur aðfararsamningsins stæðust, þ.e. ef ríkisstjórnin stæði við þær stjórnvaldsaðgerðir og lagabreytingar sem kveðið var á um í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við undirritun samninganna. Þegar farið var yfir þær efndir var það mat SA að tvö mikilvæg mál hefðu ekki gengið eftir. Annars vegar hafi fjárfestingar- og hagvaxtaráætlun ekki verið lögð fram og sameiginleg vinna vegna fjárfestinga í samgöngumannvirkjum hafi engan veginn verið í samræmi við það sem stefnt var að. Hins vegar hafði frumvarpssmíð og lagasetning í sjávarútvegsmálum tekið allt aðra stefnu en ríkisstjórnin hafði gefið fyrirheit um. Þrátt fyrir þessar vanefndir var það niðurstaða stjórnar SA að staðfesta gildistöku kjarasamninganna frá og með 22. júní. Ljóst var að ef SA hefðu ekki staðfest gildistöku samninganna þá hefði ASÍ nýtt gagnkvæman rétt samkvæmt aðfararsamningnum og framlengt alla kjarasamninga til 31. janúar 2012.

## 2.3 LAUNABREYTINGAR

Kjarasamningarnir sem tóku gildi 22. júní 2011 kváðu annars vegar á um almennar launahækkanir, 4,25% 1. júní 2011, 3,5% 1. febrúar 2012 og 3,25% 1. febrúar 2013 og hins vegar sérstaka hækkun kauptaxta kjarasamninga, 12.000 kr. árið 2011 og um 11.000 hvort árið 2012 og 2013. Þrjár eingreiðslur, samtals að fjárhæð kr. 75.000, komu einnig til greiðslu. Áætlað var að kostnaðarauki atvinnulífsins í heild vegna krónutöluhækkunar launataxta árið 2011 hafi numið um 0,5% og að önnur ákvæði samninganna hafi bætt við 0,25% þannig að heildarkostnaðurinn við samningana hafi numið 5% á árinu 2011 og rúmlega 13% á öllum samningstímanum. Kostnaðurinn var mun meiri fyrir þær atvinnugreinar sem greiddu laun nálægt gildandi kauptöxtum eins og í fiskvinnslu, iðnaði og verslun og þjónustu.

## 2.4 HELSTU ÁKVÆÐI

Fjölmargir samningahópar voru skipaðir til að fjalla um áherslumál aðila, m.a. vegna viðræðna við stjórnvöld og fór mikill tími í að ná ásættanlegum niðurstöðum í þeim viðræðum. Má þar nefna samningahópa um útboðsmál, verklegar framkvæmdir, kennitöluflakk, menntamál, ríkisfjármál og jafnréttismál. Niðurstöður úr þeirri vinnu skiluðu sér annars vegar í samningi SA við aðildarsamtök ASÍ og hins vegar í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 4. maí 2011.

**Kjarasamningur SA og ASÍ**

i. Aðilar voru sammála um að vinna að jöfnun lífeyrisréttinda á vinnumarkaðnum og var gefin yfirlýsing til að auðvelda sátt í þeim efnum. Í henni er gert ráð fyrir að heildarframlag atvinnurekanda og launamanns hækki á árunum 2014–2020 úr 12% í 15,5%.
ii. Samið var miðlægt um breytingar á ákvæðum allra kjarasamninga aðildarfélaga ASÍ, nánar tiltekið ákvæðum um sjúkrakostnað vegna vinnuslysa, greiðslu yfirvinnu með frítöku, útreikning á yfirvinnulaunum, greiðslu frítökuréttar og ólaunaða frídaga á ferðum.
iii. Bókaður var sameiginlegur skilningur aðila hvernig standa skyldi að lækkun eða afnámi yfirborgana sem atvinnurekandi gripi til vegna almennra launahækkana. Einnig var fjallað um þá framkvæmd þegar atvinnurekendur flýta samningsbundnum launahækkunum.
iv. Með kjarasamningunum var mótuð sameiginleg og samræmd launastefna SA og ASÍ sem skyldi fylgt í komandi kjaraviðræðum á samningssviði aðila. Þegar á reyndi töldu mörg aðildarsamtök ASÍ sig algjörlega óbundin af þessari launastefnu.
v. Stefnt var að því að endurskoða uppbygginu á fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og vinnuvernd þannig að bregðast mætti við veikindum með fyrirsjáanlegum hætti og auðvelda starfsendurhæfingu.
vi. Skilgreind voru verkefni á sviði jafnréttismála sem samningsaðilar myndu vinna að á samningstímanum.
vii. Samkomulag var um hvernig meginreglur tilskipunar ESB um starfsmannaleigur yrðu innleiddar í íslensk lög.



**Kjarasamningar SA og aðildarfyrirtækja 2011**

| Stéttarfélag | Fyrirtæki | Undirritun | Gildir til |
|---|---|---|---|
| Félög verk-, tækni-, tölvunar- og bygg.fr. | | 14/03/11 | Ótímabundinn |
| Eining – Iðja v. vaktavinnumanna | Becromal Iceland ehf. | 15/04/11 | 15/04/12 |
| FIT, RSÍ, VLFA, Stf. Vesturlands, VR | Elkem Ísland ehf. | 19/04/11 | 31/01/14 |
| Félög ASÍ – „aðfararsamningur" | | 05/05/11 | 21/06/11 |
| Starfsgreinasamband Íslands | | 05/05/11 | 31/01/14 |
| Flóabandalagið | | 05/05/11 | 31/01/14 |
| VR/LÍV | | 05/05/11 | 31/01/14 |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | | 05/05/11 | 31/01/14 |
| Samiðn | | 05/05/11 | 31/01/14 |
| VM, félag vélstjóra og málmtæknimanna | | 05/05/11 | 31/01/14 |
| Matvís | | 05/05/11 | 31/01/14 |
| Félag bókagerðarmanna | | 05/05/11 | 31/01/14 |
| Félag hársnyrtisveina | | 05/05/11 | 31/01/14 |
| Mjólkurfræðingafélag Íslands | | 05/05/11 | 31/01/14 |
| Framsýn stéttarfélag | | 10/05/11 | 31/01/14 |
| Verkalýðsfélag Þórshafnar | | 10/05/11 | 31/01/14 |
| Verkalýðsfélag Akraness | | 13/05/11 | 31/01/14 |
| Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja | | 16/05/11 | 31/01/14 |
| Verkstjórasamband Íslands | | 16/05/11 | 31/01/14 |
| Félag leiðsögumanna | | 20/05/11 | 31/01/14 |
| Bsf. Sleipnir | | 20/05/11 | 31/01/14 |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | Skipti hf., Síminn hf. og Míla ehf. | 24/05/11 | 31/01/14 |
| Rafiðnaðarsamband Íslands vegna FÍS | Skipti hf., Síminn hf. og Míla ehf. | 24/05/11 | 31/01/14 |
| Rafiðnaðarsamband Íslands vegna FÍS | Já Upplýsingaveitur ehf. | 24/05/11 | 31/01/14 |
| VR og LÍV | Flugfélag Íslands ehf. | 26/05/11 | 31/01/14 |
| Félag ísl. flugumferðarstjóra | Isavia ohf. | 31/05/11 | 01/02/16 |
| Blaðamannafélag Íslands | | 01/06/11 | 31/01/14 |
| Félag skipstjórnarmanna | Björgun ehf. | 01/06/11 | 31/01/14 |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | Orkuveita Reykjavíkur | 01/06/11 | 31/01/14 |
| Samiðn | Orkuveita Reykjavíkur | 01/06/11 | 31/01/14 |
| VM, félag vélstjóra og málmtæknimanna | Orkuveita Reykjavíkur | 01/06/11 | 31/01/14 |
| Verkalýðsfélag Vestfirðinga | Þörungaverksmiðjan hf. | 03/06/11 | 31/01/14 |
| VM vegna vélfræðinga | Orkuveita Reykjavíkur | 06/06/11 | 31/01/14 |
| Verkstjórasamband Íslands | Orkuveita Reykjavíkur | 07/06/11 | 31/01/14 |
| SV og KTFÍ (verk- og tæknifræðingar) | Orkuveita Reykjavíkur | 07/06/11 | 31/01/14 |
| Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga | Orkuveita Reykjavíkur | 08/06/11 | 31/01/14 |
| VM vegna vélfræðinga | HS Orka hf. | 08/06/11 | 31/01/14 |
| Efling | Orkuveita Reykjavíkur | 09/06/11 | 31/01/14 |
| SSÍ, FFSÍ, VM v. kauptryggingar 2011 | Fiskiskip | 09/06/11 | |
| Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar | Orkuveita Reykjavíkur | 10/06/11 | 31/01/14 |
| STFS, STH, STAVEY | HS Orka hf. | 10/06/11 | 31/01/14 |
| Afl og RSÍ | Alcoa Fjarðaál sf. | 10/06/11 | 31/01/14 |
| VM, félag vélstjóra og málmtæknimanna | Björgun ehf. | 15/06/11 | 31/01/14 |

*Framhald á bls. 16 og 17.*

viii. Yfirlýsing SA og ASÍ um framkvæmd útboðsmála tekur á mörgum mikilvægum þáttum sem stuðla eiga að eðlilegri og heilbrigðri samkeppni, bæta umgjörð útboða og tryggja samræmt mat á hæfi bjóðenda. Hluti yfirlýsingarinnar eru ítarleg fylgiskjöl um samræmt mat á hæfi bjóðenda í útboðum og tillögur um breytingar á lögum um opinber innkaup.

**Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar**

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga er 12 blaðsíður og afrakstur mikillar vinnu samningamanna SA og ASÍ. Þar sem forsendur kjarasamninganna byggja að stórum hluta á aðgerðum og vilyrðum stjórnvalda samkvæmt yfirlýsingunni og mikið hefur verið deilt um efndir þeirra er rétt að gera stuttlega grein fyrir helstu áhersluþáttum:

i. Í kafla um efnahagsstefnu var fjallað um ríkisfjármálastefnu, efnahagsáætlun, peningastefnu og losun gjaldeyrishafta. Boðað var víðtækt samráð við aðila vinnumarkaðarins við endurskoðun þessara málaflokka.

ii. Boðuð var endurskoðun á bótum almannatrygginga og atvinnuleysistryggingum og tekju- og eignatengingu vaxta- og barnabóta. Persónuafsláttur skyldi hækka.

iii. Í kafla um starfsskilyrði atvinnulífsins var kveðið á um marga mikilvæga þætti. Atvinnutryggingagjald skyldi lækka í samræmi við spá um atvinnuleysi fyrir árið 2012 en á móti var gert ráð fyrir hækkun almenns tryggingagjalds og gjalds til Ábyrgðasjóðs launa. Gekk það eftir og lækkaði heildargjaldið um 0,86 prósentustig þann 1. janúar 2012. Fallist var á áherslur SA og ASÍ um að stofnað yrði til sérstaks tilraunaverkefnis til þriggja ára um þjónustu við atvinnuleitendur sem hefði það markmið að stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum og vinnumiðlun þannig að atvinnuleitendur fengju fyrr störf en ella. Samkomulag milli SA, ASÍ, velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar var undirritað 10. febrúar 2012. Boðað var að fjármálaráðherra myndi leggja fram frumvarp um ýmsar umbætur í skattaumhverfi fyrirtækja. Ráðast skyldi í tímabundið átaksverkefni til að sporna gegn svartri atvinnustarfsemi í samvinnu við SA og ASÍ. Leita skyldi leiða til að koma í veg fyrir kennitöluflakk, þ.e. þegar félög með tak-

markaðri ábyrgð eru misnotuð þannig að þau eru af ásetningi eða vanrækslu rekin í þrot en nýtt félag síðan stofnað um sömu starfsemi. Í því sambandi skyldi skoða hæfisskilyrði stjórnarmanna í félögum með takmarkaðri ábyrgð. Vinna skyldi að breytingum á lögum um opinber innkaup til að tryggja betur eðlilegt samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks. Drög SA/SI og ASÍ að reglum um samræmt mat á hæfi bjóðenda fengju viðurkennda stöðu í lögum eða reglugerð.

iv. Fjallað er í löngu máli um sókn í atvinnumálum og fjárfestingar. Auknar opinberar framkvæmdir, m.a. vegaframkvæmdir, sókn í orku- og iðnaðarmálum, hvatning til fjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja og nýsköpun skyldu minnka atvinnuleysi niður í 4-5% í lok árs 2013. Lítt hefur verið um efndir þessara vilyrða sem þó voru forsenda þess að atvinnulífið var tilbúið til að taka á sig þann mikla launakostnaðarauka sem fólst í kjarasamningunum.

v. Í kafla um menntamál og vinnumarkaðsúrræði var lögð áhersla á að efla menntun í samræmi við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál. Bráðaaðgerðir voru skilgreindar en einnig sett fram aðgerðaráætlun til þriggja ára.

vi. Starfshópur um samræmingu lífeyrisréttinda skyldi starfa áfram þar sem lagður yrði grunnur að nýju, sjálfbæru lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn. Uppbygging markvissrar starfsendurhæfingar var áréttuð og ákveðið að lögfesta iðgjald til starfsendurhæfingar.

vii. Yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fylgdi bókun um málsmeðferð í sjávarútvegsmálum. Var þar fjallað um samráð við hagsmunaaðila áður en frumvarp um stjórn fiskveiða fengi endanlega afgreiðslu.

| Stéttarfélag | Fyrirtæki | Undirritun | Gildir til |
|---|---|---|---|
| Flugvirkjafélag Íslands | Icelandair ehf. | 16/06/11 | 31/01/14 |
| Félag skipstjórnarmanna | Kaupskip | 16/06/11 | Felldur |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | Rarik ohf. | 20/06/11 | 31/01/14 |
| Félag fréttamanna | Ríkisútvarpið ohf. | 20/06/11 | 31/01/14 |
| SGS v. aðildarfélaga | Landsvirkjun | 21/06/11 | 31/01/14 |
| Aldan, Iðnsv.f. og Verslm.f. Skagafj., RSÍ | Steinull hf. | 22/06/11 | 31/01/14 |
| RSÍ, FIT, VLFA, VR | Sementsverksmiðjan hf. | 23/06/11 | 31/01/14 |
| SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu | Rarik ohf. | 23/06/11 | 31/01/14 |
| Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins | Ríkisútvarpið ohf. | 23/06/11 | 31/01/14 |
| VM, félag vélstjóra og málmtæknimanna | Kaupskip | 24/06/11 | Felldur |
| Kjölur og Eining – Iðja | Norðurorka hf. | 24/06/11 | 31/01/14 |
| KVH, SBU, Fræðagarður | Ríkisútvarpið ohf. | 24/06/11 | 31/01/14 |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | 365 miðlar ehf. | 27/06/11 | 31/01/14 |
| VM, félag vélstjóra og málmtæknimanna | Landsvirkjun | 27/06/11 | 31/01/14 |
| SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu | Fríhöfnin ehf. | 28/06/11 | 31/01/14 |
| VM, félag vélstjóra og málmtæknimanna | Orkubú Vestfjarða ohf. | 28/06/11 | 31/01/14 |
| FFR – félag flugmálastarfsmanna | Isavia ohf. | 29/06/11 | 30/04/14 |
| SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu | Isavia ohf. | 29/06/11 | 30/04/14 |
| SSÍ v. Sjóm.fél. Jötuns | v. ms. Herjólfs | 29/06/11 | 31/01/14 |
| FOS-Vest | Orkubú Vestfjarða ohf. | 30/06/11 | 31/01/14 |
| Félag ísl. atvinnuflugmanna | Icelandair ehf. | 30/06/11 | Felldur |
| VM v. starfa í stjórnstöð | Landsnet hf. | 04/07/11 | 31/01/14 |
| RSÍ v. starfa í stjórnstöð | Landsnet hf. | 04/07/11 | Felldur |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | Landsvirkjun | 04/07/11 | 31/01/14 |
| Samiðn | Landsvirkjun | 04/07/11 | 31/01/14 |
| Landssamband slökkviliðs- og sjúkrafl.manna | Isavia ohf. | 05/07/11 | 31/01/14 |
| Félag tæknimanna hjá Landsvirkun | Landsvirkjun / Landsnet hf. | 05/07/11 | 31/01/14 |
| Flugvirkjafélag Íslands | Flugfélag Íslands ehf. | 06/07/11 | Felldur |
| VLFA og Stf. Vesturlands | Klafi ehf. | 07/07/11 | 31/01/14 |
| Félag ísl. atvinnuflugmanna | Flugfélag Íslands ehf. | 08/07/11 | Felldur |
| SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu | Matís ohf. | 08/07/11 | 31/01/14 |

## 2.5 SAMNINGSFORSENDUR

Kjarasamningarnir eru með fyrirvara um þróun kaupmáttar, verðlags, gengis og efndir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við samningana og er hvorum aðila heimilt að segja samningum upp ef þær forsendur bregðast. Í janúar 2012 fóru samningsaðilar yfir samningsforsendur og komust að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að hvorugur aðili myndi segja upp samningum þrátt fyrir vanefndir ríkisstjórnarinnar. Fjölmörg fyrirheit ríkisstjórnarinnar hefðu ekki verið efnd en veigamest væri að væntingar um auknar fjárfestingar og hagvöxt hefðu ekki gengið eftir. Samningarnir halda því gildi sínu a.m.k. út janúar 2013 en þá mun reyna á stífar samningsforsendur þar sem auk vaxandi kaupmáttar er miðað við að verðbólga verði 2,5% á árinu 2012 og að gengi krónunnar hafi styrkst í gildið 190 á gengisvísitölunni. Í ljósi mikillar verðbólgu og gengislækkunar krónunnar eru verulegar líkur á að heimild til uppsagnar kjarasamninga muni skapast í janúar 2013.

## 2.6 KLIPPT OG LÍMT

Í kjölfar 5. maí samninganna var gengið frá



| Stéttarfélag | Fyrirtæki | Undirritun | Gildir til |
|---|---|---|---|
| Matvís | Kaupskip | 13/07/11 | 31/01/14 |
| Félag ísl. atvinnuflugmanna | Icelandair ehf. | 19/07/11 | 31/01/14 |
| Efling (yfirlýsing) | Samtök sjálfstæðra skóla | 28/07/11 | 29/02/12 |
| Starfsmannafélag Suðurnesja | SBK ehf. | 03/08/11 | 31/01/14 |
| Félag ísl. atvinnuflugmanna | Flugfélag Íslands ehf. | 04/08/11 | 31/01/14 |
| Félag ísl. atvinnuflugmanna | Flugfélagið Atlanta ehf. | 09/08/11 | 31/01/14 |
| Félag flugumsjónarmanna | Icelandair ehf. | 19/08/11 | 31/01/14 |
| Hlíf, VM, RSÍ, FIT, Matís, VR | Alcan á Íslandi hf. | 23/08/11 | Felldur |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | HS Orka hf. | 26/08/11 | 31/01/14 |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | Norðurorka hf. | 31/08/11 | 31/01/14 |
| KÍ v. Félags leikskólakennara | Samtök sjálfstæðra skóla | 14/09/11 | 31/12/11 |
| Flugfreyjufélag Íslands | Icelandair ehf. | 16/09/11 | Felldur |
| Félag flugumsjónarmanna | Flugfélag Íslands ehf. | 20/09/11 | 31/01/14 |
| Félag flugumsjónarmanna | Flugfélagið Atlanta ehf. | 20/09/11 | 31/01/14 |
| Fimmtán aðildarfélög BHM | | 22/09/11 | Ótímabundinn |
| FIT, VFLA, Stf. Vesturl., VR, RSÍ (launaliður) | Norðurál Grundartanga ehf. | 23/09/11 | |
| RSÍ v. starfa í stjórnstöð | Landsnet hf. | 27/09/11 | 31/01/14 |
| VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna | Norðurorka hf. | 04/10/11 | 31/01/14 |
| Flugfreyjufélag Íslands | Flugfélag Íslands ehf. | 05/10/11 | Felldur |
| Flugfreyjufélag Íslands | Icelandair ehf. | 05/10/11 | Felldur |
| Hlíf, VM, RSÍ, FIT, Matís, VR | Alcan á Íslandi hf. | 05/10/11 | 31/12/14 |
| Flugvirkjafélag Íslands | Flugfélag Íslands ehf. | 12/10/11 | 31/01/14 |
| Flugfreyjufélag Íslands | Icelandair ehf. | 20/10/11 | 31/01/14 |
| SV, KTFÍ, KVH, SBU, Fræðagarður, FÍN | Rarik ohf. | 20/10/11 | 31/01/14 |
| Flugvirkjafélag Íslands | Flugfélagið Atlanta ehf. | 26/10/11 | Felldur |
| RSÍ v. fjarskiptamiðstöðvar Grindavík | Skýrr hf. | 04/11/11 | 31/01/14 |
| Flugfreyjufélag Íslands | Flugfélag Íslands ehf. | 15/11/11 | 31/01/14 |
| Flugfreyjufélag Íslands | Iceland Express ehf. | 16/11/11 | 31/01/14 |
| Lyfjafræðingafélag Íslands | Apótek | 17/11/11 | Ótímabundinn |
| Vlf. Hlíf, VM og FIT | Kerfóðrun ehf. | 24/11/11 | 31/12/14 |
| Flugvirkjafélag Íslands | Flugfélagið Atlanta ehf. | 24/11/11 | 31/01/14 |



samningum við þau félög sem ekki höfðu veitt aðildarsamtökum ASÍ samningsumboð. Var þar einungis um að ræða þrjú aðildarfélög SGS, Verkalýðsfélag Akraness, Framsýn og Verkalýðsfélag Þórshafnar. Jafnframt var gengið frá samningum við félög sem standa utan ASÍ, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Verkstjórasamband Íslands og Blaðamannafélag Íslands.

## 2.7 SAMNINGAR FYRIRTÆKJA

Af 105 kjarasamningum sem gerðir voru á árinu 2011 eru 77 vegna einstakra fyrirtækja eins og sjá má í töflunni sem hér fylgir. Nokkrir eru vegna afmarkaðra hópa fyrirtækja, s.s. kaupskipaútgerða, apóteka og sjálfstæðra skóla. Eru þá ekki nefndir fjölmargir sérkjarasamningar sem gerðir voru í tengslum við framlengingu aðalkjarasamninga 5. maí 2011, s.s. vegna fiskimjölsverksmiðja. Um 20 samningar voru gerðir vegna flugstétta, 28 vegna orku- og veitufyrirtækja og 9 vegna opinberra hlutafélaga (utan orkugeirans).

Við fyrstu sýn má slá því fram að réttast væri að einfalda þessi kjaramál mikið og sameina samninga. Í þeirri umræðu gleymist að samið er við mörg ólík stéttarfélög sem hvert og eitt hefur sínar áherslur. Í fluginu er t.d. samið við fjögur gjörólík stéttarfélög vegna þriggja flugrekenda. Það er enginn akkur í því fyrir fyrirtækin sjálf ef SA gera þá kröfu að samningar verði samræmdir og sameinaðir enda myndi því fylgja umtalsverður kostnaður við núverandi aðstæður. Sama á við um orku- og veitufyrirtækin. Í gegnum áratugina hefur skipan kjaramála þróast innan hvers fyrirtækis með mismunandi hætti. Stuðst er við mismunandi grunnlaun og umbun umfram það ræðst af ólíkum áherslum milli fyrirtækjanna. Því verður ekki breytt með kjarasamningum.

Ekki er ástæða til að gera grein fyrir hverjum samningi í þessari ársskýrslu. Kjaraviðræður í stóriðju og flugi eru hins vegar áberandi í umræðunni og því rétt að gera stuttlega grein fyrir þeim.

### *2.7.1 Stóriðja – orkufrekur iðnaður*

Fyrsti samningurinn var gerður milli Becromal Iceland ehf. og Einingar-Iðju og var hann undirritaður 15. apríl 2011. Samningurinn var til eins árs og markaðist af sérstökum aðstæðum í fyrirtækinu sem nýlega hafði hafið starfsemi. Mikill ágreiningur var um skipan vaktamála, háar kaupkröfur höfðu verið lagðar fram og verkfall boðað. Launaákvæði samningsins fólust í eingreiðslum en önnur ákvæði hans lutu að áframhaldandi vinnu samningsaðila að endurskoðun vakta- og launakerfis á samningstímanum.

Kjarasamningur SA f.h. Elkem Ísland ehf. og fimm verkalýðsfélaga var undirritaður 19. apríl og gildir til 31. janúar 2014. Samningurinn var gerður á grundvelli þess samningstilboðs sem lá fyrir af hálfu SA þegar upp úr slitnaði í viðræðum við aðildarsamtök ASÍ þann 15. apríl, auk tilboðs um breytt bónuskerfi sem legið hafði fyrir frá því í febrúar sem skilaði starfsmönnum

og fyrirtækinu auknum ávinningi. Deilunni hafði verið vísað til ríkissáttasemjara í byrjun febrúar af hálfu Verkalýðsfélags Akraness (VLFA), en ekki hinna félaganna, og fóru viðræður fram í tvennu lagi. Samningurinn mæltist ekki vel fyrir af hálfu aðildarsamtaka ASÍ en VLFA tók ekki þátt í samfloti ASÍ-félaganna.

Alcoa Fjarðaál sf. er í þjónustudeild SA og fer sjálft með samningsumboð sitt. Kjarasamningur fyrirtækisins og tveggja verkalýðsfélaga var undirritaður 10. júní og gildir hann til 31. janúar 2014. Starfsmenn SA voru ekki hluti samninganefndar fyrirtækisins en voru til ráðgjafar og stuðnings í samningsferlinu. Meginatriði samningsins voru auknar starfsaldurshækkanir og greiðslur að afloknu námi í stóriðjuskóla.

Kjarasamningur SA f.h. Steinullar hf. og fjögurra verkalýðsfélaga var undirritaður 22. júní. Samningurinn fólst efnislega í því að ákvæði samninga SA og aðildarsamtaka ASÍ frá 5. maí voru felld inn í samning fyrirtækisins.

Kjarasamningur SA f.h. Sementsverksmiðjunnar hf. og fjögurra verkalýðsfélaga var undirritaður 23. júní. Samningurinn var efnislega í samræmi við samninga SA og aðildarsamtaka ASÍ frá 5. maí en markaðist að öðru leyti af erfiðum rekstraraðstæðum verksmiðjunnar sem hefur orðið fyrir miklum samdrætti eftirspurnar á undanförnum árum og horfur ekki góðar.

Kjarasamningur SA f.h. Alcan á Íslandi hf. og sex verkalýðsfélaga var undirritaður 23. ágúst. Hann var felldur með miklum meirihluta atkvæða starfsmanna. Viðaukasamningur var undirritaður 5. október og var hann samþykktur, þar sem jafnmargir greiddu atkvæði með og á móti, en meiri hluta atkvæða þarf til þess að samningur sé felldur. Samningurinn gildir til 31. desember 2014 og er ekki uppsegjanlegur, en tekur breytingum ef launaákvæði verða endurskoðuð á grundvelli ákvæðis um samningsforsendur í samningum SA og landssambanda ASÍ. Í samningnum fólust miklar breytingar á bónuskerfi fyrirtækisins, sem stendur saman af mörgum þáttum sem þörfnuðust aðlögunar að breyttum aðstæðum og njóta starfsmenn og fyrirtækið aukins ávinnings af nýju og breyttu bónuskerfi.

Norðurál Grundartanga ehf. er í þjónustudeild SA og fer sjálft með samningsumboð sitt. Fulltrúar SA tóku þó að þessu sinni virkan þátt í störfum samninganefndar fyrirtækisins. Gildistími samnings Norðuráls við fimm verkalýðsfélög er frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2014, en launaliður var laus frá 1. janúar 2011. Samkomulag um launaliðinn var undirritað þann 23. september og gildir það út samningstímann. Auk almennra launahækkana samdist um sérstakt hæfnisálag og stóriðjunám sem hefjast á innan árs frá undirritun samningsins.

Stóriðjusamningarnir tengjast kjarasamningi SA f.h. Klafa vegna hafnarstarfsemi á Grundartanga og kjarasamningi SA f.h. Kerfóðrunar sem er undirverktaki Alcan. Kjarasamningur vegna Klafa var undirritaður 7. júlí og tók hann mið af niðurstöðu í kjarasamningi Elkem. Kjarasamningur vegna Kerfóðrunar var undirritaður 24. nóvember og tók mið af niðurstöðu í kjarasamningi Alcan.

### 2.7.2 Flugumferðarstjórar

Viðræður við Félag flugumferðarstjóra hófust í nóvember 2010, en samningur þeirra rann út þann 31. desember 2010. Þann 4. febrúar 2011 boðaði Félag flugumferðarstjóra til verkfallsaðgerða hjá Isavia ohf. sem fólust annars vegar í þjálfunarbanni og hins vegar yfirvinnubanni sem tók til tímabilanna frá kl. 20:00 – 24:00 mánudaga – föstudaga, kl. 00:00 – 7:00 mánudaga til föstudaga og kl. 00:00 – 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga. Þann 31. mars frestaði FÍF verkfallsaðgerðum í 28 daga en þann 28. apríl var aðgerðum frestað til 5. maí en vonast var til að ná samningum á tímabilinu. Það tókst ekki og hófust aðgerðir aftur þann 6. maí. Samningar tókust þann 31. maí 2011 og var þá öllum verkfallsaðgerðum aflýst. Gildistími samningsins er 5 ár, eða til 1. febrúar 2016.

### 2.7.3 Flugsamningar

Milli SA og svokallaðra flugstétta, þ.e. flugmanna, flugfreyja/-þjóna, flugvirkja og flugumsjónarmanna eru í gildi 12 kjarasamningar sem skýrist af því að um er að ræða fyrirtækjasamninga sem aðlagaðir hafa verið að þörfum hvers félags.

Samningalota síðasta árs var langdregin og erfið. Undirritaðir samningar urðu 20 talsins þar sem átta þeirra voru felldir, þar af tveir tvisvar sinnum. Síðasti samningurinn var undirritaður um miðjan nóvember.

Þrjú verkföll voru boðuð og komu tvö þeirra til framkvæmda, yfirvinnubann flugmanna Icelandair sem náði til allrar vinnu umfram útgefna vinnuskrá og verkfall flugvirkja Icelandair í nokkrar klukkustundir á dag. Boðuðum verkföllum flugfreyja/-þjóna hjá Icelandair var aflýst þar sem samningar náðust áður en þau áttu að hefjast.





# STOFNANIR Á VINNUMARKAÐI

## 3.1 ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Útgjöld Ábyrgðasjóð launa héldu áfram að lækka á árinu 2011. Heildargreiðslur úr sjóðnum voru um 1.699 milljónir króna árið 2011 og hafa þær lækkað um 8% milli ára. Þar af voru um 442 milljónir vegna launa og orlofs og um 871 milljón vegna lífeyrissjóða. Heildartekjur voru um 2.041 m.kr., þar af 141 m.kr. vegna úthlutunar úr þrotabúum og ábyrgðargjald um 1.900 milljónir. Skuldir sjóðsins við ríkissjóð voru um 1.380 m.kr. í lok árs 2011 að teknu tilliti til fjármagnsgjalda af neikvæðri fjárhagsstöðu sjóðsins.

## 3.2 ATVINNULEYSISTRYGGINGASJÓÐUR

Tekjustofn Atvinnuleysistryggingasjóðs er atvinnutryggingagjald sem er hluti af tryggingagjaldi. Atvinnutryggingagjaldið var 0,8% í upphafi árs 2001 og aðeins 0,65% í ársbyrjun 2009. Vegna aukins atvinnuleysis á árinu 2009 hækkaði gjaldið í 2,21% frá 1. júlí 2009 og síðan í 3,81% frá 1. janúar 2010. Frá 1. janúar 2012 var gjaldið lækkað í 2,45% enda er sjóðurinn farinn að vaxa á ný. Eigið fé sjóðsins var 15.600 milljónir króna í árslok 2008 en var komið niður í 1.559 m.kr. í árslok 2009 þrátt fyrir verulega hækkun á tryggingagjaldi. Áætlað er að tekjur sjóðsins árið 2011 verði 29.200 m.kr. en útgjöld 24.820 m.kr. og eigið fé sjóðsins verði 8.422 milljónir í árslok 2011.

Ýmsar vinnumarkaðsaðgerðir eru nú kostaðar af sjóðnum. Á árinu 2011 greiddi sjóðurinn um 1.380 m.kr. vegna starfsþjálfunar, átaksverkefna og sérstakra úrræða fyrir atvinnulausa. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs til reksturs Vinnumálastofnunar hafa aukist verulega á síðustu árum. Árið 2007 lagði sjóðurinn 250 m.kr. til reksturs Vinnumálastofnunar en 582,6 milljónir fyrir 2011. Áætlað er að sjóðurinn greiði 624 milljónir 2012.

Á undanförnum árum hefur reglum um sjóðinn verið breytt smátt og smátt á þann veg að draga sem mest úr áhrifum aðila vinnumarkaðarins, sem sitja í stjórn stofnunarinnar og færa ákvörðunarvaldið um greiðslur úr sjóðnum frá lögboðinni stjórn sjóðsins í hendur stjórnenda Vinnumálastofnunar, þannig að stjórn stofnunarinnar og atvinnuleysistryggingasjóðs hefur takmarkaða yfirsýn yfir ráðstöfun fjármuna. Atvinnulífið vill bera meiri ábyrgð á stjórnun, skipulagi og framkvæmd þjónustu við atvinnulaust fólk í samræmi við fjárframlag sitt með það að markmiði að auka möguleika atvinnulauss fólks á að komast í vinnu aftur. Með þetta að markmiði ákvað meirihluti stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að sjóðurinn fjármagni tilraunaverkefni velferðarráðuneytis, Vinnumálastofnunar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um þjónustu við atvinnuleitendur. Verkefnið er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá 5. maí 2011. Áætlaður kostnaður vegna þess er 113 milljónir króna á ársgrundvelli 2012, þar af 75,3 milljónir króna fyrir árið 2012 en verkefnið hefst 1. maí 2012. Jafnframt er lagt til að verja 6,5 milljónum króna til gæðaeftirlits og mats á verkefninu á árinu 2012.



## 3.3 VINNUMÁLASTOFNUN

Vinnumálastofnun annast vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir samkvæmt lögum nr. 55/2006. Vinnumálastofnun spáir því að meðalatvinnuleysi ársins 2012 verði 6,4%. Um 12 þúsund manns eru nú án atvinnu hér á landi og hefur atvinnuleysi aftur farið hækkandi síðustu mánuði enda hafa vonir um stórframkvæmdir brugðist. Meðalatvinnuleysi mældist 7,4% árið 2011 en mældist 8,1% árið 2010. Aðalverkefni Vinnumálastofnunar er að aðstoða fólk við atvinnuleit og finna úrræði fyrir atvinnuleitendur. Öll úrræði byggjast á lagaramma reglugerða nr. 12/2009, sbr. rgl. nr. 162/2012 um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og rgl. nr. 13/2009 um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumark-

VINNUMÁLA STOFNUN

aðsúrræði og greidd eru af Atvinnuleysistryggingasjóði. Stofnunin gerir sérstaka tímabundna samninga við fyrirtæki og félagasamtök um að ráða fólk til að sinna átaksverkefnum sem eru umfram lögbundin og venjuleg umsvif, starfsþjálfunarsamningar eða ný störf á grundvelli tímabundna átaksins *Vinnandi vegur.*

Vinnumálastofnun annast framkvæmd laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þjónustusamningur Atvinnuleysistryggingasjóðs við stofnunina tryggir Vinnumálastofnun aukið rekstrarfé aukist álag á greiðslustofu Atvinnuleysistrygginga á Skagaströnd, sem sjóðurinn greiðir fyrir. Heildarútgjöld Vinnumálastofnunar árið 2011 voru 1.076 m.kr. Heildartekjur stofnunarinnar þ.e. fjárlög og sértekjur námu kr. 1.159 m.kr. árið 2011. Rekstrarafgangur ársins var því 83 milljónir. Eigið fé stofnunarinnar var 73 milljónir þann 31.12.2011 en var neikvætt um 10 milljónir í árslok 2010. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að 100 m.kr. aukafjárveiting vegna verkefnisins *Atvinnutorg* sem hófst í byrjun árs 2012 en var færð á rekstrarárið 2011. Af 1.204 m.kr. áætluðum rekstrartekjum stofnunarinnar árið 2012 er beint ríkisframlag 204 milljónir.

Rekstrartekjur Vinnumálastofnunar 2012 koma fyrst og fremst frá sjóðum í vörslu stofnunarinnar, 624 m.kr. koma frá Atvinnuleysistryggingasjóði, 52 m.kr. frá Ábyrgðasjóði launa og 81 m.kr. frá Fæðingarorlofssjóði. Nýlega var upplýst á stjórnarfundi að stofnunin hefur notað fjárlagaliðinn úrræðafé til að fjármagna eftirlitsdeild sína, 4 stöðugildi. Stofnunin hefur þannig í heimildarleysi sótt aukið rekstrarfé til vörslusjóða sinna.

Aðalskrifstofa Vinnumálastofnunar flutti í nýtt húsnæði í Kringlunni í mars 2011 úr Hafnarhúsinu, og þar með var sameinuð á einn stað öll starfsemi stofnunarinnar í Reykjavík, sem áður var á 4 stöðum. Engar áætlanir eru lengur um að sameina stofnunina öðrum stofnunum en rekstrarumfang hennar ætti að geta minnkað samfara því að aðilar vinnumarkaðarins taka að sér aukna ábyrgð á þessum málaflokki

## 3.4 VIRK – STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður hefur starfað að uppbyggingu þjónustu á sviði starfsendurhæfingar í um þrjú ár. Uppbyggingin hefur verið hröð og eftirspurn eftir þjónustunni er mikil. Á þessum tíma hafa um 3.000 einstaklingar komið í þjónustu til ráðgjafa VIRK og nú starfa um fimmtíu einstaklingar sem sérfræðingar eða ráðgjafar hjá VIRK. Að auki kemur að þjónustunni fjöldi annarra sérfræðinga og úrræðaaðila. Þjónusta VIRK er dreifð og reynt að tryggja gott aðgengi að henni um allt land.



Til ráðgjafa VIRK koma einstaklingar sem búa við skerta vinnugetu vegna heilsubrests og þurfa aðstoð til að geta aftur tekið virkan þátt á vinnumarkaði. Þessir einstaklingar kljást oft og tíðum við fjölþættan og flókinn vanda sem kallar á einstaklingsbundna nálgun í þjónustu og aðstoð. Þjónustan skilar góðum árangri þar sem meirihluti þeirra einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá ráðgjöfum hefur fulla vinnugetu og fer annað hvort beint í starf eða í atvinnuleit.

Árið 2011 einkenndist af miklum vexti og auknu samstarfi við aðra aðila innan velferðarþjónustunnar. Starfsemin er flókin og krefst mikillar þekkingar, reynslu og samstarfs ólíkra fagaðila. Á skrifstofu VIRK starfa 16 starfsmenn og 34 ráðgjafar starfa á vegum VIRK hjá stéttarfélögum um allt land. Iðgjöld atvinnurekenda á árinu 2011 námu rúmum 700 m.kr. og gjöld um 640 m.kr.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að gerð lagafrumvarps um starfsendurhæfingarsjóði, með lífeyrissjóðalögin að fyrirmynd, og er stefnt að lögfestingu þess á vorþingi. Samkvæmt frumvarpinu mun ríkissjóður taka þátt í fjármögnun starfseminnar til jafns við atvinnulífið og lífeyrissjóðina.

## 3.5 NEFNDIR OG RÁÐ

*Í 12. kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði vinnumarkaðsmála sem SA eiga aðild að.*

# SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA OG JAFNRÉTTISMÁL

## 4.1 SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Samtök atvinnulífsins eru tengiliður á Íslandi við Global Compact – Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Sameinuðu þjóðirnar hleyptu verkefninu af stokkunum í júlí árið 2000 en um er að ræða 10 viðmið sem fyrirtæki setja sér að fara eftir. Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu geta notað Global Compact til að gera viðskiptavinum sínum, birgjum og opinberum aðilum grein fyrir samfélagsstefnu sinni. Aukin krafa er um að fyrirtæki geri opinberlega grein fyrir hvernig þessum málum er háttað innan fyrirtækjanna.

Mörg af öflugustu fyrirtækjum Norðurlanda hafa skrifað undir sáttmálann en mörg lítil og meðalstór fyrirtæki hafa einnig tileinkað sér gildi hans. Viðmið sáttmálans má sjá hér til hliðar en átta aðilar hafa skrifað undir Global Compact á Íslandi og mun þeim fjölga á árinu. Nánari upplýsingar um Global Compact má nálgast á skrifstofu SA og á vef norræns tengslanets Global Compact, www.gcnordic.net.

Samtök atvinnulífsins hafa á starfsárinu boðið upp á opna fundi, ráðgjöf og kynningar til fyrirtækja sem vilja kynna sér Global Compact og verður því haldið áfram. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, hvetur stjórnendur fyrirtækja til að skrifa undir Global Compact, en um er að ræða helsta framtakið í heiminum á sviði samfélagsábyrgðar fyrirtækja (e. Corporate Social Responsibility). Um 8.700 aðilar hafa skrifað undir sáttmálann í 130 löndum. Sameinuðu þjóðirnar hafa sett sér það markmið að 20 þúsund fyrirtæki hafi skrifað undir sáttmálann árið 2020 með það að markmiði að auka sjálfbærni efnahagslífs heimsins.






### Horfið fram á við

Samtök atvinnulífsins í samstarfi við UNDP í Kaupmannahöfn (Skrifstofu þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna) buðu stjórnendum fyrirtækja á Íslandi ráðgjöf um Global Compact í upphafi ársins 2012. Mikill áhugi reyndist á ráðgjöfinni og kynnti fjölbreyttur hópur stjórnenda sér hugmyndafræði Global Compact frá morgni til kvölds.

Helle Johansen forstöðumaður hjá UNDP í Kaupmannahöfn fór yfir hvernig fyrirtæki geti hagnast á því að skrifa undir Global Compact og hvaða skuldbindingar það felur í sér. Helle veitti einnig góð ráð um hvernig hægt er að tvinna saman stefnu fyrirtækja og gildi Global Compact, hvar sé gott að byrja og á hvaða svið sé heppilegast að leggja áherslu.

Í grein á vef SA hvatti Helle Íslendinga til þess að horfa fram á við. „Rúmlega þrjú ár eru nú liðin frá því Ísland lenti í hringiðu hinnar alþjóðlegu fjármálakrísu í október 2008. Síðan hafa mörg fyrirtæki gengið í gegnum endurskipulagningu á rekstri sínum og þurft að segja upp starfsfólki. Nú er hins vegar tími til kominn að horfa fram á veginn og hefja endurreisn með því að byggja upp traust á ný. Global Compact getur hjálpað fyrirtækjum á þeirri vegferð.“

### Samfélagsábyrgð og sóknarfæri

Samtök atvinnulífsins, UNDP í Kaupmannahöfn, Íslandsstofa og Þekkingarsetur um samfélagsábyrgð fyrirtækja efndu til morgunverðarfundar og námskeiðs um samfélagsábyrgð þriðjudaginn 25. október 2011 á Grand Hótel Reykjavík. Leitað var svara við því hvernig samfélagsábyrgð í rekstri gæti opnað ný viðskiptatækifæri og aukið veltu fyrirtækja. Helle Johansen fjallaði um hag fyrirtækja af því að setja samfélagsábyrgð á oddinn, sérstaklega á tímum niðursveiflu í efnahagslífinu. Jacob Stokkebye, eigandi danska sjávarútvegsfyrirtækisins Butler´s Choice, sagði frá því hvernig samfélagsábyrgð væri samofin viðskiptaáætlun þeirra og hvernig stefna fyrirtækisins opnaði þeim leið inn í hillur stórmarkaða sem vilja eingöngu bjóða neytendum upp á sjávarafurðir sem eru unnar og veiddar með sjálfbærum hætti. Þá fjallaði Anna Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri tæknisviðs Símans um sýn fyrirtækisins á samfélagsábyrgð fyrirtækja. Anna er einnig stjórnarformaður

Þekkingarseturs um samfélagsábyrgð fyrirtækja sem starfrækt er í nánu samstarfi við háskólasamfélagið og í góðum tengslum við Samtök atvinnulífsins.

Fundurinn og námskeiðið var vel sótt og til marks um aukinn áhuga á málefninu innan atvinnulífsins.

## 4.2 MIKIÐ TRAUST TIL VINNUVEITANDA

Íslensk fyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Þau veita fólki vinnu og skapa verðmæti fyrir þjóðarbúið sem leggja grunn að velferðarsamfélaginu. Það er því mjög ánægjulegt að sjá að Íslendingar treysta vinnuveitendum sínum mjög vel en traust til vinnuveitenda fær mjög háa einkunn í árlegum mælingum Capacent á trausti. Aðeins Landhelgisgæslan og lögreglan njóta meira trausts meðal fólks. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir SA og birt var í mars 2012. Rúmlega þrír af hverjum fjórum (76,2%) eru jákvæðir gagnvart sínum vinnustað og bera mikið traust til eigin vinnuveitanda. Aðeins 10,7% bera lítið traust til eigin vinnuveitanda. Traust fólks á eigin vinnuveitanda eykst milli ára en á sama tíma fer traust fólks á stofnunum þjóðfélagsins almennt þverrandi samkvæmt mælingum Capacent.

## 4.3 JAFNRÉTTISMÁL

SA hafa á liðnum árum hvatt til þess að fjölbreytni verði aukin í atvinnulífinu, bæði í stjórnum fyrirtækja og stjórnunarstöðum. Í september 2013 taka gildi ný lög sem kveða á um að hlutfall hvors kyns verði aldrei lægra en 40% í stjórnum stærri fyrirtækja og lífeyrissjóða. Alls falla 285 fyrirtæki undir löggjöfina en af þeim uppfylltu 45% ákvæði laganna í byrjun mars 2012. 55% fyrirtækjanna þurfa því að bæta konu eða konum í stjórnina en eitt fyrirtæki þarf að bæta við karli í stjórnina. Í maí 2009 skrifuðu SA undir samstarfssamning ásamt FKA, VÍ og Creditinfo um að fjölga konum í forystusveit íslensks atvinnulífs til loka ársins 2013 en aðild að samningnum áttu m.a. allir stjórnmálaflokkar á Alþingi. Á vef FKA má nálgast lista yfir 200 öflugar konur sem bjóða fram krafta sín til setu í stjórnum íslenskra fyrirtækja.

Samtök atvinnulífsins hafa á undanförnum árum unnið markvisst að því að jafna kynjahlutföll í stjórnum lífeyrissjóða þar sem SA tilnefna stjórnarmenn. Í mars 2012 tilnefndu SA 14 stjórnarmenn til setu í stjórnum átta lífeyrissjóða til næstu tveggja ára. Af þeim eru 10 konur eða rúmlega 71%. Að loknum aðalfundum sjóðanna vorið 2012 munu konur skipa 44% sæta SA. Aðeins vantar 1-2 konur í viðbót til að alveg jafnt kynjahlutfall náist meðal 25 fulltrúa Samtaka atvinnulífsins í stjórnum sjóðanna. Það mun nást á næsta ári þegar 10 sæti koma til tilnefningar og lokaskrefið verður stigið til að jafna hlut kynjanna. Þá verða konur 12 eða 13 af 25 stjórnarmönnum SA, þ.e. annað hvort 48% eða 52%.

## 4.4 KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Á tímabilinu frá 20. mars 2011 til jafnlengdar 2012 hefur Kærunefnd jafnréttismála tekið níu mál til meðferðar. Í fimm tilvikum var kæruefnið hæfnismat við ráðningu eða skipun í starf hjá opinberum aðilum og í einu tilviki vegna launa og starfskjara konu sem bar sig saman við karlkyns fyrirrennara sinn í starfi hjá opinberu hlutafélagi. Tvö mál voru af öðrum toga. Athyglisvert er að meiri hluti kærenda voru karlar.

## 4.5 JAFNRÉTTISRÁÐ

Samtök atvinnulífsins eiga fulltrúa í Jafnréttisráði sem velferðarráðherra skipar en eitt af verkefnum þess er að vinna að jöfnum rétti karla og kvenna á vinnumarkaði og gefa ráð um það efni.

## 4.6 ÁTAK GEGN SVARTI VINNU

Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og ríkisskattstjóri gerðu með sér samkomulag í júní 2011 um tímabundið átak gegn svartri atvinnustarfsemi undir yfirskriftinni *Leggur þú þitt af mörkum?* Samkomulagið var gert í kjölfar undirritunar nýrra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Samstarf af þessum toga er nýlunda en fulltrúar frá ASÍ, SA og RSK heimsóttu fyrirtæki víðs vegar um landið, en átakið náði til fyrirtækja með ársveltu undir einum milljarði. Áhersla var lögð á að nálgast verkefnið með jákvæðum formerkjum, þar sem meginmarkmiðið væri að kanna aðstæður, veita ráðgjöf og fræðslu um viðeigandi reglur og lagaramma, og hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef þörf krefði.

Í nóvember voru helstu niðurstöður verkefnisins kynntar. Alls voru 2.024 lögaðilar heimsóttir á 2.136 starfsstöðvum um land allt og voru 6.167 starfsmenn skráðir. Um 45% fyrirtækja reyndust vera með öll sín mál í lagi en 55% fyrirtækja fengu leiðbeinandi ábendingar

**Hversu mikið eða lítið traust berð þú til þíns vinnuveitanda?**






Leggur þú þitt af mörkum?

eða beinar athugasemdir um atriði sem betur mættu fara. Niðurstöðurnar staðfesta að svört vinna er algeng hjá smærri fyrirtækjum, en 12 af hverjum 100 starfsmönnum sem athugaðir voru reyndust í svartri vinnu. Orsakir þessa geta verið ýmsar en það réttlætir ekki að fyrirtæki stundi svarta atvinnustarfsemi og skekki samkeppnisstöðuna við fyrirtæki sem fari að lögum og reglum.

Vilmundur Jósefsson, formaður SA, sagði við kynningu niðurstaðna verkefnisins að nauðsynlegt hafi verið að ráðast í átak sem þetta en umfang svörtu vinnunnar hafi reynst mun meira en hann átti von á. Það sé grafalvarlegt þegar fyrirtæki stundi svarta atvinnustarfsemi þar sem það skekki samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem fari að lögum og reglum.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA sagði við sama tækifæri ólíðandi að ákveðin fyrirtæki búi við heimatilbúin skattalög og taki lögin í sínar eigin hendur. Vilhjálmur sagði margar breytingar á skattkerfinu á undanförnum árum hafi eflaust haft áhrif á skattskil en það afsaki ekki undanskot. Áfram verði að vinna gegn svartri vinnu ásamt því að lagfæra það sem hefur miður farið í skattkerfinu.



## 4.7 FYRIRTÆKI LÖGÐU BÆNDUM LIÐ

Þann 21. maí 2011 braust út Grímsvatnagos með miklu tjóni fyrir bændur og búalið á því svæði sem harðast var úti. Hópur fólks undir forystu Guðna Ágústssonar, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, tók sig til og skipulagði söfnun til að bæta bændum það tjón sem ekki yrði annars bætt og leituðu til fyrirtækja landsins eftir fjárframlögum. Fjölmörg fyrirtæki lögðu sitt af mörkum en Samtök atvinnulífsins hjálpuðu til við að kynna söfnunina og hvöttu fyrirtæki til þátttöku.



## GLOBAL COMPACT VIÐMIÐ

### MANNRÉTTINDI

**Viðmið 1**

Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.

**Viðmið 2**

Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

### VINNUMARKAÐUR

**Viðmið 3**

Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.

**Viðmið 4**

Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinnu.

**Viðmið 5**

Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.

**Viðmið 6**

Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.

### UMHVERFI

**Viðmið 7**

Fyrirtæki styðja beitingu varúðarreglu í umhverfismálum.

**Viðmið 8**

Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.

**Viðmið 9**

Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni.

### GEGN SPILLINGU

**Viðmið 10**

Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.

# LÍFEYRISMÁL

## 5.1 STAÐA LÍFEYRISSJÓÐANNA

Hreinar eignir allra lífeyrissjóða, bæði samtryggingar- og séreignarsjóða, námu 2.100 milljörðum króna í árslok 2011, samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands. Aukningin nam um 190 milljörðum króna eða tæpum 10%. Að teknu tilliti til rúmlega 5% verðbólgu innan ársins nam raunaukningin 4,3%. Líklega er áætlun bankans of lág því ávöxtun sjóðanna var góð á síðustu mánuðum ársins 2011.

Eignir sjóðanna hækkuðu úr 124% af landsframleiðslu árið 2010 í 128% samkvæmt áætluninni. Í ljósi varfærinnar áætlunar Seðlabankans má áætla að stærð sjóðanna hafi nálgast hámarkið sem náðist árið 2007 þegar það var tæplega 130% af landsframleiðslu.

Raunávöxtun lífeyrissjóðanna í heild var jákvæð á árinu 2011, en lakari en 2010 og náði ekki 3,5% markmiðinu, en uppgjör stærstu sjóðanna sýndu 2-3% raunávöxtun.

## 5.2 SKIPTING EIGNA

Stærsti eignaflokkur lífeyrissjóðanna eru skuldabréf útgefin af Íbúðalánasjóði. Íbúðabréfin námu 32% eigna sjóðanna í árslok 2011, skv. áætlun SÍ, og hefur hlutdeild þeirra hækkað mikið á undanförnum árum. Sama gildir um skuldabréf ríkis og sveitarfélaga sem námu 14% eigna þannig að rétt tæpur helmingur eigna sjóðanna er bundinn í þessum tveimur eignaflokkum. Hlutur erlendra eigna hefur hins vegar hríðlækkað á undanförnum tveimur árum þar sem sjóðirnir geta ekki fjárfest erlendis. Erlendar eignir, hlutabréf og skuldabréf, námu 22% eigna árið 2011 samanborið við 30% árið 2009. Ávöxtun erlendu eignanna hefur verið góð og því bitna gjaldeyrishöftin illa á sjóðunum.

Fjárfestingarkostir innanlands hafa verið ónógir sem lýsir sér best í því að bankainnstæður og sjóður nema 8% eigna, sem er svipað hlutfall og árið 2010.

## 5.3 SÉREIGNARSPARNAÐUR OG ÚTTEKT HANS

Hrein eign séreignarlífeyrissjóða til greiðslu lífeyris var 191 ma. kr. í árslok 2010 og má ætla að staðan hafi lækkað um 5-10 ma.kr. á árinu 2011 vegna lagaheimildar til úttektar hjá sjóðsfélögum sem ekki hafa náð lífeyrisaldri. Frá mars 2009 til ársloka 2011 námu útgreiðslur 63 ma. kr. sem skiptust þannig milli ára að 24 ma. kr. voru teknir út árið 2011, 17 ma. kr. árið 2010 og 22 ma. kr. árið 2009. Af þessum útgreiðslum hefur ríkissjóður haft drjúgar tekjur og áhrifin á einkaneyslu hvers árs hafa numið 1,5-2%.

## 5.4 SAMEIGINLEG YFIRLÝSING SA OG ASÍ UM LÍFEYRISMÁL

Með kjarasamningi SA og ASÍ þann 5. maí 2011 fylgdi yfirlýsing um lífeyrismál. Í henni sagði að áfram yrði unnið að samræmingu lífeyrisréttinda á vinnumarkaði og stuðlað að sátt um meginþætti lífeyrismála. Meginmarkmiðið sé að allir lífeyrissjóðir á vinnumarkaðnum starfi á sjálfbærum grunni og að lífeyrisréttindi þróist í samræmi við þarfir fyrir ásættanlegan lífeyri. Á vettvangi samningsaðila verði unnið á þeim forsendum að hækka þurfi iðgjöld til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5% á árunum 2014–2020.

Samkvæmt yfirlýsingunni er stefnt að niðurstöðu fyrir í árslok 2012 og komi hún til umræðu vegna endurskoðunar kjarasamninga í ársbyrjun 2013. Yfirlýsing fól í sér umboð til framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins og Samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ að ganga frá útfærslu á hækkun iðgjalda sem tekið gætu gildi á árinu 2014.

## 5.5 NEFND UM ENDURSKOÐUN LÍFEYRISMÁLA

Í ársbyrjun 2010 var skipuð nefnd aðila almenna og opinbera vinnumarkaðarins og stjórnvalda sem fékk það verkefni samkvæmt erindisbréfi fjármálaráðherra að fara yfir kosti og galla núverandi fyrirkomulags og safna saman hugmyndum og koma með tillögur um framtíðarskipan lífeyrismála.

Nefndin hittist reglulega árið 2010 en starf hennar lá að mestu niðri árið 2011, vegna ósættis milli fulltrúa almenna markaðarins og heildarsamtaka opinberra starfsmanna, en var tekið upp á ný í febrúar á þessu ári. Í hnotskurn snýst ágreiningurinn um það hvað felist í áunn-

| Áætluð flokkun eigna lífeyrissjóða í árslok 2011 | Mia.kr. | Skipting |
|---|---|---|
| Íbúðabréf/húsbréf/húsnæðisbréf | 663 | 32% |
| Erlend hlutabréf | 398 | 19% |
| Skuldabréf ríkis og sveitarfélaga | 298 | 14% |
| Sjóðfélagalán | 177 | 8% |
| Bankainnstæður | 158 | 8% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 145 | 7% |
| Innlend hlutabréf | 109 | 5% |
| Innlend verðbréf | 90 | 4% |
| Erlend verðbréf | 72 | 3% |
| Skuldabréf innlánsstofnana | 37 | 2% |
| Aðrar eignir | 10 | 0% |
| Afleiðusamningar | -61 | -3% |
| **Samtals** | **2.097** | **100%** |

Heimild: Seðlabanki Íslands

**Eignir lífeyrissjóða** Hrein eign til greiðslu lífeyris




Heimild: Seðlabanki Islands

um lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna, en ASÍ og SA hafa lagt áherslu á að skuldaaukning lífeyrissjóða opinberra starfsmanna verði stöðvuð með því að inngreiðslum í A- og B-deildir LSR og sveitarfélaga verði hætt og iðgjöld greiðist í nýja deild sem verði rekin á sambærilegum grunni og á almennum vinnumarkaði. Þeir sem hafi greitt í sjóðina haldi þeim réttindum. Fulltrúar opinberra starfsmanna eru á öðru máli og telja að núverandi sjóðsfélagar eigi að fá að ávinna sér réttindi í A- og B-deildunum til starfsloka. Minni ágreiningur er milli aðila um framtíðarskipan lífeyrismála og samstaða er um að núverandi tvískipting milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins sé skaðleg.

## 5.6 ÚTTEKT Á STÖRFUM LÍFEYRISSJÓÐA

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða ákvað í júní 2010 að láta gera sjálfstæða, óháða úttekt á starfsemi lífeyrissjóða í aðdraganda efnahagshrunsins í október 2008 og var Ríkissáttasemjara falið að tilnefna þrjá einstaklinga í úttektarnefnd. Skýrsla nefndarinnar var lögð fram í byrjun febrúar 2012.

Meginniðurstaða nefndarinnar var að heildar eignarýrnun sjóðanna af völdum hrunsins frá 1. janúar 2008 til ársloka 2010 hafi numið 480 milljörðum króna eða 28% af heildareignum. Var þá einungis reiknað með þeim eignaflokkum sem tap varð á, innlendum hlutabréfum, skuldabréfum fyrirtækja og afleiðusamningum, en ekki þeim sem skiluðu jákvæðri ávöxtun. Í umræðum um þessa niðurstöðu gerðu lífeyrissjóðirnir og LL þá athugasemd að rétt hefði verið að miða hrunið við október 2008 en ekki janúar það ár. Sé miðað við tímabilið frá október 2008 þá lækkar talan í 385 milljarða króna sem nemur 22% af heildareignum.

Þá kallaði nefndin eftir heildar endurskoðun á lífeyrissjóðalögunum, einkum ákvæðum um fjárfestingarstefnu, og lagði til að einn eða fleiri stjórnarmenn lífeyrissjóða á almennum og opinberum vinnumarkaði yrðu kosnir beinni kosningu á ársfundum.

## 5.7 SKIPAN Í STJÓRNIR LÍFEYRISSJÓÐA

*Aðalmenn í stjórnum lífeyrissjóða tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins (m.v. 26. mars 2012).*

### *LÍFEYRISSJÓÐIR*

**Gildi – lífeyrissjóður**
Heiðrún Jónsdóttir
Vilhjálmur Egilsson
Friðrik J. Arngrímsson
Orri Hauksson

**Stafir lífeyrissjóður**
Baldur Á.Steinarsson
Erna Hauksdóttir
Guðsteinn Einarsson

**Stapi lífeyrissjóður**
Guðrún Ingólfsdóttir
Ágúst Torfi Hauksson
Sigurður Jóhannesson

**Lífeyrissjóður Rangæinga**
Þorgils Torfi Jónsson
Óskar Pálsson

**Festa lífeyrissjóður**
Garðar Vilhjálmsson
Sigrún Helga Einarsdóttir
Guðmundur S. Guðmundsson

**Lífeyrissjóður verzlunarmanna**
Hannes G. Sigurðsson

**Lífeyrissjóður Vestfirðinga**
Áslaug Alfreðsdóttir
Kristján G. Jóhannsson

**Lífeyrissjóður Vestmannaeyja**
Stefán Friðriksson
Arnar Sigurmundsson
Andrea Atladóttir

**Sameinaði lífeyrissjóðurinn**
Jón Bjarni Gunnarsson
Auður Hallgrímsdóttir
Hanna Þórunn Skúladóttir

# UMHVERFISMÁL OG VINNUUMHVERFI

Um langa hríð hafa íslensk fyrirtæki unnið að umbótum í umhverfismálum. Sjálfbær nýting auðlinda, betri nýting aðfanga, minni úrgangur og minni mengun hafa verið markmið í rekstrinum. Það sama gildir um innra umhverfi fyrirtækjanna þar sem úrbætur leiða til færri slysa, betri líðunar og aukinna afkasta starfsmanna. Þessi nálgun skilar betri afkomu og er hagfelld umhverfinu. Fjölmörg fyrirtæki hafa orðið til í kringum nýsköpun á þessu sviði og mörg þeirra í örum vexti. Þessi hugsun hefur nú fangað athygli stjórnmálanna þar sem þessi aðferðafræði gengur undir heitinu „græna hagkerfið". Full ástæða er til að fagna því að opinberir aðilar vilja feta í fótspor atvinnulífsins á þessu sviði.

## 6.1 UMHVERFISMÁL

### Loftslagsmál

Um síðustu áramót voru flugsamgöngur felldar undir viðskiptakerfi ESB með útstreymisheimildir gróðurhúsalofttegunda (s.k. ETS-kerfi). Það þýðir að íslensk flugfélög fá úthlutað heimildum upp að ákveðnu marki en þurfa að kaupa sér viðbótarheimildir dugi þær sem úthlutað er ekki til. Þessu fylgir mikill kostnaður fyrir fyrirtækin sem að sjálfsögðu mun sjá stað í verði þjónustunnar sem flugfélögin veita. Það er afar öfugsnúið að íslensk stjórnvöld skuli á sama tíma leggja svokallað kolefnisgjald á eldsneyti til innanlandsflugs. Þannig verður skattlagningin tvöföld. Eldsneytið er skattlagt og útstreymið vegna brennslu þess einnig. Hvergi annars staðar á EES svæðinu er málum svo fyrir komið.

Reyndar er kolefnisgjald einnig lagt á sölu eldsneytis til millilandaflugs. Þar ber hins vegar svo við að flugfélögin fá endurgreitt gjaldið, að vísu eftir langa hríð, vegna þess að einstökum ríkjum er óheimilt að skattleggja flugsamgöngur á milli landa. Þrátt fyrir að Alþingi hafi ítrekað verið bent á að skattlagningin sé óheimil og að hún skili ekki ekki tekjum í ríkissjóð, heldur skapi einungis umstang og kostnað, hefur þingið ekki viljað fella gjaldið brott úr lögum.

Um næstu áramót munu fjölmörg önnur fyrirtæki hér á landi falla undir viðskiptakerfið. Það á við um orkufrekan iðnað, steinullarframleiðslu og fiskimjölsbræðslurnar. Fyrirtækin hafa öll fengið losunarleyfi þrátt fyrir að ekki hafi verið gengið frá innleiðingu viðkomandi tilskipunar í EES-samninginn. Töluverð óvissa ríkir um hvaða áhrif kerfið kemur til með að hafa á einstök fyrirtæki. Svo virðist til dæmis að steinullarverksmiðjunni verði gert að afla sér útstreymisheimilda vegna þess að fyrirtæki í Evrópu nota raforku úr jarðefnaeldsneyti, fiskimjölsverksmiðjurnar virðast munu koma illa út og svo virðast gerðar kröfur um að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga þurfi að afla sér útstreymisheimilda vegna þess að fyrirtækið selur ekki afgangsvarma til raforkuframleiðslu eða hitaveitu. Einnig ríkir óvissa um hvernig fara mun með ný fyrirtæki sem vilja hefja hér starfsemi. Eins og kunnugt er hafa svo íslensk stjórnvöld ítrekað hótað því að leggja kolefnisgjald á hráefni fyrirtækjanna þannig að þau lendi í tvöfaldri skattheimtu. Mjög lítið samráð hefur verið haft við fyrirtækin og samtök þeirra vegna fyrirhugaðrar lagasetningar og stjórnvöld hafa með því valdið áhyggjum og skapað tortryggni í sinn garð.



### Önnur umhverfismál

Á vegum umhverfisráðuneytisins er nú unnið að tveimur lagafrumvörpum sem skipta atvinnulífið miklu. Þar er annars vegar um að ræða heildarlöggjöf um efni og efnasambönd en endurskoðun þeirrar löggjafar er orðin mjög brýn. Árið 2007 tók gildi ný Evrópulöggjöf um skráningu og leyfisveitingar efna og efnasambanda (s.k. REACH) og 2009 löggjöf um flokkun, merkingu og pökkun efna. Eldri löggjöf hér á landi er að stofni frá árinu 1988. SA hafa skilað ráðuneytinu umsögn um frumvarpsdrög sem nú liggja fyrir og er umsögnin jákvæð þótt bent sé á atriði sem betur mega fara. Ráðuneytið hefur átt óformlegt samráð við fulltrúa atvinnulífsins um þessi frumvarpsdrög. Hins vegar er unnið að undirbúningi breytinga á úrgangslöggjöfinni í framhaldi af nýrri Evróputilskipun á því sviði. Í tilskipuninni er lögð áhersla á að komið sé í veg fyrir myndun úrgangs en að endurnýting og endurvinnsla sé ofar í forgangsröðinni en





að losa sig við úrganginn. Gert er ráð fyrir að stjórnvöld útbúi áætlun þar sem uppfylla þarf ákveðin tímasett markmið á þessu sviði.

Allt árið hefur rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða verið í vinnslu milli tveggja ráðuneyta og er áætlunin sveipuð pólitískum huliðsblæ sem er alveg í andstöðu við það ferli sem hún var unnin eftir allt frá árinu 1999.

## 6.2 VINNUUMHVERFI

Ekki urðu á árinu 2011 breytingar á skipulagi og stjórnsýslu vinnuverndarmála. Vinnueftirlit ríkisins fækkaði umdæmum sínum þannig að í stað átta umdæma eru nú fjögur eftirlitssvæði. Sett var á árinu ný reglugerð nr. 540/2011 um tilkynningu atvinnusjúkdóma. Unnið er að undirbúningi reglugerðar um þjónustuaðila sem aðstoða eiga fyrirtæki við áhættumat og forvarnir ef þau ráða ekki yfir nægilegri þekkingu sjálf. Sátt er um meginefni reglugerðarinnar og er gert ráð fyrir að hún taki gildi á vormánuðum 2012. Undirnefndir á vegum stjórnar Vinnueftirlitsins hafa unnið að endurskoðun reglugerðar um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi við mannvirkjagerð og reglugerðar um röravinnupalla. Velferðarráðuneytið skipaði á starfsárinu nefnd til að endurskoða ákvæði laga og reglugerðar um einelti og ofbeldi. Á árinu lauk samanburðarrannsókn á norrænni vinnuverndarlöggjöf sem fjármögnuð var af norrænu ráðherranefndinni.

Vinnueftirlitið hefur sent ráðuneytinu tillögur stofnunarinnar að breytingum á lögum nr. 45/1980, sem m.a. gera ráð fyrir auknum refsingum þ.e. fangelsisvist vegna brota á vinnuverndarlögum og ábyrgð verkkaupa á vinnuvernd, t.d. almennra húsbyggjenda á störfum verktaka. SA eru ósammála þessum tillögum Vinnueftirlits ríkisins.

Í markaðri stefnu Vinnueftirlitsins fyrir tímabilið 2009–2012, er m.a. lögð áhersla á forvarnir gegn dauðaslysum og öðrum alvarlegum slysum. Norræn rannsókn sem yfirlæknir stofnunarinnar stýrði leiddi í ljós að tíðni dauðaslysa við vinnu var hærri hér á landi en á Norðurlöndunum og áttu slys við mannvirkjagerð þar stærstan hlut að máli. Þessum slysum hefur fækkað en þó urðu þau þrjú á árinu 2011. Vinnueftirlitið hefur sætt almennum niðurskurði á fjárveitingu eins og aðrar opinberar stofnanir og hefur því orðið að draga úr almennu eftirliti og annarri starfsemi sem ekki er fjármögnuð með gjaldskrártekjum. Fræðslustarf hefur verið aukið á móti.

Stofnunin leggur við eftirlitsstörf áherslu á ábyrgð stjórnenda fyrirtækja og áhættumat innan fyrirtækjanna sjálfra. Ýmis verkfæri hafa verið þróuð til að aðstoða fyrirtækin við þetta starf og skal sérstaklega bent á fjölda svonefndra vinnuumhverfisvísa sem sniðnir eru að einstökum atvinnugreinum eða áhættuþáttum og aðgengilegir eru á vef stofnunarinnar.

Á árinu hófst formleg þátttaka Íslands í stjórn Vinnuverndarstofnunar ESB (European Agency for Safety and Health at Work) sem staðsett er í Bilbao á Spáni. Í stjórninni sitja fulltrúar SA, ASÍ og Vinnueftirlitsins. Stofnunin stendur m.a. fyrir evrópskri vinnuverndarviku í október ár hvert.

# SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

## 7.1 UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Samtökum atvinnulífsins berst mikill fjöldi þingmála til umsagnar. Á 140. löggjafarþingi, 2011–2012, sendu samtökin inn umsagnir um eftirtalin þingmál (miðað við 26. mars 2012).



### 140. löggjafarþing

*Stjórnarfrumvörp um*

- matvæli, heimildir Matvælastofnunar, kærufrestur, EES-reglur
- til upplýsingalaga
- landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén
- umhverfisábyrgð, heildarlög, EES-reglur
- varnir gegn mengun hafs og stranda
- Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála
- Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála
- háskóla
- breytingu á lögum um kjararáð og lögum um Stjórnarráð Íslands, skrifstofustjórar, launaviðmið
- aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, raunverulegur eigandi, viðurkennd persónuskilríki ofl., EES-reglu
- þjóðskrá og almannaskráningu, gjaldtaka
- skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, áhættustýring, vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga starfsendurhæfingarsjóður, hæfi stjórnarmanna og sérstök vaxtaniðurgreiðsla
- Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum, iðgjald launagreiðanda
- löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, EES-reglur
- náttúruvernd, akstur utan vega o.fl.
- hlutafélög og einkahlutafélög, einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl., EES-reglur
- fjársýsluskatt, heildarlög
- ráðstafanir í ríkisfjármálum, breyting ýmissa laga
- breytingu á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi

*Þingsályktunartillögur um*

- fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2014
- samgönguáætlun 2011–2022
- fjögurra ára samgönguáætlun 2011–2014
- stefnu um beina erlenda fjárfestingu
- nýsköpunarátak til að stórefla heilsársferðaþjónustu úti á landi
- úttekt á aðgengi sjómanna að þjónustustarfsemi opinberra aðila
- þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan
- stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs
- aðgerðaráætlun um tóbaksvarnir
- styttingu þjóðvegarins milli höfuðborgarsvæðisins og Norðausturlands
- sókn í atvinnumálum
- um hitaeiningamerkingar á skyndibita
- aðgerðir til að endurreisa íslenskt efnahagslíf
- norræna hollstumerkið Skráargat
- upptöku Tobin-skatts
- úttekt á álitsgerðum matsfyrirtækja um lánshæfi íslenskra aðila
- leiðréttingar á höfuðstóli íbúðalána og minna vægi verðtryggingar
- stöðugleika í efnahagsmálum
- um formlega innleiðingu fjármálareglu
- eflingu græna hagkerfisins á Íslandi
- úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði



*Þingmannafrumvörp um*

- vexti og verðtryggingu, hámark vaxta
- virðisaukaskatt, barnaföt o.fl.
- stjórn fiskveiða, þjóðareign á nytjastofnum og nýtingarréttur
- stjórn fiskveiða, uppboð aflaheimilda
- hafnir
- breytingu á hafnalögum
- tekjuskatt, skilyrði sjómannaafsláttar
- tekjuskatt, skuldaeftirgjafir
- stimpilgjald, afnám stimpilgjalds vegna kaupa á íbúðarhúsnæði
- ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð, lækkun olíugjalds og vörugjalds

*Tilskipanir um*

- tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 19. maí 2010, Directive 2010/30/EU, upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið

## 7.2 LÖGGJÖF SEM SNÝR AÐ ATVINNULÍFINU

**Lög um nýjan fjársýsluskatt.**
Með lögum nr. 165/2011 var lagður á nýr skattur, fjársýsluskattur af öllum tegundum launa eða þóknana fjármálafyrirtæka. Gert er ráð fyrir að skattstofninn verði heildarlaunagreiðslur þessara aðila og að skatthlutfallið verði 5,45%. Skatturinn er innheimtur samkvæmt sömu lögum og gildir um staðgreiðslu opinberra gjalda og er lagður á með opinberum gjöldum samkvæmt lögum um tekjuskatt. Skatttekjur ríkisins eru áætlaðar um 2,2 milljarðar kr.

**Sérstök skattlagning á lífeyrissjóði**
Með lögum nr. 156/2011 var lögfest að við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013 skulu lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum, greiða nýtt sérstakt gjald í ríkissjóð sem nemur 0,0814% af hreinni eign til greiðslu lífeyris, eins og hún er í lok næstliðins árs. Skattlagning þessi jafngildir 0,0814% eignarskatti á heildareignir samtryggingahluta lífeyrissjóða vegna áranna 2012 og 2013. Þessi skattlagning á kostnað lífeyrissjóðanna mun hafa þau áhrif að lífeyrisgreiðslur lækka til sjóðfélaga, sem eru eigendur sjóðanna.

**Lög um breytingu á lögum um fólks- og farmflutninga.**
Með lögum nr. 162/2011 um breytingu á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001 var Vegagerðinni heimilað að veita landshlutasamtökum sveitarfélaga einkaleyfi til að skipuleggja og sjá um almenningssamgöngur með bifreiðum á tilteknu svæði eða tilteknum leiðum. Í kjölfarið hefur Vegagerðin gert samninga um almenningssamgöngur við ýmis landshlutasamtök sveitarfélaga, jafnvel á leiðum sem voru sjálfbærar t.d. til og frá Keflavíkurflugvelli til höfuðborgarsvæðisins.



**Breyting á lögum um gjaldeyrishöft – stagað í götin**
Með lögum nr. 17/2012 um breytingu á lögum um gjaldeyrismál voru tilteknar fjármagnshreyfingar á milli landa takmarkaðar, þ.e. almenn undanþáguheimild til útgreiðslna í íslenskum krónum úr innlendum þrotabúum til erlendra aðila, sérstök undanþáguheimild búa föllnu fjármálafyrirtækjanna til fjármagnshreyfinga í erlendum gjaldeyri, sem gerði föllnu fjármálafyrirtækjunum mögulegt að greiða kröfuhöfum sínum í erlendum gjaldeyri, og undanþáguheimild til að skipta jafngreiðslum og verðbótum af höfuðstól skuldabréfa. Óttast var að óbreyttu gætu þessar heimildir valdið alvarlegum óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði og verulegrar gengislækkunar krónunnar og höggvið stór skörð í gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Lagabreyting þessi eykur ekki þá trú að gildandi gjaldeyrishöftum verði aflétt á næstu árum.

**Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða**
Með lögum nr. 73/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem sett voru í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga, var kveðið á um almenna greiðsluskyldu iðgjalds til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Fram að setningu laganna hafði einungis verið kveðið á um greiðsluskyldu í kjarasamningum. Í lögunum er kveðið á um að iðgjald launagreiðanda, þ.m.t. þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs skuli vera 0,13% af iðgjaldsstofni til lífeyrissjóðs. Launagreiðanda er skylt að standa skil á iðgjaldinu til viðkomandi lífeyrissjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald en lífeyrissjóðir ráðstafa iðgjaldinu til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs í samræmi við ákvæði innheimtusamninga. Ákvæðinu var ætlað að gilda til 31. desember 2011 og að fyrir þann tíma yrði lokið endurskoðun á skipulagi og samhæfingu starfsendurhæfingarmála. Sú vinna dróst og því var gildistíminn framlengdur til 1. júlí 2012 með lögum nr. 156/2011.

*Allar umsagnir SA um þingmál má nálgast á vef SA.*

# ERLEND SAMSKIPTI

## 8.1 AÐILDARVIÐRÆÐUR ÍSLANDS OG ESB

Alþingi samþykkti hinn 16. júlí 2009 að sækja um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ríkjaráðstefna sambandsins og Íslands hinn 28. júní 2010 markaði upphafið á aðildarumsókninni en hinar eiginlegu aðildarviðræður hófust undir lok júní 2011. Aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið snúast í raun um fjóra málaflokka þ.e. byggðamál, myntsamstarfið, sjávarútveg og landbúnað. Þetta eru stóru málin sem standa utan við samninginn um evrópska efnahagssvæðið, EES-samninginn. Á þessum sviðum yrðu umtalsverðar breytingar hér á landi ef af aðild verður. Ísland er nú þegar mikilvægur þátttakandi í innri markaði Evrópu á fjölmörgum sviðum og landið hefur margt fram að færa s.s. á sviði endurnýjanlegrar orku, sjávarútvegs, áliðnaðar og ferðaþjónustu. Enn sem komið er hafa einungis verið opnaðir þeir kaflar á liðnum ríkjaráðastefnum sem falla undir EES-samninginn og allir vissu að væru auðopnaðir og að þeim mætti loka svo til strax. Aðildarviðræður Íslands og aðildarríkja ESB fara fram á ríkjaráðstefnum sem eru að jafnaði fjórar á ári.

Staða aðildarviðræðnanna var þessi hinn 30. mars s.l. Viðræðum lauk hinn 27.6. 2011 um kafla 25 um vísindi og rannsóknir og um kafla 26 um menntun og menningu. Viðræðum lauk hinn 19.10.2011 um kafla 2 um frjálsa för vinnuafls og um kafla 7 um hugverkarétt. Og hinn 12.12. 2011 lauk viðræðum um kafla 6 um félagarétt, um kafla 20 um fyrirtækja- og iðnstefnu, um kafla 21 um evrópsk samgöngunet og um kafla 23 um réttarvörslu og grundvallarréttindi. Enn er viðræðum ólokið um kafla 5 um opinber innkaup, um kafla 10 um upplýsingasamfélagið og fjölmiðla og um kafla 22 um byggðastefnu og um kafla 33 um framlagsmál en þessir kaflar voru opnaðir hinn 27.6. 2011, hinn 6.10. 2011 og hinn 12.12. 2011.

Viðræðurnar byggja á samningsafstöðu og samningsmarkmiðum Íslands og á sameiginlegri samningsafstöðu allra aðildarríkja ESB. Ísland og aðildarríki ESB skiptast á samningsafstöðu þar til sameiginleg niðurstaða hefur náðst og þannig er viðræðum lokið formlega kafla fyrir kafla. Að viðræðum sé lokið felur í sér lokun kafla til bráðabirgða því í aðildarviðræðunum er órækur réttur Íslands og aðildarríkja ESB til að ræða aftur viðkomandi kafla ef einhverjar breytingar eiga sér stað í millitíðinni í viðkomandi málaflokki.

Hugsanleg Evrópusambandsaðild er spurning um hagsmunamál sem varðar velferð allra Íslendinga. Því er brýnt að vel sé á þeim málum haldið. Innan Samtaka atvinnulífsins eru skiptar skoðanir um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Samtökin leggjast engu að síður gegn því að ríkisstjórnin dragi aðildarumsókn að Evrópusambandinu til baka og aðildarviðræðunum verði þannig slitið af Íslands hálfu. Samtökin telja að leiða eigi viðræðurnar til lykta. Aðild að Evrópusambandinu verður ekki metin fyrr en endanlegar niðurstöður um aðildarsamning liggja fyrir. Komið hefur fram vilji ríkisstjórnarinnar að ljúka aðildarviðræðunum fyrir lok kjörtímabilsins árið 2013. Það er ekki vinnandi vegur.

## 8.2 AF VETTVANGI ESB

Árið 2011 fóru Ungverjaland og Pólland með forsæti í ráðherraráði Evrópusambandsins. Nú sem stendur fer Danmörk með forsætið en Kýpur tekur við á seinni helmingi þessa árs. Danir hafa boðist til að aðstoða Kýpverja við formennskuna á margvíslegan hátt og munu meðal annars halda utan um ýmsa tæknilega málaflokka út árið. Eðli formennsku í ESB hefur breyst nokkuð á undanförnum árum en er engu að síður vettvangur til að koma einstökum málum á dagskrá sem formennskulandi þykir sérstaklega brýnt og mikilvægt.

Viðvarandi efnahags- og fjármálakreppa í Evrópu hefur orðið til þess ráðherraráð ESB ver tíma sínum til að sitja neyðarfundi þar sem reynt er að slökkva elda í aðildarlöndum í sunnanverðri álfunni sem eiga við alvarlegan greiðsluvanda að stríða. Kanslari Þýskalands hefur í samráði við forseta Frakklands haft forystu um að móta stefnu til að glíma við vandann. Hefur orðið úr að hvetja skuldugustu ESB ríkin til að draga mjög harkalega úr ríkisútgjöldum til að koma böndum á ríkisfjármál. Reynt hefur verið að ná sátt um stórfelldar aðgerðir er snúa að efnahagslífi nánast allra aðildarríkja og ríkisfjármála þeirra. Að tillögu Þjóðverja og flestra ESB ríkja er nota hina sameiginlegu mynt evruna





var samþykktur sáttmáli um að auka aðhald við fjárlagagerð í aðildarríkjum verulega. Hert er á gildandi grunnreglum er lúta að því að sporna gegn skuldasöfnun evruríkja og setja þeim mörk um hversu háar ríkisskuldir megi vera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Þá var samþykkt í ráðherraráðinu að innleiða bindandi ákvæði um að refsa þeim ríkjum er brytu í bága við nýju reglurnar. Þótti ýmsum löndum full langt gengið í þessum efnum en að endingu samþykktu 25 ESB lönd samkomulagið um nýjan efnahagssáttmála en Bretland kaus að standa utan við samkomulagið sem og Tékkland. Ekki hefur enn verið fundin lausn á því hvernig eigi að útfæra nýja sáttmálann og hvort bæta verði honum við sem sérstökum viðauka við Lissabon sáttmálann, en af fenginni reynslu óttast forystumenn innan ESB að hið síðarnefnda geti tekið mörg ár enda þyrfti að samþykkja sáttmálann formlega í öllum aðildarríkjum, jafnvel í þjóðaratkvæðagreiðslum. Hvernig svo sem samkomulag langflestra ESB ríkja um aðhald og eftirlit frá Brussel með fjárlagagerð verður útfært er ljóst að mikil og breið samstaða ríkir um að koma böndum á ríkisfjármálin almennt á evrusvæðinu, enda sé það forsenda fyrir áframhaldandi trúverðugleika evrunnar.

Þrautavarasjóður ESB (EFSF) sem komið var á fót í miklum skyndi var efldur á liðnu ári og nam um fimm hundruð milljörðum evra að nafnverði en nokkur óvissa ríkti um hversu mikla fjármuni væri í raun hægt að greiða úr honum með skömmum fyrirvara, þar sem sjóðurinn byggir á loforðum um framlög frá aðildarríkjum. Annar sjóður var svo settur á laggirnar sem tvöfaldaði greiðslugetu til þrautavara (ESM). Hafa grísk stjórnvöld þegið um 250 milljarða evra úr sjóðnum og Írland og Portúgal samtals um 150 milljarða skipt nokkurn veginn jafnt á milli landanna. Auk þess hafa verið settar á laggirnar fjárstuðningsáætlanir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í þessum ríkjum.

Ríkisstjórnir í ESB ríkjum er áttu í hvað mestum greiðsluvanda féllu hver af annarri, í Grikklandi, Portúgal, Spáni og á Ítalíu. Í Grikklandi tók við samsteypustjórn undir forystu Lucas Papademos fyrrverandi varaforseta Seðlabanka Evrópu en á Ítalíu var Mario Montí, fyrrverandi framkvæmdastjóra hjá ESB falið að leiða nýja þjóðstjórn. Róuðust fjármálamarkaðir nokkuð við stjórnarskipti en auk þess hóf Seðlabanki Evrópu að kaupa ríkisskuldabréf fyrir umtalsvert fé í lok árs 2011 sem varð til að lækka ávöxtunarkröfu niður í viðunandi mörk fyrir Ítalíu og Spán. Þar höfðu óbeinar aðgerðir Seðlabanka Evrópu einnig sitt að segja en hann lánaði í desember um það bil fimm hundruð milljarða evra til helstu banka í Evrópu á afar lágum vöxtum til þriggja ára. Í upphafi ársins 2012 virtist ljóst að Grikklandi tækist ekki að endurfjármagna eldri ríkisskuldir með sölu á frekari ríkisskuldabréfum. Stóðu strangar samningaviðræður grísku ríkisstjórnarinnar við fulltrúa ESB, AGS og fagfjárfesta á fyrstu mánuðum ársins um hvernig mætti fella niður hluti skulda, lengja í lánum og forða Grikklandi frá greiðslufalli. Eins og áður sagði hafa fjármálamarkaðir opnast að nýju fyrir Ítalíu og Spán en efnahagur þessara ríkja er margfalt stærri en Grikklands og skiptir miklu að vel takist til að endureisa efnahagslíf í báðum þessum löndum. Vandi Ítala er að mestu leyti skuldavandi ríkissjóðs en á Spáni eru helstu vandamálin tengd almennri niðursveiflu í efnahagslífinu og gífurlegu atvinnuleysi einkum meðal yngra fólks, sem er það mesta í Evrópu.

Kerfisáhætturáð ESB (European Systemic Risk Board) hefur starfað í rúmt ár en undir það heyra þrjár nýjar eftirlitsstofnanir ESB á fjármálamarkaði en þær sinna eftirliti með bankastarfsemi, tryggingarekstri og verðbréfaviðskiptum. Upp úr miðju ári 2011 lét bankaeftirlitsstofnun ESB (European Banking Authority) útfæra álagspróf á 90 stærstu banka Evrópu og féllu 8 bankar á prófinu en 16 voru mjög nærri falli. Hefur í kjölfarið verið rætt að hækka lögbundin eiginfjárhlutföll í evrópsku bankakerfi en þeirri vinnu hefur miðað hægt. Ljóst er að erfitt yrði fyrir bankastofnanir að sækja sér aukið eigið fé á markaði og því er óttast að of strangar eiginfjárreglur geti leitt til þess að bankarnir minnki efnahagsreikninga sína er gæti aukið lausafjárskort atvinnulífsins en hann er ærinn fyrir, ekki síst hjá smærri og meðalstórum fyrirtækjum.

Mikil áhersla hefur verið lögð á innan ESB að efla innri markaðinn sem Ísland á aðild að í gegnum EES-samninginn. Framkvæmdastjórn ESB kynnti í apríl 2011 í þessu skyni metnaðarfulla áætlun í tólf meginliðum. Meðal helstu viðfangsefna er að tryggja fjármögnun minni og meðalstórra fyrirtækja, auka för launþega milli svæða innan ESB, efla rafræn viðskipti yfir landamæri, auka þjónustuviðskipti milli landa, styrkja hugverkarétt, tryggja jafnvægi milli vægis frjálsra viðskipta og félagslegra réttinda og endurskoða og einfalda reglur um opinber innkaup og útboð. Er ljóst að á þessum vettvangi er mikil vinna framundan sem mun hafa talsverð áhrif á íslenskt atvinnulíf.

## 8.3 RÁÐGJAFANEFNDIR EFTA OG EES

Viðskipti milli Evrópusambandsríkja og Íslands fara að megninu til fram innan ramma tvíhliða fríverslunarsamnings EFTA og bandalagsins frá árinu 1972 og samningsins um evrópska efnahagssvæðið, EES-samningsins, frá árinu 1994. Þátttaka Íslands í evrópsku samstarfi byggist á þrennum grunnsamningum. Auk þeirra sem áður eru nefndir er sá þriðji Schengen sáttmálinn frá árunum 1996 og 1999. Með samningnum um evrópska efnahagssvæðið varð Ísland ásamt Noregi og Liechtenstein hluti innri markaðar Evrópusambandsins árið 1994. Það var aldrei ætlun þeirra sem stóðu að samningnum að hann yrði framtíðarlausn Evróputengsla Íslands en samt lifir samningurinn góðu lífi og Ísland mun áfram búa við þennan samning.

Ráðgjafanefnd fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA-CC) fjallar um starfsemi EFTA, málefni samningsins um evrópska efnahagssvæðið, gerð fríverslunarsamninga og efnahags-og viðskiptamál almennt. Með aðild að EES njóta Íslendingar að stærstum hluta til sömu viðskiptakjara og 31 Evrópuríki með um 500 milljóna manna markað. Þetta er stærsta markaðssvæði Íslands en þangað fara rúmlega 83% af öllum útflutningi landsins en innflutningur þaðan nemur um 64% af heildarinnflutningi til Íslands.

Í starfsemi ráðgjafanefndarinnar 2011 voru einkum tvö mál á dagskrá. Annars vegar alþjóða fjármálakreppan og viðbrögð við henni og hins vegar áframhaldandi gerð fríverslunarsamninga EFTA við önnur ríki. Nokkuð var einnig rætt um skuldbindingar Íslendinga vegna Icesave reikninganna og rökstuðning íslenskra stjórnvalda um að gjaldeyrishöftin væru neyðarráðstöfun til að koma í veg fyrir hrun gengis krónunnar og ættu aðeins að gilda í skamman tíma en þau voru lögfest 28.nóvember 2008. Höftin séu hins vegar föst í sessi og ekki fyrirsjáanlegt að þau verði aflögð á næstu árum og Íslendingar virði því ekki reglur innri markaðarins.

Norsk skýrsla um EES-samskipti Noregs við ESB var birt 17. janúar s.l. og sýnir að Norðmenn hafa undanfarin 18 ár tekið við rösklega 8000 tilskipunum frá ESB sem falla undir EES samninginn. Í skýrslunni kemur fram að efnahagsleg áhrif hafi almennt verið jákvæð fyrir Noreg en ástæða sé til að huga að pólitískum afleiðingum samningsins. Skýrslan fer ofan í saumana á pólitískum, lagalegum, stjórnsýslulegum, efnahagslegum og samfélagslegum afleiðingum EES-samningsins sem og reynsluna af Schengen samkomulaginu og annarri samvinnu Noregs og ESB.

## 8.4 BUSINESSEUROPE – EVRÓPUSAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins eiga aðild að Evrópusamtökum atvinnulífsins, BUSINESSEUROPE, sem hafa aðsetur í Brussel. Um fimmtíu alþjóðlegir sérfræðingar starfa í höfuðstöðvunum. Aðildarfélög BUSINESSEUROPE eru 41 frá 35 Evrópulöndum alls. Félögum fjölgaði um eitt þegar serbnesku samtök atvinnulífsins bættust í hópinn á árinu 2011.

Á undanförnum tveimur árum hefur BUSINESSEUROPE lagt megináherslu á tillögur um úrbætur á löggjöf ESB sem tengjast vinnumarkaði og gætu örvað hagvöxt og dregið úr atvinnuleysi. Afleiðingar efnahagskreppunnar í Evrópu eru meðal annars þær að fara þarf tvo áratugi aftur í tímann til að finna sambærilegar atvinnuleysistölur. En um þessar mundir eru um 23,5 milljónir manna án atvinnu í Evrópu. Hefur BUSINESSEUROPE bent á að leita verði allra leiða til að auka sveigjanleika á vinnumarkaði til að fjölga störfum. Eigi markmið Evrópusambandsins um að ná 75% atvinnuþátttöku fyrir árið 2020 fram að ganga, þurfi að skapa 17 milljónir starfa á næstu árum.

Almennt er talið að ESB sé að ganga í gegnum verstu efnahagskreppu í sögu sambandsins og hefur hrikt í pólitískum stoðum. Engu að síður hefur tekist að mestu að ná samstöðu um aðgerðir til úrbóta. BUSINESSEUROPE hefur stutt flestar hugmyndir um að koma böndum á ríkisfjármál í aðildarlöndum með virkara eftirliti framkvæmdastjórnar ESB og gagnkvæmum skuldbindingum um að auka ráðdeild í hagstjórn. En samtökin hafa einnig bent á margvíslegar leiðir til að örva hagvöxt, ekki dugi einvörðungu niðurskurður til að koma efnahagslífinu á fulla ferð. BUSINESSEUROPE fagnaði niðurstöðum leiðtogafundar ESB í mars 2012 þar sem 25 ríki sambandsins gerðu með sér samkomulag um að virða að fullu helstu ákvæði um jafnvægi í ríkisrekstri og að auka gagnsæi í fjárlagagerð og stilla útgjöldum í hóf.

Í byrjun árs 2012 kynnti BUSINESSEUROPE helstu áherslumál sín til næstu missera. Eitt helsta atriðið er að auka sveigjanleika á vinnumarkaði og hraða umbótum sem hvetja til fjárfestinga og atvinnusköpunar. Þar er mikið verk óunnið en nýjar ríkisstjórnir í sunnanverðri álfunni eru þó þegar byrjaðar að taka til hendinni. BUSINESSEUROPE hefur einnig tekið heils hugar



undir þær tillögur að efla þjónustuviðskipti yfir landamæri og styrkja þannig innri markaðinn. Takist að útfæra þjónustutilskipun ESB skilvirkar en hingað til má ætla að áhrifin til hagvaxtar yrðu umtalsverð. Sömu sögu er að segja um áætlun ESB um að örva rafræn viðskipti en samkvæmt hagdeild BUSINESSEUROPE gætu beinskeyttar umbætur á þessu sviði aukið hagvöxt í ESB um mörg prósentustig. BUSINESSEUROPE telur að áform framkvæmdastjórnar ESB um að tvöfalda veltu í rafrænum viðskiptum fram til 2015 frá 2010 mættu vera enn metnaðarfyllri. Þá hefur BUSINESSEUROPE beitt sér fyrir að endurlífga viðræður innan funda G8 og G20 ríkja um að rífa niður verndartolla og glæða alþjóðleg viðskipti.

BUSINESSEUROPE gegnir margvíslegu og mikilvægu hlutverki með aðkomu sinni að evrópskum vinnumarkaði og leggur ríka áherslu á að ná fram umbótum í góðu samstarfi við samtök evrópskra verkalýðsfélaga ETUC, auk annarra smærri aðila evrópska vinnumarkaðarins svo sem UEAPME sem fara með málefni smærri fyrirtækja og CEEP sem eru samtök opinberra vinnuveitenda. Á leiðtogafundi ESB og þessara samtaka sem öll eru viðurkennd formlega af ESB sem opinberir aðilar að evrópskum vinnumarkaði var lagt fram samkomulag um hvaða áherslur væru brýnastar á næstu árum til að styrkja evrópskt atvinnulíf.

Efst á blaði er baráttan gegn atvinnuleysi ungmenna sem er eitt erfiðasta úrlausnarefni á vettvangi stjórnmála og hagstjórnar í fjölmörgum aðildarríkjum ESB. Hefur BUSINESSEUROPE skipað sérstakan vinnuhóp reyndra stjórnenda úr atvinnulífinu sem hefur unnið að tillögum til úrbóta og verður því starfi fram haldið í samvinnu við launþegahreyfingar á næstu misserum. Unnið verður að umfangsmikilli rannsókn á evrópskum vinnumarkaði svipað og 2007 og lært af því sem vel er gert og breytt þar sem úrbóta er þörf. Aðilar evrópsks vinnumarkaðar munu ganga enn harðar fram í jafnréttismálum. Það er úrlausnarefni aðila vinnumarkaðarins að tryggja að menntun og starfsþjálfun haldist í hendur við þarfir atvinnulífsins og að launafólki sé gert kleift að endurmennta sig á starfsævinni í samræmi við breyttar áherslur á vinnumarkaði. Skoðað verður hvernig auðvelda megi frjálst flæði launamanna milli aðildarríkja ESB. Samstaða ríkir um nauðsyn þess að efla aðila vinnumarkaðarins í nágrannaríkjum t.d. á Balkanskaga og við Miðjarðarhaf. Aðilar vinnumarkaðar hafa fagnað umbótum í ríkisfjármálum í aðildarríkjum ESB en vara við hugmyndum um að ríkisstjórnir komi í auknum mæli að gerð almennra kjarasamninga.

BUSINESSEUROPE hefur mælt mjög ákveðið með því að hlúa að evrusamstarfinu með öllum tiltækum ráðum. Sameiginleg mynt er forsenda þess að innri markaðurinn nái að dafna og dýpka á næstu árum. Hafa samtökin hvatt til þess að sem flest lönd komi að sáttmálanum um samkeppnishæfni sem samþykktur var í sinni

endanlegu mynd á útmánuðum 2012 á leiðtogafundi ESB. Í sáttmálanum er mikil áhersla lögð á jöfnuð í ríkisfjármálum en einnig er kveðið á um hvernig auka megi samkeppnishæfni landa er búið hafa við þrálátan viðskiptahalla í kjölfar upptöku evrunnar fyrir réttum áratug.

BUSINESSEUROPE jók greiningarvinnu á sviði efnahagsmála á árinu 2010 og kynnti hagspár reglulega sem og frammistöðumat um samkeppnisstöðu í einstökum aðildarríkjum ESB. EFTA ríkin Ísland, Noregur og Sviss hafa einnig verið höfð til skoðunar í efnahagsgreiningum þessum. Hagdeild SA hefur í auknum mæli komið á framfæri íslenskum hagvísum. Ísland er þannig til umfjöllunar í reglulegum hagskýrslum BUSINESSEUROPE. Er vitaskuld fróðlegt og gagnlegt að sjá hvar Ísland stendur í samanburði við Evrópuríki.

Umræða um umhverfismál og orkunýtingu hefur aukist verulega á ný sem og baráttan gegn gróðurhúsaáhrifum. Fulltrúar BUSINESSEUROPE fylgdust með þróun mála á alþjóðaráðstefnunni um loftslagsmál í Durban í Suður-Afríku. BUSINESSEUROPE hefur verið ötult að koma á framfæri skoðunum sínum við helstu forráðamenn ESB. Opinber áform ESB um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 20% fyrir árið 2020 hafa notið stuðnings BUSINESSEUROPE en varað við því að auka markmiðið í 30%. BUSINESSEUROPE hefur sýnt göfugum markmiðum í þessum málaflokki skilning en bent á nauðsyn þess að atvinnulífinu séu sköpuð fyrirsjáanleg rekstrarskilyrði án þess að hringlað sé með markmið. Bent er á að engum sé greiði gerður með því að sauma svo að evrópskum iðnaði að hann færi sig um set til svæða þar sem gilda miklu rýmri reglur um losun lofttegunda er leiða til gróðurhúsaáhrifa.

Samtök atvinnulífsins hafa tekið virkan þátt í nefndarstarfi og vinnuhópum innan BUSINESSEUROPE og leggja þar sitt af mörkum eins og önnur aðildarsambönd. Þá situr formaður SA í framkvæmdaráði BUSINESSEUROPE fyrir árin 2011 og 2012 sem fulltrúi EFTA ríkis, en önnur aðildarsambönd í framkvæmdaráði BUSINESSEUROPE eru frá ESB aðildarlöndum.

## 8.5 EVRÓPUSKRIFSTOFA ATVINNULÍFSINS

Evrópuskrifstofa atvinnulífsins hefur verið rekin um árabil í Brussel. Fastafulltrúi SA hjá BUSINESSEUROPE gegnir veigamiklu hlutverki við að miðla upplýsingum til og frá Brussel auk þess að sitja reglulega nefndarfundi og ráðstefnur á vegum BUSINESSEUROPE og í formennskulöndum ESB. Hefur Evrópuskrifstofan aðsetur í höfuðstöðvum BUSINESSEUROPE og greiðan aðganga að helstu sérfræðingum samtakanna auk fulltrúa Norðmanna og Dana sem einnig starfrækja skrifstofur í höfuðstöðvum BUSINESSEUROPE.

Á árinu 2011 var skrifstofa SA færð til innan höfuðstöðva BUSINESSEUROPE og flutt í rúmbetra húsnæði en áður hafði boðist auk þess sem aðstaða til kynninga og funda af ýmsu tagi hefur batnað stórum.

Verkefnisstjóri Evrópumála dvelur ýmist í Brussel eða á Íslandi eftir atvikum og verkefnum. Hefur þetta fyrirkomulag veitt talsverðan sveigjanleika sem hefur nýst vel við að fylgjast með samskiptum íslenskra stjórnvalda og ESB. Þá hefur verkefnisstjóri Evrópumála fylgst grannt með allri vinnu varðandi aðildarumsókn Íslands að ESB.

Brýnt er að SA haldi góðum tengslum við stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og fylgist vel með störfum þeirra svo sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og EFTA dómstólnum. Þá hafa fulltrúar Evrópuskrifstofu reynt að byggja upp góð tengsl við embættismenn í hinum ýmsu stofnunum ESB. Öflugt samstarf er við fastafulltrúa annarra aðildarsambanda innan BUSINESSEUROPE og er þar sérstaklega hugað að samnorrænum hagsmunum. Auk þess hafa verið styrkt tengslin við fulltrúa Eystrasaltsríkja og smærri aðildarfélaga er eiga oft samleið í brýnum málaflokkum. Prýðileg tengsl eru við íslensku fastanefndina í Brussel og fulltrúa ráðuneytanna þar.





## 8.6 SAMRÁÐ AÐILA VINNUMARKAÐARINS Í EVRÓPU

Aðilar vinnumarkaðarins í Evrópu, þ.e. BUSINESSEUROPE og ETUC, evrópsku verkalýðssamtökin, hafa hafið samningaviðræður um breytingar á vinnutímatilskipuninni. Tilgangurinn er fyrst og fremst að bregðast við dómum Evrópudómstólsins varðandi bakvaktir og launað orlof í tengslum við veikindi sem valda erfiðleikum í mörgum aðildarríkjum. Þá hefur ný samstarfsáætlun þessara aðila fyrir tímabilið 2012-2014 verið samþykkt. Í formála áætlunarinnar er meðal annars vísað til þeirra erfiðleika sem við er að glíma varðandi atvinnuleysi og að skapa þurfi 17,6 milljónir starfa ef ná eigi markmiðinu um 75% atvinnuþátttöku árið 2020. Áætlunin tekur mið af því. Verkefnin snúa að atvinnumálum ungs fólks, greiningu á virkni evrópsks vinnumarkaðar, jafnrétti kynja, fræðslu og símenntun, hreyfanleika fólks milli landa, bættri innleiðingu samninga aðila vinnumarkaðarins í Evrópu, starfsviði samtaka aðila vinnumarkaðarins og efnahags- og félagslegum stjórnunarháttum ESB.

Félagsmálanefnd BUSINESSEUROPE fjallar um þau mál sem eru til umræðu innan ESB og teljast til félagsmála. Nokkur stór mál eru nú til meðferðar. Í janúar birti framkvæmdastjórnin svokallaða grænbók um endurskipulagningu fyrirtækja og viðbrögð við breytingum og í febrúar kom hvítbók um lífeyrismál þar sem markmiðið er fullnægjandi, öruggt og sjálfbært lífeyriskerfi. Í lok mars var síðan birt tillaga að reglugerð um verkföll sem kallaði þegar í stað á hörð viðbrögð af hálfu BUSINESSEUROPE þar sem farið sé inn á valdsvið aðildarríkjanna. Samhliða var lögð fram tillaga að tilskipun um breytingu á reglunum um útsenda starfsmenn en einnig þar eru umdeild ákvæði.

## 8.7 NORRÆNT SAMSTARF

Um áratuga skeið hafa Samtök atvinnulífsins og forverar þeirra átt mikið og gott samstarf við systursamtök á Norðurlöndum. Þau eru Dansk arbejdsgiverforening (DA), Dansk Industri (DI), Elinkeinoelämän keskusliitto (EK), Næringslivets Hovedorganisasjon (NHO) og Svenskt Näringsliv (SN). Formenn og framkvæmdastjórar samtakanna hittast að jafnaði tvisvar á ári og svo eru haldnir árlegir fundir hagfræðinga, skattasérfræðinga, upplýsingastjóra og umhverfissérfræðinga. Auk þessa eru árlegir fundir um kjarasamninga og um vinnuumhverfi.

Á fundum sínum fjalla samtökin um það sem efst er á baugi t.d. í efnahagsmálum og alþjóðamálum. Einnig er fjallað um sameiginleg hagsmunamál og hvernig tekist er á við hin ýmsu viðfangsefni í löndunum og menn deila með sér reynslu og þekkingu. Oft er fjallað um væntanlega löggjöf ESB á hinum ýmsu sviðum. Samstarf samtakanna hefur reynst afar gagnlegt.

## 8.8 ALÞJÓÐA VINNUMÁLASTOFNUNIN (ILO)

Hundraðasta vinnumálaþing Alþjóða vinnumálastofnunarinnar (ILO) var haldið í júní 2011 í Genf í Sviss þar sem ILO hefur höfuðstöðvar sínar. Efnahagskreppan sem enn nær til stórs hluta heims setti mark sitt á þingið. Atvinnumál og ekki síst málefni ungs fólks voru mjög til umræðu. Meginumfjöllunarefni þingsins snéru að tæknilegum atriðum, eins og fyrirkomulagi á vinnumarkaði og vinnueftirliti, félagslegri vernd og jafnframt lágmarksvernd til handa þeim sem eru utan vinnumarkaðar sem er umdeilt auk vinnuskilyrða starfsfólks í heimahúsum. Þessi mál tengjast hnattvæðingunni sem hefur verið meginumfjöllunarefni ILO undanfarin ár. Auk þessa var fjallað um framkvæmd alþjóðasamþykkta ILO í sérstakri nefnd eins og lög stofnunarinnar gera ráð fyrir. Sérstök sérfræðinganefnd fer yfir upplýsingar sem aðildarríkjunum er skylt að láta ILO í té um framkvæmd fullgiltra samþykkta. Skýrsla nefndarinnar er síðan lögð fyrir þingnefndina sem tekur þau mál sem ástæða er talin til að ræða til umfjöllunar. Að þessu sinni voru það 25 mál. Vinnuveitendur ítrekuðu mótmæli sín við túlkun sérfræðinganefndarinnar varðandi verkfallsrétt sem eigi sér ekki neina stoð í samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess.

ILO hefur þá sérstöðu meðal stofnana Sameinuðu þjóðanna að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld hafa þar jafna aðkomu. Að mati vinnuveitenda er þessi þríhliða nálgun ekki virt sem skyldi og úrbóta þörf, einkum varðandi eftirlitið með framkvæmd alþjóðasamþykkta. Samkvæmt lögum ILO er ákvarðanatakan á verksviði þríhliða nefndar þingsins en ekki sérfræðinganefndarinnar eða skrifstofu ILO en síðarnefndu aðilarnar þykja hafa fengið of mikið vægi. Endurskoðun á skipulagi Vinnumálaþingsins er á dagskrá stjórnarnefndar ILO og því tækifæri til umbóta.

ILO samþykkt um starfsfólk í heimahúsum, nr. 298, ásamt tilmælum var afgreidd á þinginu.

Alþjóðasamtök vinnuveitenda, IOE, sem Samtök atvinnulífsins eiga aðild að aðstoða og samræma störf vinnuveitenda á Vinnumálaþinginu sem og varðandi aðra starfsemi ILO.

# MENNTAMÁL

Menntun fyrir atvinnulífið verður æ fleira fólki í fyrirtækjum innan SA umhugsunarefni. Tengsl atvinnulífs og menntakerfisins virðast of lítil. Það verður að breytast. Á öllum skólastigum þarf að leggja áherslu á undirbúning fyrir virka þátttöku á vinnumarkaði og þjálfa og mennta fólk til starfa. Virðing fyrir þeirri vinnu sem þarf að leggja á sig til að ná árangri í námi er ónóg. Vanmetin er ánægjan yfir að skila vel unnu erfiðu verki. Of margir unglingar finna sig ekki í bóknáminu þar sem framhaldsskólinn er bestur. Of fáir sækja í ýmiskonar nám til starfa þar sem vantar fólk. Hlutverk atvinnulífsins við að breyta þessu er margþætt og mismunandi eftir skólastigum. Ánægjuleg er ný nálgun nær tugs málmiðnaðarfyrirtækja á suðvesturhorni landsins nú á þessu vori sem bjóða nýnemum í Iðnskólanum í Hafnarfirði sem ljúka tveimur önnum þar næsta vetur örugga sumarvinnu 2013. Þannig hvetja fyrirtækin grunnskólanemendur að horfa til náms sem tryggir þeim vinnu í framtíðinni.

Hlutverk atvinnulífsins í menntun er einnig stórt þegar nýtt fólk kemur til starfa í fyrirtækjum. Skipulögð nýliðafræðsla fyrir alla, hvaða menntun sem þeir hafa, og símenntun allt lífið er ein forsenda þess að bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins og lífskjör þjóðarinnar.

Á vinnumarkaði er leitað að fólki í störf sem krefjast ákveðinnar þekkingar og færni á sama tíma og nærri 12 þúsund manns eru án vinnu. Helmingur atvinnulausra hefur ekki lokið öðru en grunnskólanámi og brottfall úr framhaldsskólum er mikið. Þetta er mun verri staða en í samkeppnislöndum Íslands og grípa þarf til margvíslegra aðgerða til að breyta þessu.

Samtök atvinnulífsins hafa á undanförnum árum látið sig einkum varða fernt í menntamálum: að móta rammann um framhaldsskólamenntun, að móta framhaldsfræðslu fyrir þá sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi, að hafa áhrif á framboð á háskólamenntun og að styrkja fólk og fyrirtæki við að efla þekkingu og færni starfsfólks. Til viðbótar kom SA í kjölfar kjarasamninga 2011 myndarlega að átaki til



að tengja menntun og atvinnumál og áhugi er á því meðal aðildarsamtaka og fyrirtækja að hafa í auknum mæli áhrif á nám og námsval.



## 9.1 NÁM ER VINNANDI VEGUR

Átakið *Nám er vinnandi vegur* hafði tvö markmið. Að tryggja öllum yngri en 25 ára, sem eftir því leita og uppfylla inntökuskilyrði, nám við hæfi í framhaldsskólum haustið 2011. Rúmlega 1.140 nemendur bættust í framhaldsskólana á grundvelli þessa. Hitt markmiðið var að skapa ný námstækifæri fyrir allt að eitt þúsund atvinnuleitendur í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og í framhaldsfræðslu haustið 2011 og tvö ár þar á eftir. Gekk það eftir og voru karlar heldur fleiri en konur í þeim hópi sem hóf nám s.l. haust. Tæplega 530 hófu nám í framhaldsskóla, langflestir í starfsnámi, 113 fóru í frumgreinadeildir og 320 í háskóla, þar af 260 í grunnnám. Átakið byggði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga í maí 2011. Sérstakur aðgerðarhópur stýrir framkvæmd verkefnisins *Nám er vinnandi vegur* og fylgist með hvernig til tekst. Í hópnum sitja fulltrúar velferðarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis,





Vinnumálastofnunar og aðila vinnumarkaðarins. Starfsmenn SA tóku virkan þátt í undirbúningi átaksins og framkvæmd bæði undir formerkjum samstarfs um menntamál og í stjórn Vinnumálastofnunar og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Atvinnuleitendur sem fóru í nám í þessu átaki héldu bótum sínum haustið 2011 en var beint eftir föngum í lánshæft nám. Tæpur þriðjungur átti þó ekki rétt á námsláni hjá LÍN um áramótin 2011/2012. Atvinnuleysistryggingasjóður kemur að framfærslu þeirra í allt að þrjár annir samkvæmt samkomulagi milli þeirra sem að verkefninu standa. SA tók einnig þátt í verkefninu *Vinnandi vegur* sem miðar að því að bjóða allt að 1.500 viðbótarstörf í sveitarfélögum, stofnunum og fyrirtækjum með stuðningi frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Verkefnið var undirbúið síðla árs 2011 en var formlega hleypt af stokkunum í byrjun árs 2012. Undirtektir við það lofa góðu um störf fyrir vinnufúsar hendur.





## 9.2 STARFSGREINARÁÐ OG NÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Starfsgreinaráð eru menntamálaráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Nærri 80 starfsnámsbrautir í boði. Meginverkefni starfsgreinaráðanna nú er að endurskoða og endurskilgreina starfsnám í ljósi nýrra áherslna sem eiga uppruna sinn í evrópskum viðmiðum (e. European Qualification Framework). Ætlunin er m.a. að auka gagnsæi og auðvelda samanburð milli námsbrauta og landa. Nám er ekki einungis skoðað út frá því hvað kennt er, hve lengi eða jafnvel hvar, heldur er einnig litið til þess að meta þekkingu og hæfni sem aflað er utan skóla. Skoðað er hvaða hæfni nemendur þurfi að búa yfir við námslok og hvernig unnt er að uppfylla hana. Starfsgreinaráðin vinna að því að fella formlegt nám í viðkomandi starfsgreinum að viðmiðunum, og það er einnig verið að gera fyrir bóknámsbrautir. Nokkrar áhyggjur hafa kviknað af því að aðkoma aðila vinnumarkaðarins að þessu starfi sé of lítil.

Á vegum aðildarsamtaka SA eru fjölmargir fulltrúar í starfsgreinaráðum sem taka þátt í að móta stefnu um starfsnámið. Fulltrúar SA hafa einnig tekið þátt í undirbúningi laga um vinnustaðanámssjóð. Þá vinna samtök á vinnumarkaði og einstakar greinar með framhaldsskólum að menntun í viðkomandi greinum. SA leggur ennfremur hönd á plóg við að móta ramma um menntun á framhaldsskólastigi með umsögnum um frumvörp og reglugerðir og margs konar samráði við menntayfirvöld.

## 9.3 FRAMHALDSFRÆÐSLA

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gegnir veigamiklu hlutverki í framhaldsfræðslu en þar er átt við hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla. Opinberir starfsmenn og viðsemjendur þeirra gengu til liðs við FA árið 2010 í kjölfar þess að lög um framhaldsfræðslu voru sett. Síðla hausts sama ár var skrifað undir 5 ára samstarfssamning FA og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um verkefni á sviði framhaldsfræðslu.

Allir sem að framhaldsfræðslunni koma,

Samtök atvinnulífsins, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa lýst vilja sínum til að efla samstarf sitt. Markmið hafa verið sett og er m.a. að finna í áætlunum stjórnvalda 2020. Efla á framhaldsfræðslu og tryggja sem kostur er að menntun og færni sem metin er í framhaldsfræðslunni verði viðurkennd í framhaldsskólanum. Átakið *Nám er vinnandi vegur* var sett af stað á síðasta ári til að fleiri sem komnir voru út á vinnumarkaðinn gætu hafið nám að nýju bæði vegna atvinnuástandsins og þeirra sem ýmist höfðu stundað nám í framhaldsfræðslunni eða farið í raunfærnimat og vildu ljúka viðurkenndu námi.

Samstarfssamningur Fræðslumiðstöðvarinnar við mennta- og menningarmálaráðuneytið tiltekur m.a. að FA skuli semja námsskrár og námslýsingar, afla upplýsinga um markhópinn og menntunarþarfir hans og byggja upp framboð á lengra og styttra námi sem uppfyllir þær þarfir. FA á að tryggja þróun og útbreiðslu raunfærnimats og fylgjast með framkvæmd þess, hafa umsjón með náms- og starfsráðgjöf til markhópsins og efla gæði fræðslu og ráðgjafar. Samstarfsaðilar FA eru símenntunarmiðstöðvar um land allt og Mímir símenntun í Reykjavík auk fræðslustofnana atvinnulífsins; Iðunnar, Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins, Starfsmenntar og Framvegis.

Með lögum um framhaldsfræðslu var skilið á milli starfs FA að verkefnum og úthlutunar fjár til samstarfsaðila. Framlög hafa fengist til framhaldsfræðslu í tengslum við kjarasamninga undanfarin ár. Sérstök stjórn er fyrir fræðslusjóðinn, sem tók einnig við hlutverki og fjármunum Starfsmenntaráðs sem var lagt niður. Jón Torfi Jónasson prófessor á menntavísindasviði HÍ er formaður stjórnar. Stjórnin úthlutar fé til starfsemi á árinu 2012. Er það gert í samræmi við það sem tíðkast hefur, meginhluti fjárins fer í námskeiðahald, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Í Fræðslusjóð renna um 680 milljónir króna samkvæmt fjárlögum 2012.

## 9.4 HÁSKÓLAMENNTUN

Samtök atvinnulífsins láta þróun háskólamenntunar og stefnumótun í rannsóknum sig varða og eiga aðild að stjórnum eða háskólaráðum þriggja háskóla, HR, Háskólans á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands. SA ákvað á síðasta ári ásamt Samtökum iðnaðarins og Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV) að styðja við og efla háskólastarf í Háskólanum í Reykjavík með 200 milljóna króna framlagi. Ávinningur samtakanna af aðild að rekstri skólanna felst í að hafa áhrif til að efla háskólamenntun í landinu á sviðum sem tengjast atvinnulífinu beint. SA eiga fulltrúa í vísinda- og tækniráði sem hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, menntun í vísindum og tækniþróun, meðal annars með það að markmiði að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

## 9.5 STARFSMENNTASJÓÐIR

Starfsmenntasjóðir hafa það hlutverk að styðja fyrirtæki til að þjálfa starfsmenn sína og einstaklinga á vinnumarkaði til að sækja sér aukna þekkingu og færni. Verkefnin sem starfsmenntasjóðir hafa styrkt í fyrirtækjum eru af ýmsum toga og eru stjórnendur fyrirtækja hvattir til að skoða hvort og hvernig sjóðirnir geta orðið að liði. Meðal fyrirtækjaverkefna er *Fræðslustjóri að láni.* Með styrk frá sjóðunum samhæfir ráðgjafi í samvinnu við starfsfólk og stjórn fyrirtækis viðskipta- og starfsmannastefnu. Búin er til símenntunaráætlun sem fylgt er næstu misseri. Tugir fyrirtækja með þúsundir starfsmanna hafa á undanförnum misserum fengið sér fræðslustjóra tímabundið.

Styrkir til einstaklinga eru oft nærri 80% styrkja starfsmenntasjóða. Eftirspurn eftir styrkjum hefur aukist og það hafa styrkumsóknir fyrirtækja einnig gert. Starfsmenntasjóðirnir Landsmennt og Starfsafl fögnuðu 10 ára starfi á árinu. Staða þeirra er góð en ljóst er að fara verður með mikilli fjárhagslegri gát.

*Í 12. kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði menntamála sem SA eiga aðild að.*



# ÚTGÁFA OG KYNNING

## 10.1 VEFUR SA

Á vef Samtaka atvinnulífsins, www.sa.is, er lögð áhersla á öflugan fréttaflutning af hagsmunamálum atvinnulífsins. Þar er að finna afstöðu SA til hinna ýmsu mála en vefurinn gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun samtakanna. Síðastliðið ár hafa vel á fjórða hundrað fréttir birst á vefnum og hefur hann verið vel sóttur.

Á vef SA má finna upplýsingar um skipulag samtakanna, starfsemi og samþykktir þeirra. Auk þess efni um kjara- og vinnumarkaðsmál, efnahags- og skattamál og umhverfismál svo fátt eitt sé nefnt. Á vefnum er einnig að finna greinargott yfirlit og umfjöllun um viðburði á vegum samtakanna.

Samtök atvinnulífsins leggja einnig áherslu á að miðla upplýsingum beint til félagsmanna þannig að þeir fái greinargóðar upplýsingar um starf samtakanna.

### Vinnumarkaðsvefur SA

Á vinnumarkaðsvef SA er að finna gagnlegar upplýsingar um vinnumarkaðsmál, ráðningar starfsfólks og starfslok, launakostnað, orlof, hvíldartíma, veikindarétt, fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttismál, vinnuvernd og margt fleira. Vinnumarkaðsvefurinn er aðeins opinn félagsmönnum SA.

## 10.2 AF VETTVANGI

Rafrænt fréttabréf SA, *Af vettvangi*, er gefið út einu sinni í mánuði – nema í ágúst vegna sumarleyfa. Fréttabréfið kemur á framfæri sjónarmiðum SA og fréttum af atvinnulífinu auk þess að veita mánaðarlegt yfirlit um það helsta á vettvangi Samtaka atvinnulífsins. Fréttabréfið samanstendur að stærstum hluta af stuttum fréttum. Ítarlegri umfjöllun um hvert mál má nálgast á vef samtakanna. Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það sent í tölvupósti, en það má einnig nálgast á vef SA.




## 10.3 ÚTGÁFA

### Rjúfum kyrrstöðuna. Leiðir til betri lífskjara

Þann 11. nóvember 2011 gáfu Samtök atvinnulífsins út nýtt rit um hvernig rjúfa má kyrrstöðuna á Íslandi og bæta lífskjörin. Í ritinu er m.a. fjallað um gjaldmiðilsmálin, brottflutning Íslendinga frá landinu í hálfa öld, leitina endalausu að stöðugleika í efnahagsmálum, þróun á vinnumarkaði, tækifæri til að draga úr atvinnuleysinu og auka samkeppnishæfni þjóðarinnar.




Í ritinu kemur fram að SA telji að með markvissum aðgerðum sé hægt að koma efnahagslífinu á öflugt skrið. Endurreisnin hafi tafist um of og SA sætti sig ekki við stöðu mála og neikvæðar horfur efnahagsmála. Í riti SA er því bent á leiðir til að efla atvinnulífið og bæta lífskjör þjóðarinnar og áréttað að hlutirnir þurfi ekki að vera svona – það sé hægt að bregðast við og snúa vörn í sókn. Ritið var gefið út á opnum fundi SA í Hörpu þar sem rúmlega 200 stjórnendur úr íslensku atvinnulífi mættu til leiks og ræddu leiðir til að sækja fram. Nánar er fjallað um fundinn síðar í kaflanum.

*Rafrænt eintak ritsins má nálgast á vef SA.*

### Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja – 4. útgáfa

Ný útgáfa leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja var gefin út þann 8. mars 2012 á fjölsóttum morgunverðarfundi á Hilton Reykjavík Nordica. Að útgáfunni standa Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland. Í þessari 4. útgáfu leiðbeininganna er að finna fjölmargar breytingar frá síðustu útgáfu, sem eiga það þó flestar sammerkt að vera formbreytingar fremur en viðamiklar efnisbreytingar.

Markmið leiðbeininganna er að bæta stjórnarhætti með því að skýra hlutverk og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, auðvelda þeim að rækja störf sín og treysta hag helstu hagsmunaaðila fyrirtækja. Leiðbeiningunum er ætlað að sýna vilja viðskiptalífsins í verki til að mæta þeirri ábyrgð sem á því hvílir til að taka upp viðmið sem styrkja innviði fyrirtækja og efla traust almennt á viðskiptalífinu.

*Rafrænt eintak ritsins má nálgast á vef SA og VÍ.*

### Ný kaupgjaldsskrá á vef SA

Kaupgjaldsskrá sem gildir frá 1. febrúar 2012 er hægt að nálgast á vef SA en prentaða útgáfu má einnig fá á skrifstofu Samtaka atvinnulífsins.




**Þetta þarf ekki að vera svona – sjónvarpsauglýsing SA**

Á vormánuðum 2011 gáfu Samtök atvinnulífsins út stutt hvatningarmyndband og birtu m.a. í auglýsingartímum sjónvarpsstöðvanna. Þar hvöttu SA landsmenn til að bregðast við – það væri orðið löngu tímabært. Á þeim tíma voru um 15 þúsund manns án vinnu, þriðja hvert heimili hafði orðið fyrir barðinu á atvinnuleysinu frá hruni, langtímaatvinnuleysi hafði fjórfaldast milli ára og þúsundir flúið land. Hægt er að horfa á myndbandið á vef SA: www.sa.is/tv/atvinnuleidin-er-faer/

## 10.4 OPNIR FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Samtök atvinnulífsins hafa á starfsárinu 2011-2012 efnt til fjölda opinna funda og ráðstefna víða um land. Viðfangsefni þeirra hafa einkum snúið að atvinnumálum, kjarasamningum og endurreisn atvinnulífsins. Þá tóku SA þátt í ýmsum fundum og viðburðum í samvinnu við aðra aðila.

**Kynningarfundur um nýja kjarasamninga**

Samtök atvinnulífsins efndu til kynningarfundar fyrir félagsmenn samtakanna þann 10. maí um kjarasamningana sem undirritaðir voru 5. maí 2011. Fundurinn fór fram á Hótel Nordica og var vel sóttur en fundurinn var einnig sendur út á vefnum til aðildarfyrirtækja SA á landsbyggðinni.

**Aukum fjölbreytni í forystu**

Alþjóðaráðstefna Félags kvenna í atvinnurekstri, Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands fór fram á Hilton Reykjavík Nordica föstudaginn 13. maí. Ráðstefnan var liður í verkefni sem hófst með samstarfssamningi árið 2009 milli SA, Viðskiptaráðs, FKA, Creditinfo og fulltrúa allra stjórnmálaflokka um að auka hlutdeild kvenna í viðskiptalífinu. Fram kom á ráðstefnunni að konur væru enn í miklum minnihluta stjórnarmanna, þó stærstu fyrirtækin hafi aukið hlut þeirra síðustu árin.

**Fjárfestum í samgöngum**

Samtök atvinnulífsins héldu þann 29. júní opinn fund um mikilvægi þess að fjárfesta í samgöngubótum. Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ og fundarstjóri, lagði áherslu á mikilvægi hagvaxtar og fjárfestingar til að styrkja samkeppnishæfni atvinnulífsins og skapa störf. Ræðumenn á fundinum voru Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, Kristján Möller, alþingismaður og formaður iðnaðarnefndar, og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri Sambands sunnlenskra sveitarfélaga.

Samantekt frá fundinum má nálgast á vef SA en þar lagði Þorvarður m.a. til að ráðist yrði í 120 milljarða samgönguátak á landinu á næstu 12 árum sem m.a. yrði fjármagnað af lífeyrissjóðunum. Kristján Möller lagði til að ráðist yrði í flýtiframkvæmdir í kringum höfuðborgarsvæðið fyrir 40 milljarða króna á fjórum árum. Aukin fjárfesting og hagvöxtur væri leiðin út úr kreppunni og það væri ekki eftir neinu að bíða. Orri Hauksson sagði tækifæri blasa við í samgöngumálum sem yrði að nýta til að auka öryggi, skapa störf og efla hagvöxt. Framleiðsluslaki á Íslandi væri meiri en í tæpa hálfa öld og atvinnuleysi allt of mikið.

**Ryðjum hindrunum úr vegi**

Samtök atvinnulífsins efndu til opins umræðufundar um atvinnumál í Hörpu mánudaginn 26. september undir yfirskriftinni „Ryðjum hindrunum úr vegi – atvinnulíf í uppnámi." Þar fóru fulltrúar stærstu atvinnugreina landsins yfir hvað betur mætti fara í atvinnulífinu og helstu sóknarfæri. Vilmundur Jósefsson, formaður SA, flutti opnunarávarp og stýrði fundi en erindi frummælenda má nálgast á vef SA ásamt umfjöllun um fundinn.

Frummælendur voru Grímur Sæmundsen, varaformaður Samtaka atvinnulífsins, Kolbeinn Kolbeinsson, framkvæmdastjóri ÍSTAKS, Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu, Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ – Landssambands íslenskra útvegsmanna og Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Vilmundur vék að samskiptum SA við aðila















vinnumarkaðarins og ríkisstjórn Íslands. Hann sagði samskipti við verkalýðshreyfinguna hafa gengið vel en nú væri svo komið að hvorki væri hægt að taka mark á orðum ríkisstjórnarinnar né skriflegum yfirlýsingum hennar en allt frá því ríkisstjórnin hafi verið mynduð hafi Samtök atvinnulífsins reynt að fá hana til samstarfs um aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi, fjölga störfum og efla hagvöxt til að bæta lífskjörin í landinu. Því væri sjálfgefið að Samtök atvinnulífsins myndu ekki hafa frumkvæði að neinum frekari samskiptum við ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur.

„Ekki þarf að rekja þá sögu sem hófst með stöðugleikasáttmálanum í júní 2009, yfirlýsingum ríkisstjórnar undir lok þess árs og hélt svo áfram með yfirlýsingum um sátt í sjávarútvegsmálum og lauk með sérstakri skriflegri margra blaðsíðna yfirlýsingu sem gefin var út í tengslum við fyrrnefnda kjarasamninga í maí síðastliðnum.

Því miður hefur ríkisstjórn hvorki sýnt vilja né getu til að fylgja eftir og efna eigin yfirlýsingar. Samtök atvinnulífsins geta ekki treyst orðum hennar né skriflegum yfirlýsingum enda virðist þar allt á sömu bókina lært.“

*46 milljarða bati á ári*

Grímur Sæmundsen sagði að hægt væri að bæta þjóðarhag um 46 milljarða króna á ári með því að útrýma atvinnuleysinu og þá væri ekki verið að tala um hin almennu jákvæðu samfélagslegu áhrif sem slíkur árangur myndi hafa í för með sér. Rúmlega 11 þúsund manns væru án vinnu en með því að koma þeim til starfa væri hægt að bæta hag ríkis og sveitarfélaga um 26 milljarða króna á ári. Atvinnuleysi 11 þúsund manna og kvenna kosti einnig launagreiðendur um 20 milljarða króna á ári sem fjármagni atvinnuleysistryggingarsjóð. Þeir fjármunir gætu nýst til nýsköpunar, vöruþróunar og fjárfestinga í fyrirtækjunum og til að bæta stöðu á samkeppnismarkaði.

*Dýrkeypt að gera ekki neitt*

Kolbeinn Kolbeinsson, framkvæmdastjóri ÍSTAKS, sagði dýrkeypt að gera ekki neitt. Kolbeinn sagði tekjur Ístaks á Íslandi hafa dregist mikið saman undanfarin ár og það væri til marks um erfiða stöðu á innanlandsmarkaði að það hafi ekki verið fyrr en í september 2011 sem fyrsti nýi innlendi verksamningur ársins hafi verið undirritaður. ÍSTAK brást við samdrættinum með því að leita verkefna á erlendum mörkuðum en Kolbeinn sagði mikilvægt að hefja uppbygginguinnanlands og snúa þróuninni við. Atvinnuleysi væri að festast í sessi sem afleiðing af „það er öruggast að gera ekki neitt“ stefnunni.

Kolbeinn sagði í þjóðhagsspá treyst á að fjárfestingar atvinnuveganna muni sjá til þess að hagvöxtur fari vaxandi. Aðstæður væru hins vegar erfiðar, mjög háir vextir á Íslandi hamli fjárfestingu og vegna gjaldeyrishafta vilji útlendingar ekki koma með fé til landsins í fangið á óútreiknanlegu ríkisvaldi. Þá sé ekki raunverulegur vilji til þess að hleypa erlendu fé inn í landið og hindranir lagðar fyrir þá sem vilji koma hingað.

*Ný þjóðarsátt nauðsyn*

Margrét Kristmannsdóttir kallaði eftir nýrri þjóðarsátt og ríkisstjórn um þjóðarhag. „Ríkisstjórn með virkan þingmeirihluta, sem býr ekki við hótanir einstakra stjórnarliða í hverju málinu á eftir öðru. Ef þessi ríkisstjórn á að eiga einhverja möguleika á því – að sitja með sæmd út kjörtímabilið – verður Samfylkingin að stíga niður fæti – og neita að vera eins og meðvirkur maki í ofbeldishjónabandi. Við erum komin með þann stimpil – að hér sé áhættusamara að fjárfesta en í nokkru öðru landi í Vestur-Evrópu.“

Margrét fjallaði um þær hindranir sem ryðja þarf úr vegi til að hefja nýja atvinnusókn. Hún ræddi um Evrópumálin, stuðning SVÞ við aðildarumsókn Íslands að ESB og gjaldmiðilsmál Íslendinga auk þess að ræða þau tækifæri sem hægt er að nýta til að efla land og þjóð. „Það eru alltaf tækifæri og í núverandi stöðu leggjum við áherslu á að flytja verslun til landsins. Í fyrsta lagi með því að taka af krafti þátt í því starfi er snýr að fjölgun ferðamanna til landsins – ekki síst yfir vetrarmánuðina. Í öðru lagi viljum við

flytja inn verslun Íslendinga sem hið opinbera flytur úr landi með skattlagningu.“

Formaður SVÞ vék einnig að nauðsynlegum breytingum á úreltu vörugjaldakerfi og landbúnaðarkerfinu í ræðu sinni. Margrét sagði ýmislegt ganga vel í atvinnulífinu en staða margra væri þó alvarleg og við því yrði að bregðast. Hún hvatti því stjórnendur og stjórnmálamenn til að leggja sitt af mörkum til þess að snúa þróuninni við.

*Hægt að skapa hundruð nýrra starfa*

Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ – Landssambands íslenskra útvegsmanna, sagði á fundi SA að ef óvissunni um sjávarútveginn yrði eytt þá myndu fljótt skapast hundruð starfa í fjölda atvinnugreina. „Rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna gengur almennt vel og því ættum við að vera að fjárfesta af krafti með tilheyrandi margfeldisáhrifum á hagkerfið. Þess í stað hefur ríkisstjórnin komið málum þannig að fjöldi fólks gengur um atvinnulaust,“ sagði Adolf.

Adolf sagði að allt frá því núverandi ríkisstjórn var mynduð vorið 2009 og setti fram stefnu sína um svokallaða fyrningarleið hafi íslenskur sjávarútvegur verið í uppnámi. Hann gagnrýndi harðlega að enginn úr atvinnugreininni hafi verið fenginn að málum og engin fræðileg úttekt gerð á afleiðingum lagafrumvarps ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórn fiskveiða áður en það var lagt fram á Alþingi sl. vor. Með frumvarpinu væri markvisst stefnt að því að gera aflaheimildir útgerðanna verðlausar og færa þær til ríkisins með ómældu tjóni fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og íslenskt efnahagslíf.

Adolf benti á að samkvæmt lögum um ársreikninga og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þá bæri sjávarútvegsfyirtækjum að afskrifa allar keyptar aflaheimildir skv. frumvarpinu. Virði þeirra væri 181 milljarður. Yrði frumvarpið að lögum myndi það leiða til fjöldagjaldþrota í greininni. „Að sjálfsögðu hefur þetta allt orðið til þess að fjárfestingar í sjávarútvegi hafa verið í algjöru lágmarki.“

*Háskattalandið Ísland*

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, fjallaði um skatta og opinber útgjöld á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Hannes sagði Ísland vera háskattaland og opinber útgjöld einnig mikil. Ísland væri í hópi þeirra ríkja innan OECD sem verja hlutfallslega mestum fjármunum til almennrar opinberrar þjónustu, heilbrigðismála og menntamála. Ísland ver þriðja









hæsta hlutfallinu til opinberrar þjónustu, fjórða hæsta hlutfallinu til heilbrigðismála og hæsta hlutfallinu til menntamála.

Hannes sagði mikilvægt að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á Íslandi og stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs. Vænlegast til árangurs í opinberum fjármálum væri að stuðla að fjölgun skattgreiðenda og auknum umsvifum í hagkerfinu. Hvetja verði til nýsköpunar og fjárfestinga í atvinnulífinu sem leiði til fjölgunar starfa og dragi úr bótagreiðslum. Frekari skattahækkanir geti valdið efnahagslífinu skaða.



## Hvert stefnir Evrópa?

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins efndu til opins morgunverðarfundar föstudaginn 16. september á Hilton Reykjavík Nordica. Þar var rætt um stöðu atvinnulífsins í Evrópu og hagvaxtarhorfur ásamt mögulegum áhrifum á íslenskt efnahagslíf. Philippe de Buck, framkvæmdastjóri BUSINESSEUROPE (samtaka atvinnulífsins í Evrópu) flutti yfirgripsmikið erindi og tók þátt í umræðum ásamt Má Guðmundssyni, seðlabankastjóra, Árni Oddi Þórðarsyni, forstjóra Eyris og stjórnarformanns Marels og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, alþingismanni.







Auk þess að taka þátt í fundi SA og SI kynnti DeBuck sér starfsemi fjölmargra íslenskra framsækinna fyrirtækja.









*Útflutningsdrifinn hagvöxtur og sköpun nýrra starfa lykilatriði*

Philippe de Buck lagði í erindi sínu mikla áherslu á útflutningsdrifinn hagvöxt og sköpun nýrra starfa í einkageiranum ásamt því að ná aukinni hagkvæmni og sjálfbærni í rekstri hins opinbera. Hann sagði nýsköpun drifkraft efnahagslegra framfara og lagði áherslu á góð starfsskilyrði lítilla og meðalstórra fyrirtækja en sagði það ekki síður mikilvægt að leyfa þeim að stækka verulega og eflast. Hann benti t.a.m. á að lítil og meðalstór fyrirtæki í Evrópu eru almennt minni en sambærileg fyrirtæki í Bandaríkjunum. Þessu þarf að breyta að mati de Buck sem hvatti til þess að þátttakendur í atvinnulífinu hugsi stórt.

Philippe de Buck sagði mikilvægt að nýsköpun væri nýtt á öllum sviðum atvinnulífsins, hvort sem það er á sviði vísinda og tækni, hönnunar eða verslunar og þjónustu svo eitthvað sé nefnt. Hann sagði möguleika evrópskra fyrirtækja til að sækja fram mikla en því miður hafi það reynst mörgum þeirra erfitt að breyta vísindalegri þekkingu í verðmætar framleiðsluvörur eða þjónustu með nógu skjótum hætti. Úr því megi bæta með því bæta regluverk og stórefla iðn- og tæknimenntun sem atvinnulífið muni á endanum njóta. Þær þjóðir sem bjóði upp á bestu menntunina muni skara fram úr og bjóða upp á bestu lífskjörin. DeBuck notfærði sér tækifærið og kynnti sér starfsemi fjölmargra framsækinna íslenskra fyrirtækja.

*Evran og vandi Evrópu*

Philippe de Buck ræddi einnig um evruna og stöðu efnahagsmála í Evrópu. De Buck sagði Evrópu vissulega standa á krossgötum en evran sem notuð væri í 17 löndum hafi reynst vel til þessa og sköpun hennar hafi í raun verið pólitískt kraftaverk. Gjaldmiðillinn hafi hamlað verðbólgu og aukið hagvöxt með því að auðvelda verslun milli landa ásamt því að auka samkeppni og framleiðni.

De Buck sagði BUSINESSEUROPE vera fylgjandi evrunni en vanda þyrfti vel þær leiðir sem farnar verði út úr kreppunni í Evrópu. „Evran er ekki uppspretta kreppunnar," sagði de Buck „heldur óhófleg lántaka einstakra ríkja. Vandamál Grikkja, Íra og Portúgala hafa ekkert með evruna að gera heldur er vandi þeirra heimatilbúinn."

De Buck sagði nauðsynlegt að minnka skuldir ríkja í Evrópu, en það þyrfti að vanda vel til verka. Skera þurfi niður óþörf útgjöld á sama tíma og standa verði vörð um arðbæra fjárfestingu í innviðum sem aukið geti samkeppnishæfni ríkjanna til lengri tíma og aukið hagvöxt. Hann sagði það enga lausn að hækka eingöngu skatta til að mæta tímabundnum auknum útgjöldum.

*Ísland verði hluti af stóru myntbandalagi*

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris og stjórnarformaður Marels, tók þátt í umræðum á fundi SA og SI. Þar sagði hann m.a. að hann væri sannfærður um nauðsyn þess að Ísland verði hluti af stóru myntbandalagi. Rökréttast væri að Ísland gerðist aðili að evrunni þar sem 60% af útflutningi Íslendinga fari til Evrópulanda. Árni benti t.d. á að á Íslandi eru aðeins um 130 þúsund manns í fullu starfi á vinnumarkaði og sagði hann það sitt mat að það væru allt of fáir til að Ísland gæti rekið sjálfstæða peningastefnu. Útflutningsfyrirtækin fái megnið af sínum tekjum í evrum eða dollurum og sagði Árni það sitt mat að bæði beinn og óbeinn kostnaður af íslensku krónunni væri of mikill til þess að hægt væri að réttlæta notkun hennar. Þeir sem beri mestan kostnað af henni séu lítil fyrirtæki og heimili sem greiði fyrir vikið of mikinn fjármagnskostnað.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri fór vel yfir þá flóknu stöðu sem þjóðir Evrópu standa frammi fyrir en hann sagði það sitt mat að vandinn á evrópska bankamarkaðnum væri fyrst og fremst lausafjárvandi sem fælist einkum í skorti á dollurum. Már sagði það sitt mat að sá vandi sem við er að glíma í Evrópu sé krísa evrusvæðisins en ekki evrunnar sem slíkrar en ljóst væri að bregðast þyrfti við af festu.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, alþingismaður sagði ástandið á evrópskum fjármálamörkuðum grafalvarlegt og spár sumra stórnmálamanna og sérfræðinga um mögulega framvindu hrollvekjandi. Þorgerður sagði sorglegt að fylgjast með umræðunni hér heima og erlendis

þar sem ákveðnir aðilar hlakki yfir ástandinu vegna pólitískrar afstöðu til ESB. Það muni hins vegar allir tapa ef ekki takist að ná tökum á ástandinu og efnahagsumrótið í Evrópu snerti Ísland vissulega með beinum hætti. Þorgerður vék að aðildarumsókn Íslands að ESB og sagði það sína skoðun að þjóðin eigi að fá að kjósa um aðild að ESB að afloknum aðildarviðræðum. Stjórnmálamenn eigi að einbeita sér að því að ná sem bestum aðildarsamningi fyrir Ísland sem almenningur geti svo tekið afstöðu til.

**Ráðstefna um fjármálalæsi**
Stofnun um fjármálalæsi ásamt efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins efndu til ráðstefnu um fjármálalæsi í Þjóðmenningarhúsinu 9. september 2011. Markmið ráðstefnunnar var að stuðla að átaki um að bæta fjármálavitund í samfélaginu og finna leiðir sem best eru til þess fallnar að efla fjármálalæsi á Íslandi.

**Ráðstefna um þjónandi forystu**
Föstudaginn 14. október fór fram ráðstefna um þjónandi forystu í Skálholti. Þar var fjallað á fræðilegan hátt um hugmyndafræði þjónandi forystu og sjónum beint að nýtingu hennar á sviði heilbrigðismála, menntamála og í fyrirtækjum á almennum markaði. Sérfræðingar frá Hollandi og Danmörku fluttu fyrirlestra og íslenskir stjórnendur ræddu um starf sitt út frá hugmyndafræði þjónandi forystu. Þekkingarsetur um þjónandi forystu skipulagði ráðstefnuna en samstarfsaðilar voru Samtök atvinnulífsins og Arion banki.

**Hvar liggja mörkin?**
*Hvar liggja mörkin í skattheimtu? Áhrif á fólk og fyrirtæki* var yfirskrift fundar Deloitte, Samtaka fjárfesta, Kauphallarinnar og Samtaka atvinnulífsins sem fram fór 21. október sl. Skattastefna stjórnvalda var harðlega gagnrýnd á fundinum og hún beinlínis sögð skaðleg. Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta, velti því upp hvort ekki væri orðið tímabært að stofna samtök skattborgara en hann líkti eignaskattsstefnu stjórnvalda við eignaupptöku. Um 150 manns sóttu fundinn.



**Samfélagsábyrgð og sóknarfæri í atvinnulífinu**
Samtök atvinnulífsins, UNDP í Kaupmannahöfn, Íslandsstofa og Þekkingarsetur um samfélagsábyrgð fyrirtækja efndu til morgunverðarfundar og námskeiðs um samfélagsábyrgð þriðjudaginn 25. október á Grand Hótel Reykjavík. Leitað var svara við því hvernig samfélagsábyrgð í rekstri geti opnað ný viðskiptatækifæri og aukið veltu fyrirtækja. Fjöldi stjórnenda mætti til fundarins. Nánar er fjallað um fundinn í 4. kafla ársskýrslunnar.

**Rjúfum kyrrstöðuna**
Samtök atvinnulífsins gáfu út skýrslu föstudaginn 11. nóvember um hvernig rjúfa má kyrrstöðuna á Íslandi og bæta lífskjörin. Kynning á helstu atriðum hennar fór fram á opnum fundi SA í Hörpu en um 200 manns úr íslensku atvinnulífi sóttu fundinn auk þess sem fjölbreyttur hópur stjórnenda steig á stokk og fjallaði um efni skýrslunnar. Samantekt frá fundinum er á vef SA en þar má einnig nálgast rafrænt eintak skýrslunnar.

Vilmundur Jósefsson, formaður SA, og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA kynntu rit SA en auk þeirra tóku til máls Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður HS Orku, Björk Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Arion banka, Dagný Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Bláa Lónsins, Dofri Eysteinsson, framkvæmdastjóri Suðurverks, Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, Finnur Árnason, forstjóri Haga og Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri lögfræðideildar Eimskips.

*Rauða ljósið hefur logað of lengi á Íslandi*
„SA sætta sig hvorki við ástand efnahagsmálanna né horfurnar framundan. Spár benda til þess að hagvöxtur verði lítill, framkvæmdir í lágmarki, atvinnuleysi mikið og að hægt muni ganga að bæta lífskjörin. Þetta þarf ekki að vera svona.“ Þetta sagði Vilmundur Jósefsson, formaður SA, í upphafi fundarins og benti á að Samtök atvinnulífsins hafi ítrekað sent frá sér tillögur til að ná fram nauðsynlegum efna-



























hagsbata, auka hagvöxt, draga úr atvinnuleysi, minnka brottflutning fólks af landinu og bæta lífskjör á undanförnum misserum. Vilmundur sagði að því miður hafi íslensku þjóðinni ekki gengið vel að ná vopnum sínum eftir efnahagshrunið. „Það má segja að síðan þá hafi rauða ljósið logað samfellt á Íslandi og komið í veg fyrir nauðsynlega endurreisn efnahagslífsins," sagði hann en áréttaði að hægt væri að snúa þróuninni við og að því miðuðu tillögur SA. „Beri stjórnvöld gæfu til að fara að tillögum og ábendingum SA mun rauða ljósið slokkna, kyrrstaðan rofna og við horfa fram á betri tíð."

*Þurfum að gera miklu betur*

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, sagði þjóðina hafa dregist aftur úr í alþjóðlegum samanburði og gera verði miklu betur á fjölmörgum sviðum til að endurheimta töpuð lífskjör. Vilhjálmur sagði leiðina út úr kreppunni vera færa og Íslendingar geti unnið sig út úr vandanum á 3-4 árum ef atvinnulífið fái að blómstra. Vilhjálmur sagði þrjá kosti vera í gjaldmiðilsmálum Íslendinga, að halda krónunni, taka upp evru eða taka einhliða upp annan gjaldmiðil, t.d. danska krónu eða breska pundið. Vilhjálmur sagði ljóst að íslenska krónan hafi ekki verið fljótandi gjaldmiðill heldur sökkvandi.

*Fáránlegt vaxtastig hamlar fjárfestingu og hækkar verðlag*

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, sagði vaxtastig á Íslandi fáránlegt, það hamli fjárfestingu og hækki verðlag í landinu. Andri sagði íslensku krónuna rýra stórkostlega möguleika íslenskra iðnfyrirtækja til útflutnings og vísaði til skýrslu SA þar sem er bent á að krónan hafi nú aðeins 0,05% af því verðmæti sem hún hafði gagnvart dönsku krónunni árið 1920 eða frá því að hún öðlaðist sjálfstætt gengi.

„Með flöktandi gengi má líkja tilboðsgerð í erlendri mynt sem fjárhættuspili. Í tilboðsgerð þurfa íslensk iðnfyrirtæki að reikna sér talsvert áhættuálag auk þess sem fjármagnskostnaður er margfaldur á við samkeppnisaðila. Ölgerðin hefur að undanförnu skoðað fjárfestingu í vélbúnaði sem einkum yrði notaður til framleiðslu útflutningsvöru. Hátt vaxtastig krónunnar og óvissa í gengismálum útilokar í raun þesskonar fjárfestingu. Vaxtastig á Íslandi er fáránlegt, það hamlar fjárfestingu og hækkar verðlag í landinu."

Í skýrslu SA kemur fram að opinber útgjöld eru hæst á Íslandi af ESB löndunum og Ísland er því háskattaland. Andri setti þetta í samhengi við rekstur Ölgerðarinnar og hversu mikið fyrirtækið innheimtir fyrir ríkissjóð: „Velta fyrirtækisins (án vsk) á yfirstandandi ári er um 17,5 milljarðar króna. Af þeirri upphæð skilar Ölgerðin 6,4 milljörðum í ríkissjóð í formi áfengisgjalda, vörugjalda, staðgreiðslu skatta og tryggingargjalds. Þetta eru 36% af veltu fyrirtækisins.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins eru skattlagðar óhóflega. Fyrir tveimur árum voru sett á vörugjöld – svokallaður sykurskattur sem reyndar er ekki sykraðri en svo að hann legst á hreinan ávaxtasafa og kolsýrt vatn. Kókómjólkin var auðvitað ekki skattlögð þrátt fyrir hátt sykurinnihald. Áfengisgjöld hafa hækkað um það bil 45% frá árinu 2008. Sala á vodka hefur dregist saman um 36% á sama tímabili. Nú er enn lagt til að áfengisgjöld hækki. Er þetta framlag ríkisstjórnarinnar til eflingar heimaiðnaði? Landa- og spírasala hefur á sama tíma stóraukist og þess eru dæmi að veitingastöðum sé boðinn spíri til sölu á verði sem er talsvert lægra en áfengisgjöldin ein. Sala á bjór hjá ÁTVR minnkaði um 12% frá árinu 2008. Það er alveg ljóst að þessar aðgerðir eru ekki til að skapa ný störf á Íslandi," sagði Andri.

*Öflug nýsköpun í íslenskum orkuiðnaði*

Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður HS Orku, sagði í sínu erindi umtalsverða nýsköpun eiga sér stað í orkuiðnaði og á Íslandi sé mikil þörf fyrir vel menntaða sérfræðinga af ýmsu tagi. „Sem dæmi vil ég nefna að í orkuverum HS Orku í Svartsengi og á Reykjanesi hafa verið framkvæmd fjölmörg flókin verk og tæknimál leyst, á máta sem aldrei hefur verið gert áður, hvergi í veröldinni."

Ásgeir sagði eitt stærsta nýsköpunarverkefnið í jarðhitaiðnaði vera djúpborunarverkefnið svokallaða, en með því er vonast til að unnt verði að vinna mun meiri orku á hverjum stað en nú er. „Framgangur þess er að mínu mati algjörlega háður frekari uppbyggingu jarðhitaiðnaðar, því eitt leiðir af öðru í þróunarstarfi. Með öðrum orðum, ef ekki verður frekari uppbygging í jarðhitaiðnaði á Íslandi tel ég þess langt að bíða að djúpborunarverkefnið komist af rannsóknar- og þróunarstigi."

Í erindi sínu áréttaði Ásgeir að orkulind verði ekki að auðlind fyrr en við nýtingu. „Með nýtingu orkulinda landsins erum við ekki að eyða upp forðanum og taka frá framtíðarkynslóðum. Með skynsamlegri nýtingu er unnt að framleiða í marga-marga áratugi og jafnvel árhundruð.

Orkufyrirtæki framleiða ekki orku fyrir sjálf sig. Orkufyrirtæki framleiða orku fyrir samfélagið allt; heimili, stofnanir og fyrirtæki, stór og smá. Nýting hreinna, endurnýjanlegra orkulinda gefur okkur Íslendingum veruleg tækifæri til atvinnusköpunar og velmegunar, sem vonandi getur orðið til þess að við verðum betur samkeppnishæf við umheiminn og að börn okkar og barnabörn vilja búa í landinu til framtíðar, við góð kjör."

*Eiginfjárstaða bankanna sterk*

Björk Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Arion banka, sagði á fundi SA eiginfjárstöðu íslensku bankanna sterka. Margt hafi áunnist á síðastliðnum þremur árum og fljótt ættu að geta skapast forsendur fyrir fjármálakerfið til að styðja við framgang og fjárfestingu fyrirtækja hér á landi. „Útlánageta er til staðar og sé rétt á málum haldið getur hagkvæmt og skilvirkt fjármálakerfi lagt sitt af mörkum við að rjúfa kyrrstöðu og stuðlað að uppbyggingu blómlegs atvinnulífs."

Björk sagði að eyða þurfi óvissu í rekstrarumhverfi fyrirtækja á fjölmörgum sviðum, t.d. ríki skaðleg óvissa um skattaumgjörð hér á landi og hækkun skatta á fyrirtæki og fjármálastofnanir dragi úr samkeppnishæfni þeirra. Björk ræddi einnig um gjaldeyrishöftin í þessu samhengi. „Höftin eru íþyngjandi í rekstri fyrirtækja og koma fram m.a. í því að nokkur af öflugustu iðnfyrirtækjum landsins sem starfa á alþjóðamörkuðum hafa fært bankaviðskipti – og jafnvel kauphallarviðskipti – sín út fyrir landsteinana. Regluverk hefur gert fyrirtækjum og fjárfestum erfitt fyrir."

*Byggja þarf upp hvetjandi umhverfi fyrir fjárfestingar og eyða óvissu*

Dagný H. Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Bláa lónsins, ræddi um nauðsynlega hvatningu og hvata í atvinnumálum. „Það er mikill hugur og uppgangur í ferðaþjónustu á Íslandi. Stjórnvöld og ferðaþjónustufyrirtæki hafa tekið höndum saman, snúið ógn upp í tækifæri og náð frábærum árangri í landkynningu á síðustu mánuðum. Í því samhengi er mikilvægt að einblína ekki einungis á fjölda ferðamanna heldur einnig hvers konar ferðamenn við sækjum og muna það að okkar mikilvæga auðlind og söluvara landsins, náttúran, er viðkvæm, takmörkuð og þarf því að vernda og fjárfesta í."

Dagný sagði afar brýnt að ráðast í metnaðarfullar fjárfestingar í innviðum ferðaþjónustunnar til að styðja við áframhaldandi vöxt þessarar atvinnu- og gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar. Á sama tíma beri okkur að vernda okkar mikilvægu söluvöru og bygga upp gæði hennar til að mæta kröfum og væntingum gesta okkar í framtíðinni. „Ég tek því af heilum hug undir þau tilmæli Samtaka atvinnulífsins að byggja þurfi upp hvetjandi umhverfi fyrir fjárfestingar, eyða óvissu, t.d. með því að setja fram skynsamlega og í senn sanngjarna skilmála um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi."

Dagný kallaði eftir því að stjórnvöld innleiði nauðsynlega hvata inn í núverandi atvinnuleysisbótakerfi þar sem mikið áhyggjuefni væri að á sama tíma og atvinnuleysi væri í hæstu hæðum reynist fyrirtækjum erfitt að manna ákveðnar stöður.

*Enginn verksamningur í hendi og ástandið svart*

Dofri Eysteinsson, framkvæmdastjóri Suðurverks, sagði mikilvægt að rjúfa kyrrstöðuna í mannvirkja- og vegagerð á Íslandi. „Kátir dagar koma og fara," sagði Dofri sem hefur verið eigandi og framkvæmdastjóri Suðurverks frá 1967 en hann hefur upplifað ýmsar sveiflur í gegnum tíðina. Hann greindi frá því að Suðurverk væri í fyrsta sinn með engan verksamning í hendi og horfurnar svartar ef ekki yrði brugðist við.

Þegar mest var störfuðu um 300 manns hjá Suðurverki en þá var m.a. unnið að stíflugerð við Kárahnjúka og við álverið á Reyðarfirði. Dofri sagði fyrirtækið vera 15% af því sem það var þegar það var stærst. Dofri sagði atvinnu þeirra sem enn starfa í greininni hafa dregist saman og tekjur minnkað og því hafa fjölmargir haldið til Noregs þar sem næga vinnu er að fá og góðar tekjur. Oftar en ekki starfsfólk með dýrmæta sérþekkingu.

„Þetta lítur alls ekki vel út. Ástandið er mjög svart ef það eru engar vega- eða virkjanaframkvæmdir framundan," sagði Dofri á fundinum og hvatti stjórnmálamenn til að opna augu sín fyrir vanda greinarinnar, fyrirtækja innan hennar og starfsfólks þeirra. Staðan væri mjög alvarleg sem ekki væri hægt að afgreiða sem „nöldur í einhverjum gröfuköllum."

*Sjávarútvegurinn getur leikið lykilhlutverk í endurreisn efnahagslífsins*

Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, sagði sjávarútveginn að mörgu leyti vel í stakk búinn til að vera hryggjarstykkið í efnahagslegri endurreisn Íslands. Reksturinn gangi að mörgu leyti vel, en fjárfestingar vanti. Það sé afar bagalegt eins og bent er á í skýrslu SA. „Enda













eru fjárfestingar annars vegar lykill að meiri verðmætasköpun til langs tíma og hins vegar atvinnuskapandi á framkvæmdatíma.“

En hvað veldur? spurði Eggert. „Um er að kenna óvissu í rekstrarumhverfinu, sem aftur er að kenna fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þegar stjórnin komst valda, lá fyrir að ráðist yrði í breytingar. Ólík sjónarmið voru þó uppi um efni breytinganna og var skipuð fjölmenn sáttanefnd til að vinna að sameiginlegum tillögum. Að fengnum þeim tillögum var ráðist í frumvarpsgerð, sem unnin var án nokkurs samráðs við greinina og tók lítið mið af niðurstöðum sáttanefndarinnar. Úr varð frumvarp, sem hefur fengið falleinkunn allra sem um hafa fjallað, þ.ám. ASÍ og hagfræðinganefndar, sem ráðherra sjálfur skipaði.“

Eggert benti á að unnið væri að gerð nýs frumvarps en enn væri sami háttur hafður á, þ.e. ekkert samráð haft við greinina. Eggert sagði þetta skaðleg vinnubrögð sem skili engum árangri. „Með bættum vinnubrögðum og samstilltri vinnu allra sem hlut eiga að máli, væri þó hægt að snúa þessari sneypuför við. Slíkt myndi skila mun betri ávinningi fyrir alla, jafnt fyrirtækin í greininni sem þjóðina í heild, og leggja grunn að þeim stöðugleika, þeirri uppbyggingu og þeim fjárfestingum, sem sjávarútvegurinn getur lagt þjóðinni til.“

*Kjötskortur reyndist íslenskum neytendum dýr*

Finnur Árnason, forstjóri Haga, sagði í sínu erindi stjórnvöld loka augunum fyrir þeirri augljósu staðreynd að framleiðendur hafi í skjóli tollverndar og innflutningshafta, hækkað verð á allri kjötvöru til íslenskra heimila langt umfram verðlagsþróun. Finnur ræddi um verðhækkanir í kjölfar kjötskorts sumarið 2011 en verslanir fengu eingöngu brot af því kjöti afgreitt sem þær pöntuðu. Finnur sagði hægt að áætla að lán heimilanna hafi hækkað um 7,6 milljarða vegna kjötskortsins og takmarkana á innflutningi.

Finnur sagði sagði verslunina vilja sátt við bændur um breytingar á því kerfi sem nú er við lýði. Þá sagði hann fjölda vara í matvöruverslunum vera margskattlagðar og því verði að breyta. Landsmenn búi við vörugjöld, magntolla, verðtolla og virðisaukaskatt. „Stjórnvöld lögðu á yfirstandandi kjörtímabili svokallaðan sykurskatt á hreint íslenskt vatn. Geri aðrir betur. Einangrun, höft og óhófleg skattlagning í verslun með sjálfsagðar neysluvörur heimilanna er tímaskekkja. Hún er dýr fyrir heimilin og í mörgum tilfellum falin. Stjórnvöld verða að horfa á frjálsa verslun sem öflugt verkfæri til þess að styrkja efnahag heimilanna og þar með íslenskt atvinnulíf.“



*Traustur hlutabréfamarkaður mikilvægur í uppbyggingunni*

Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri lögfræðideildar Eimskips, sagðist telja mikilvægt að koma á fót öflugum, traustum, skilvirkum og fjölbreyttum hlutabréfamarkaði á Íslandi. Þörf væri á auknum fjárfestingum á öllum sviðum í ljósi þess að fjárfestingar væru nú minni en þær hafa verið síðastliðin 70 ár. Virkur hlutabréfamarkaður sé mikilvæg forsenda þess að fjárfestingar taki við sér en læra þurfi af fortíðinni og byggja upp traust á ný. Tímabært sé að horfa til framtíðar og láta verkin tala.

„Við hrunið árið 2008 hefði ekki hvarflað að mér að 3 árum síðar værum við ekki komin lengra í uppbyggingu en nú er raunin. Vissulega hefur ýmislegt áunnist en ég held að ég sé ekki ein um þá skoðun að uppbyggingin gengur alltof hægt og tafir á uppbyggingu kosta okkur meir en margan grunar – svo ég tali nú ekki um sálarleg áhrif kyrrstöðunnar, og áhrif þess að horfa sífellt í baksýnisspegilinn í stað þess að horfa fram á við. Með þessu á ég að sjálfsögðu ekki við að við eigum að gleyma fortíðinni, síður en svo, við eigum og verðum að læra af henni en við getum ekki dvalið við hana lengur. Við verðum að bretta upp ermar, horfa fram á við og flýta uppbyggingu – og við þurfum alla vinnufæra menn og konur á árarnar.“

## Fundir SA um atvinnumál á Norður- og Austurlandi

Samtök atvinnulífsins efndu til opinna funda um stöðu atvinnulífsins og horfur í efnahagsmálum á Akureyri, Húsavík og Reyðarfirði í nóvember. Um 130 manns sóttu fundina en lífleg öflug umræða fór fram meðal fundargesta um þau tækifæri sem við blasa í atvinnulífinu og verður að nýta til þess að þjóðin komist út úr kreppunni. Til dæmis uppbyggingu fjölbreyttra iðnfyrirtækja og hvers

kyns þjónustu, auk mikilvægis þess að skapa skilyrði til aukinna fjárfestinga í sjávarútvegi sem skipta landsbyggðina miklu máli.

Einnig var talsvert rætt um skort á tæknimenntuðu starfsfólki og nauðsynlegar breytingar á skólakerfinu til að auka samkeppnishæfni þjóðarinnar. Þá var rætt um krónu, evru og mögulega einhliða upptöku ýmissa gjaldmiðla og sýndist sitt hverjum. Ríkur vilji kom fram um að efla vetrartengda ferðaþjónustu á landsbyggðinni en forsenda þess er m.a. að samgöngur verði styrktar og byggðarlög tengd betur saman, t.d. með nýjum Vaðlaheiðargöngum og fækkun einbreiðra brúa sem eru stórhættulegar.

**Alþjóðleg athafnavika 2011**

Alþjóðleg athafnavika 2011 hófst þann 14. nóvember á Íslandi og um allan heim, en um er að ræða hvatningarátak til nýsköpunar. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, var einn af talsmönnum vikunnar. Boðið var upp á fjölda viðburða til að kynna fólki leiðir til að nýta hæfileika sína til nýsköpunar, athafnasemi og frumkvöðlahugsunar. Nemendur, frumkvöðlar, stjórnendur, starfsmenn fyrirtækja, stjórnmálaleiðtogar og margir fleiri tóku þátt í athafnavikunni. Sjá nánar á www.athafnavika.is.

**Hleðslutækjahaldari líklegur til framleiðslu**

Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, afhenti þann 15. nóvember verðlaun í fjórum flokkum Snilldarlausna Marel, hugmyndasamkeppni framhaldsskólanna, fyrir árið 2011. Samtök atvinnulífsins veittu sérstaka viðurkenningu fyrir þá hugmynd sem líklegust er til framleiðslu en um er að ræða hleðslutækjahaldara sem mun án efa einfalda líf margra. Það voru nemendur í Menntaskólanum á Akureyri sem áttu hugmyndina en frumgerðin er búin til úr skyrdós. Keppnin gengur út á að gera sem mest virði úr einum hlut en hægt er að horfa á sigurlausnirnar á www.snilldarlausnir.is. Nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja áttu Snilldarlausnina árið 2011, frumlegasta hugmyndin kom úr Menntaskólanum í Reykjavík og flottasta myndbandið kom úr Verzlunarskóla Íslands.

Hátækni- og nýsköpunarfyrirtækið Marel er bakhjarl keppninnar en Samtök atvinnulífsins hafa stutt keppnina frá upphafi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur einnig sýnt keppninni mikinn stuðning og veitt kærkomna aðstoð.

**Innanlandsflug í hættu vegna mikilla skattahækkana**

Árlegur skattadagur Deloitte, Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins og viðskiptablaðs Morgunblaðsins fór fram 10. janúar 2012. Þar sagði Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, m.a. að miklar skatta- og gjaldskrárhækkanir á innanlandsflug á undanförnum árum leiði til þess að Flugfélag Íslands verði að draga úr umsvifum og minnka þjónustu. Ekki sé hægt að hækka fargjöld til að mæta þessum hækkunum en opinber gjöld á Flugfélag Íslands hafa hækkað úr 206 milljónum króna árið 2009 í 443 milljónir árið 2012 eða um 114%. Á sama tíma hefur farþegum fækkað um 2% og starfsmönnum félagsins fækkað þrátt fyrir aukningu í flugi til Grænlands.

Bogi segir fáheyrt að innanlandsflug á Íslandi þurfi að borga bæði kolefnisgjald af eldsneyti og útblæstri, en um það séu fá eða engin dæmi í heiminum. Hann segir kapp best með forsjá í skattlagningu á ferðaþjónustuna og bendir á að ferðaþjónustan hafi fengið sinn skerf af skattahækkunum frá 2008. Auknar álögur hafi bein áhrif á samkeppnishæfni ferðaþjónustu á Íslandi – samkeppni um erlenda ferðamenn sé gríðarleg – einkum yfir vetrartímann.

**Hvað er samfélagsábyrgð fyrirtækja?**

Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja og Samtök atvinnulífsins efndu til morgunverðarfundar miðvikudaginn 15. febrúar 2012 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Fjallað var um samfélagsábyrgð fyrirtækja út frá sjónarhorni fræðimannsins, fyrirtækja og neytenda. Róbert H. Haraldsson prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands, Anna Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri tæknisviðs Símans og stjórnarformaður Festu, Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar og Brynhildur Pétursdóttir ritstjóri Neytendablaðsins fluttu erindi en um 130 manns sóttu fundinn. Nánar er fjallað um fundinn á vef Festu: www.festacsr.is







**Fjölbreytni í forystu og góðir stjórnarhættir skipta máli**

Fimmtudaginn 8. mars 2012 efndi fjölbreyttur hópur úr atvinnulífinu til morgunverðarfundar á Hilton Reykjavík Nordica til að fjalla um mikilvægi góðra stjórnarhátta og fjölbreytni í stjórnum. Á fundinum voru gefnar út nýjar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Í september 2013 taka gildi ný lög sem kveða á um að hlutfall hvors kyns verði aldrei lægra en 40% í stjórnum stærri fyrirtækja. Á fundinum kom fram að alls falla 285 fyrirtæki undir löggjöfina en af þeim uppfylla 45% ákvæði laganna nú þegar. 55% fyrirtækjanna þurfa því að bæta konu eða konum í stjórnina en eitt fyrirtæki þarf að bæta við karli í stjórnina. Á fundinum var lagður fram listi yfir 200 öflugar konur sem bjóða fram krafta sín til setu í stjórnum íslenskra fyrirtækja en hann má nálgast á vef FKA.

Tilkynnt var á fundinum um aðgerðir Samtaka atvinnulífsins til að fjölga konum í stjórnum lífeyrissjóða en löggjöfin um kynjakvóta nær einnig til 32 lífeyrissjóða landsins. Samtök atvinnulífsins hafa á undanförnum árum unnið markvisst að því að jafna kynjahlutföll í stjórnum þeirra lífeyrissjóða sem SA tilnefna stjórnarmenn í. Að loknum aðalfundum sjóðanna vorið 2012 munu konur skipa 44% sæta SA. Aðeins vantar 1-2 konur í viðbót til að alveg jafnt kynjahlutfall náist meðal 25 fulltrúa Samtaka atvinnulífsins í stjórnum sjóðanna. Það mun nást á næsta ári þegar 10 sæti koma til tilnefningar og lokaskrefið verður stigið til að jafna hlut kynjanna. Þá verða konur 12 eða 13 af 25 stjórnarmönnum SA, þ.e. annað hvort 48% eða 52%.

Birna Einarsdóttir, formaður SFF, tók þátt í umræðum um góða stjórnarhætti á fundinum. Hún sagði talsverða vinnu hafa átt sér stað innan SFF á þessu sviði og að það væri hluti af áhættumati fjármálafyrirtækja hvernig stjórnendateymi þeirra störfuðu. Aðspurð hvort fyrirtæki sem fylgja góðum stjórnarháttum og eru með jöfn kynjahlutföll í stjórn ættu að fá betri lánakjör sagði Birna að svo ætti að vera ef þessir þættir leiddu til þess að áhætta tengd lánveitingunni yrði minni.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, ræddi áherslur Icelandair í þessum málum og sagði augljóst að góðir stjórnarhættir væru til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins. Til að ýta frekar undir bætt vinnubrögð þyrfti hvata og nefndi Björgólfur þar m.a. kröfur lánveitenda og fagfjárfesta í þá veru.

**Ráðstefna um möguleika í atvinnumálum á Snæfellsnesi**

Föstudaginn 30. mars efndu Samtök atvinnulífsins og Þróunarfélag Snæfellinga í samstarfi við Atvinnuráðgjöf Vesturlands til ráðstefnu á Hótel Stykkishólmi um möguleika í atvinnumálum á Snæfellsnesi. Á ráðstefnunni var m.a. fjallað um sjávarklasann og vaxtarmöguleika í sjávarútvegi á Snæfellsnesi, nýsköpun í vinnslu sjávarfangs og samstarf vinnslustöðva og rannsóknarstofnana, orkunýtingu til atvinnuuppbyggingar, ferðaþjónustu og afþreyingu allt árið.

Frummælendur voru Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, Sjöfn Sigurgísladóttir frá Íslenskri matorku, Sveinn Margeirsson forstjóri Matís, Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Rósa Guðmundsdóttir hjá G. Run hf. og Friðrik Pálsson hótelhaldari Hótel Rangá. Að loknum framsöguerindum var fjallað um uppbyggingu atvinnulífs á Snæfellsnesi í vinnuhópum sem Björg Ágústsdóttir ráðgjafi hjá Alta stýrði. Ráðstefnan var vel sótt og heppnaðist dæmalaust vel.

# REKSTUR SA, INNRA STARF OG SKIPULAG

## 11.1 STÖRF AÐALFUNDAR

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, fimmtudaginn 7. apríl 2011. Vilmundur Jósefsson formaður SA bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn kl. 13. Rannveig Rist var kjörinn fundarstjóri og Guðrún Eyjólfsdóttir fundarritari. Fram fóru venjuleg aðalfundarstörf. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, gerði grein fyrir ársskýrslu SA og kynnti reikninga samtakanna sem voru samþykktir samhljóða. Þá fór Vilhjálmur yfir stöðu kjaraviðræðna og horfur í efnahagsmálum.

Rakel Olsen formaður kjörstjórnar greindi frá niðurstöðu í formannskjöri Samtaka atvinnulífsins en Vilmundur Jósefsson var endurkjörinn formaður SA starfsárið 2011–2012 með 94% greiddra atkvæða. Um var að ræða rafræna kosningu meðal aðildarfyrirtækja SA og var þátttaka góð.

### Breytingar á stjórn SA

Þá lýsti Rakel Olsen kjöri stjórnar SA fyrir starfsárið 2011–2012. Ný inn í stjórn samtakanna komu þau Tryggvi Þór Haraldsson, RARIK, Kristín Pétursdóttir, Auði Capital og Hermann Guðmundsson, N1. Úr stjórninni gengu Franz Árnason, Norðurorku, Ásbjörn Gíslason, Samskipum og Gunnar Sverrisson, ÍAV. Stjórn SA er skipuð 20 manns auk formanns. Stjórn SA mótar stefnu og megináherslur samtakanna, m.a. fyrir gerð almennra kjarasamninga.

Samþykkt var að fela PwC að sjá um endurskoðun reikninga Samtaka atvinnulífsins á komandi starfsári.

### Atvinnuleiðin út úr kreppunni

Opin dagskrá aðalfundar SA hófst kl. 14 undir yfirskriftinni *Atvinnuleiðin út úr kreppunni.* Um 400 stjórnendur úr íslensku atvinnulífi mættu til fundarins og hlýddu á ávörp formanns SA og forsætisráðherra. Þá fjölluðu fjórir öflugir stjórnendur um mikilvægi þess að atvinnuleiðin verði farin á Íslandi. Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri 3X Technology, Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Já, Guðmundur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri EFLU verkfræðistofu og Ingibjörg G. Guðjónsdóttir, stjórnarformaður Íslenskra fjallaleiðsögumanna horfðu til framtíðar og sýndu fram á þau fjölmörgu tækifæri sem eru til staðar ef atvinnulífið fær að blómstra. Hægt er að horfa á erindi frá aðalfundinum á vef SA.



### Atvinnulífið undirstaða velferðar

Vilmundur Jósefsson, formaður SA, kom víða við í ræðu sinni, ræddi m.a. stöðu kjaraviðræðna, nauðsynlegan viðsnúning í efnahagslífinu og samskiptin við stjórnvöld. Vilmundur sagði aðeins eina leið vera færa út úr kreppunni, en það væri atvinnuleiðin, með kröftugri uppbyggingu atvinnulífsins. Aðeins þannig mætti skjóta styrkum stoðum undir velferðarkerfið og koma í veg fyrir aukinn hallarekstur ríkissjóðs og frekari niðurskurð á opinberri þjónustu.

